

# TÍUNO

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2015

## Álagning einstaklinga 2015

## Heimagaisting

Framtalsskil orðin  
rafræn að fullu

Helstu stærðir úr skattframtali  
rekstraraðila

# „að vera í takt við tímann..“

Ríkisskattstjóri hefur á undanförunum árum aðlagð vinnubrögð og þjónustu embættisins að nútímalegri tækni með rafrænni þjónustu. Með því móti hafa starfshættir verið sniðnir að breyttum tíðaranda þar sem verkefnum stofnunarinnar er sinnt á annan hátt. Rafræn úrvinnsla skattframtala hefur breytt stjórnsýslu embættisins til muna og gert hana öruggari og hraðvirkari en um leið notendavænni. Árangurinn hefur skilað sér í stórstíggum framförum til betri og skilvirkari þjónustu.

Rafræn skil skattframtala einstaklinga eins og þau hafa verið þróuð á síðustu árum hafa sýnt sig að vera vel heppnuð og árangursrík. Framteljendur sjálfir, viðskiptavinir RSK, hafa þannig valið þá leið að skila skattframtali rafrænt frekar en á pappír. Fram að þessu hefur verið unnt að nota hvora leiðina sem er, skila með rafrænum hætti eða á pappír. Rafrænu skilin slógu nýtt met á árinu 2015 þegar þau voru 99,74% af öllum skiluðum skattframtölum. Aldrei áður hefur jafnmörgum skattframtölum verið skilað á þennan hátt. Rafræn skil eru að flestra mati mun þægilegri enda fljótlegri, einfaldari og öruggari að öllu leyti sem ugglaustr er aðalástæða þess að mikill meirihluti framteljenda hefur valið þá leið til að sinna þeirri lögbundnu skyldu hvers manns að skila skattframtali árlega.

Leiðrétting á verðtryggðum húsnæðislánum á árinu 2014 og framan af þessu ári er eitt af mest krefjandi verkefnum sem ríkisskattstjóra hefur verið falið. Sú lagalega umgjörð sem því verkefni var búin gerði ráð fyrir að stjórnsýslan við það, umsóknarferlið, úrvinnsla og birting niðurstaðna væri að öllu leyti rafræn og ekki var heimild í lögnum til að taka á móti umsóknum á pappír. Sá tónn sem löggjafinn sló þá gerði að verkum að unnt var að leysa þetta óvenjulega og erfiða verkefni innan þess tímaramma sem því var settur. Hefði stjórnsýslan verið byggð á lausnum 19. aldar hefði reynst útilokað að ljúka verkinu á þeim tíma sem löggjöfin mælti fyrir um.

Stjórnsýsla sú sem ríkisskattstjóra er falin samkvæmt lögum hefur þannig tekið stórstíggum framförum á undanförunum árum og viðskiptavinir hafa orðið þess varir að rafræn stjórnsýsla hefur tekið við af pappírflóði. Rafræn stjórnsýsla og þjónusta felast þó ekki einvörðungu í því að losna við pappír heldur miklu frekar að auðvelda viðskiptavinum að eiga samskipti og jafnframt að gera stjórnsýsluna sjálfa þægilegri, skilvirkari og auðveldari frá degi til dags. Ekki þarf lengur að fara bæjarleiðir til að sækja upplýsingar eða pappírseyðublöð. Flestar stofnanir hérlendis leita leiða til að spara fólki sporin og sjá til þess að vefsíður hafi að geyma nauðsynlegar upplýsingar og að þær séu gagnvirkar. Hjá RSK hafa lausnir og upplýsingar sem nálgast má á heimasíðu létt óþarfa umstangi af fjölmörgum viðskiptavinum. Á þeim vettvangi er sífellt verið að leita leiða við að birta meiri upplýsingar og betri lausnir til að mæta þörfum viðskiptavina.

Ríkisskattstjóri hefur lagt ríka áherslu á að framteljendum væri gert eins auðvelt og frekast væri kostur að skila framtali rafrænt en þó einnig haldið því opnu að tekið væri við pappír frá þeim sem enn hafa haldið sig við slíkan framtalsmáta. Horfa ber þó til þess að stjórnvöld hafa á síðustu árum stefnt markvisst að því að færa stjórnsýsluna inn á svið rafrænna lausna eftir því sem kostur er. Sé horft til þeirrar reynslu sem viðskiptavinir RSK hafa af netframtali, Leiðréttingunni og ýmsum öðrum rafrænum lausnum sem hafa verið í boði og nú er unnið að því að þróa frekar, hlýtur að koma alvarlega til álita að færa almenna þjónustu og stjórnsýslu ríkisskattstjóra í mun meira mæli og hraðar inn á rafrænar brautir. Reynsla af framtalsskilum síðustu ára sýnir ótvírætt að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar kys rafræn samskipti og sparar sér þannig tíma og fyrirhöfn. Því verður að skoða alvarlega hvort nú sé tímabært að bjóða eingöngu upp á rafræn skil á skattframtölum. Slíkt er augljóslega hagkvæmari lausn

## TÍUND

OKTÓBER 2015 - BLAÐ NR. 69

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd er frá Akureyri og hana tók Gunnar Karlsson.



og á tímum almennra krafna um aðhald í rekstri hins opinbera er vart ásættanlegt að örfáir framteljendur geti kafið stjórnvöld um að viðhalda úreltum vinnubrögðum eða aflagðri þjónustu.

Á árinu 1987, við upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda, var farið að nota skattkort. Hlutverk skattkorta er hvorki margbrotið eða flókið en þau segja til um þann persónuafslátt sem hver launamaður á rétt á að nýta sér á staðgreiðsluári. Þegar skattkortin voru tekin í notkun var almennt álitnið að hver launamaður yrði að sanna skriflega fyrir launagreiðanda sínum hvaða persónuafslætti hann ætti rétt á. Skattkortum hefur alltaf fylgt umstang og fyrirhöfn, bæði hjá launagreiðendum og launamönnum, en það þótti framan af ekki vera sérstakt tiltökumál enda í takt við aldarandann að bera pappír á milli stofnana og fyrirtækja. Nú er þetta löngu liðinn tími og skattkortin orðin að nátttrölili í skattframkvæmdinni og tímabært að leita annarra lausna. Hillir undir að um næstu áramót verði skattkortin lögð niður og nýting og meðferð persónuafsláttar verði rafræn. Þar með falla skattkortin í þann flokk skattframkvæmdarinnar að vera hluti af liðnum tíma sem rafræn þjónusta leysir af hólmi.

Stofnun hlutafélaga og tilkynningar um ýmsar breytingar á rekstri þeirra hefur til þessa verið á pappírformi í samræmi við stjórnsýsluhætti fyrri hluta síðustu aldar. Ríkisskattstjóri hefur á síðustu misserum unnið að breytingum þar á svo unnt sé að nútímavæða stofnun lögaðila og viðhald hlutafélagaskrár. Að undangengnu útboði var tekin ákvörðun um að ganga til samninga við Advania um smíði á nýju tölvukerfi sem mun halda utan um rafræna stofnun og skráningu lögaðila. Stefnit er að því að ný rafræn fyrirtækjaskrá verði tekin í notkun á fyrri hluta næsta árs. Í henni mun öll hefðbundin skjalagerð fara fram rafrænt þar sem komið er í veg fyrir mistök viðskiptavina við skráningu með viðeigandi hugbúnaði og þar með reynist unnt að flýta skráningu. Þetta breytta fyrirkomulag mun jafnframt auka getu embættisins til að



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Ingvar J. Rögnvaldsson**  
vararíkisskattstjóri

viðhalda skrá yfir fyrirtæki, bæta þjónustu og auka um leið eftirlit með stofnun félaga og sporna við þeirri alvarlegu meinsemd sem kennitölufylling er í okkar samfélagi. Rafræn þjónusta og eftirfylgni eru vísir að því að tryggja enn meiri áreiðanleika.


Allt ber þetta að sama brunni. Stjórnsýslan, eins og önnur manna verk, verður að vera í takt við tíðarandann hverju sinni, en sé ekki jafnframt horft fram á veginn leiðir það til þess að setið er í sama farinu. Listamennirnir sem skipa hljómsveitina Stuðmenn kunnu að orða þetta í þekktum söngtexta þar sem höfundarnir voru að malda í móinn við þróun tímans; – *Að vera í takt við tímann er mjög tímafrekt, til þess þarf ástundun og góða eftirtekt. Að vera í takt við tímann getur tekið á, að vera up to date er okkar innsta þrá.* – Ríkisskattstjóri ætlar þrátt fyrir þessi aðvörunarorð að láta sig hafa það að fylgja þróun tímans og efla rafræna stjórnsýslu sem mest er unnt. Með þeim hætti er þjónusta og skilvirkni skattýfirvalda best tryggð fyrir almenning og fyrirtæki í landinu.

<b>Leiðarinn</b> .....	<b>2</b>
<b>Breytingar á skipulagi</b> .....	<b>4</b>
<b>Framtalskil að verða rafræn að fullu</b> .....	<b>6</b>
<b>Við lok Leiðréttingar</b> .....	<b>9</b>
<b>Helstu stærðir úr skattframtali rekstraraðila</b> .....	<b>12</b>
<b>UTmessan 2015</b> .....	<b>15</b>
<b>Heimsókn iðnaðar- og viðskiptaráðherra</b> .....	<b>16</b>
<b>Staða íslenskra fyrirtækja árið 2013</b> .....	<b>18</b>
<b>Rafræn stjórnsýsla</b> .....	<b>20</b>

<b>Haustrfundur stjórnenda</b> .....	<b>24</b>
<b>Dómar</b> .....	<b>28</b>
<b>Ríkisskattstjóri stofnun ársins 2015</b> .....	<b>36</b>
<b>Heimaging</b> .....	<b>38</b>
<b>Álagning einstaklinga 2015</b> .....	<b>40</b>
<b>Úrskurðir yfirséttarnefndar</b> .....	<b>59</b>
<b>Bindandi álit</b> .....	<b>66</b>
<b>Undirritun FATCA samnings við Bandaríkin</b> .....	<b>69</b>
<b>Lokaorðið</b> .....	<b>70</b>

# Breytingar á skipulagi - nýtt virðisaukaskattssvið -

Hinn 1. júní sl. tók nýtt 30 manna svið virðisaukaskatts til starfa undir stjórn Jarprúðar Hönnu Jóhannsdóttur sviðsstjóra. Er virðisaukaskatti þannig gert hærra undir höfði en áður var í skipulagi embættisins með því að hafa eininguna sérgreinda sem sjálfstætt svið. Að hluta til gerir sameiningin sem varð í skattkerfinu í ársbyrjun 2010 breytingarnar mögulegar, en með þessum breytingum var m.a. öll starfsemi sviðsins á höfuðborgarsvæðinu færð á Laugaveg 166, en hafði áður einnig verið að hluta á starfsstöðinni í Hafnarfirði.



Auk verkefna tengdum virðisaukaskatti heyrir verkefni Leiðréttingarinnar sem eftir standa einnig undir hið nýja svið í sérstakri einingu. Miklu af þeim verkefnum sem þar voru er lokið en sum þeirra ná til lengri tíma og krefjast viðhalds næstu ár. Hluti starfsmanna sem störfuðu við Leiðréttinguna mun fylgja henni til enda, hluti mannaflans hefur verið færður í önnur störf innan embættisins en hluti látið af störfum.

Hópstjóri Leiðréttingarinnar er Jónas Magnússon sem hefur starfað við verkefnið frá upphafi, en hópstjórar á virðisaukaskattssviði eru Bjarni Amby Lárusson yfir stofnskrá, Íris Erlingsdóttir yfir álagningu og Soffía Pétursdóttir í árseftirliti.

Fimmtudagurinn 18. júní var fyrsti starfsdagur þeirra 11 starfsmanna einingarinnar sem áður störfuðu í Hafnarfirði í nýrri aðstöðu í aðalstöðvum embættisins. Talsverð við-



Íris Erlingsdóttir hópstjóri og Jarprúður Hanna Jóhannesdóttir sviðsstjóri virðisaukaskattsviðs.

brigði voru að færast á milli starfsstöðva, enda mun betri aðbúnaður fyrir starfsmenn í aðalstöðvum en í Hafnarfirði, bæði er mótuneyti og sturtuaðstaða sem starfsmenn hafa möguleika á að nýta sér.

Tímamót voru um svipað leyti hjá tveimur starfsmönnum sem lengi höfðu starfað í verkefnum tengdum virðisaukaskatti. Óskar H. Albertsson sem gegndi starfi skrifstofustjóra í virðisaukaskatti tók við starfi sem skrifstofustjóri á fagsviði af Jóni Guðmundssyni sem lét af

störfum eftir 44 ár í skattkerfinu, en hann starfaði lengst af við hina ýmsu þætti virðisaukaskatts.

Framkvæmd virðisaukaskatts tekur sífelldum breytingum líkt og oft á við um skattatengd málefni. Miklar vonir eru bundnar við smíði og innleiðingu nýs tölvakerfis fyrir virðisaukaskatt þar sem það mun vélvæða mikið af einfaldari verkefnum sem starfsmenn sinna nú og þeim gefst þá að sama skapi meiri tími til að sinna flóknari verkum er krefjast sérstakrar skoðunar. ■ IHG



Björn Ingi Jósefsson gengur frá lausum endum á fyrsta degi á Laugavegi 166.

”

Fimmtudagurinn 18. júní var fyrsti starfsdagur þeirra 11 starfsmanna einingarinnar sem áður störfuðu í Hafnarfirði í nýrri aðstöðu í aðalstöðvum embættisins

A man with glasses and a checkered shirt stands in a warehouse filled with boxes of Litla prent.is paper. He is holding a box with both hands. The box has the Litla prent.is logo and the text 'Stór verk litló mál'. The warehouse shelves are filled with more boxes of the same product. A red pallet jack is visible in the foreground.

# Framtalsskil að verða rafræn að fullu -pappírnum útrýmt

Karl Óskar Magnússon  
hópstjóri hjá RSK er fremstur  
meðal jafningja í að efla  
rafræn skil framtala.

ÍSAFOLDAR  
PRENTSMIDJA



**Undanfarin 17 ár hefur ríkisskattstjóri boðið einstaklingum upp á að skila skattframtali sínu rafrænt ef þeir kjósa svo, frekar en að skila framtali á þar til gerðu framtalseyðublaði á pappír. Á sínum tíma var þetta skref eitt það stærsta í að gera stjórnsýsluna rafræna þar sem fljótt kom í ljós að framteljendum þótti þessi framtalsmáti mun þægilegri en að fylla út framtalseyðublað.**

#### **Einfaldari framtalsgerð - leit að villum**

Framtalsgerð með rafrænum hætti hefur síðan verið þróuð tæknilega jafnt og þétt. Ótrúlega lítið bar á byrjunarörðugleikum og fljótt kom í ljós að viðskiptavinir RSK tóku þessari nýbreytni fagnandi. Sú athöfn að telja fram var mörgum kvíðavænlegt verkefni sem ekki var öllum tamt. Hjá mörgum tók drjúgan tíma að finna til öll þau gögn sem hafa þurft við höndina til að hægt væri að fylla út framtalseyðublaðið og ganga frá fylgiskjölum áður en því var skilað í bréfalúgu á næstu skattstofu, hjá mörgum að kvöldi til á síðasta degi. Nýjungin að telja fram yfir vefinn varð augljóslega miklu þægilegri heldur en fyrri framtalsmáti sem hafði verið lítt breyttur í tæp 80 ár. Smám saman var netframtalið fullkomnara og á það var búið að færa stóran hluta af upplýsingum sem ríkisskattstjóri hafði tiltækar. Samhliða komu ábendingar eða tilkynningar um hvað þyrfti að laga í framtalsgerðinni. Villuprófun framtalsins áður en því er skilað hefur verið mörgum viðskiptavinum RSK mikið og gott hjálpartæki. Nú á tímum ljúka margir framteljendur þessu árlega verki í spjaldtölvu heima í stofu þar sem gengið er úr skugga um á nokkrum mínútum að allar áritaðar upplýsingar séu réttar áður en ýtt er á senda-takkann til þess að staðfesta framtalsskilin.

#### **Stjórnsýslan verður rafræn**

Þessi þróun hefur orðið til þess að rafræn stjórnsýsla hefur á síðustu árum tekið við af pappírnum hjá ríkisskattstjóra í æ ríkara mæli. Hin rafræna stjórnsýsla felst þó ekki í því einu og sér að losna við pappírinn, þótt það sé út af fyrir sig farsæl þróun, heldur einnig því að auðvelda viðskiptavinum að eiga samskipti við stjórnvöld. Það er skoðun flestra, sem fram hefur komið í könnunum, að framtalsgerðin sé nú orðin auðveld og þægileg. Það, ásamt ýmsum öðrum breytingum, bætir skilvirkni skattframkvæmdarinnar.

Ríkisskattstjóri hefur einnig breytt nánast öllum verkferlum sínum svo rafræn stjórnsýsla geti orðið að veruleika. Úrvinnsla framtala fer fram í sérstökum framtalsforritum þar sem hugbúnaður fer fyrst yfir öll framtöl en síðan er farið yfir hluta framtala handvirkt, að sjálfsögðu án þess að pappír komi þar við sögu.

#### **Stöðug fjölgun rafrænna framtala**

Frá árinu 1999, sem var fyrsta árið sem unnt var að skila framtali rafrænt, hefur þeim framteljendum sem kjósa þennan framtalsmáta fjölgað jafnt og þétt. Fjölgunin eftir fyrsta árið var hröð sem og næstu ár á eftir en síðan dró úr fjölguninni fram til ársins 2007. Frá þeim tíma hefur framteljendum stöðugt fjölgað sem



að öll stjórnsýsla ríkisskattstjóra verði að fullu rafræn. Það blasir við að framundan verður hætt að gefa framteljendum kost á að skila skattframtali á pappír, sérstaklega í ljósi þess hve fámennur sá hópur er orðinn sem skilar framtali sínu á því formi. Í reynd er óþarfa flækjustig á móttöku skattframtala þar sem nú er í boði að skila framtali með þrenns konar hætti, á pappír og á rafrænu framtali sem er í tveimur mismunandi útgáfum. Annars vegar er stóra hefðbundna rafræna framtalið sem byggir á pappírs-framtalinu og öllum fylgiskjöllum þess og hins vegar svokallað einfaldað framtal fyrir þá sem þurfa engu að breyta eða bæta við framtal sitt. Í gangi er þróunarvinna við gerð á nýju rafrænu skattframtali einstaklinga, framtali sem ætlað er að sameina kosti þeirra sem eru í notkun í dag. Gert er ráð fyrir því að nýtt rafrænt framtal líti dagsins ljós árið 2017. Af hálfu ríkisskattstjóra er nú haldið uppi ólíkum verkferlum sem miða að hinu sama og er slíkt augljóslega óþarft flækjustig sem fær ekki staðist á tímum hagræðingar og krafna um skilvirkni. Þegar ný tækni leysir eldra fyrirkomulag af hólmi er mögulegt að veita aðlögunartíma en að honum loknum þarf umbreytingin að hafa átt sér stað. Nýtt leiðakerfi Strætó gerir ekki sjálfkrafa ráð fyrir því að gamla kerfið sé rekið samhliða því nýja. Eftir 17 ára samfylgd pappírsframtals og rafræns framtals er kominn tími til að pappírinn verði kvaddur með þökk fyrir samfylgd í tæpa öld. ■

velja að skila framtali sínu með rafrænum hætti í stað pappírs. Nú er svo komið að rafræn framtalsskil eru orðin nálægt 100%, en árið 2015 var 99,74% af öllum skattframtölum skilað til ríkisskattstjóra með rafrænum hætti.

### Leiðrétting húsnæðislána var rafræn

Í fyrravetur urðu merkileg tímamót þegar ríkisskattstjóra var falið að sjá um umsóknir um leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána. Þá var tekin ákvörðun um að umsóknir skyldu eingöngu vera á rafrænu formi. Þrátt fyrir einstaka úrtöluraddir um að slíkt gengi ekki upp varð það úr að löggin um Leiðréttinguna settu það skilyrði að umsóknir skyldu vera rafrænar. Annað var ekki í boði. Ríkisskatt-


stjóra bárust umsóknir fyrir ríflega 105 þúsund einstaklinga og var ekki ein einasta umsókn móttækin á pappír. Rafræn skil á umsóknum voru því 100%. Öll samskipti milli umsækjenda og ríkisskattstjóra voru með rafrænum hætti, en stofnaðir voru yfir 590 þúsund samskiptaþræðir á þjónustusíðu Leiðréttingarinnar og ríkisskattstjóri sendi ríflega 924 þúsund tölvupósta til viðskiptavina.

### Rafræn stjórnsýsla aukin

Með Leiðréttingunni varð ljóst að það er mögulegt að hafa alla stjórnsýslu ríkisskattstjóra rafræna, hvort heldur er umsóknir og úrvinnslu þeirra eða samskipti milli viðskiptavina og embættisins. Nánast öll framtalsskil eru orðin rafræn og vaknar sú spurning hvort ekki sé orðið tímabært

JJ

## Framtalsskil 1999-2015





# VIÐ LOK LEIÐRÉTTINGAR



Hálft annað ár er nú liðið síðan löggjöf sú tók gildi er stuðla skyldi að lækkun húsnæðisskulda heimila í landinu og búa í haginn fyrir þá sem hafa hug á að fjárfesta í eigin húsnæði. Lög nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana, tóku gildi 18. maí 2014 en lög nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, öðluðust gildi nokkrum dögum síðar. Markmið laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana var að bregðast við þeirri óeðlilegu hækkun verðbóta er átti sér stað á árunum 2008 og 2009 í kjölfar efnahagshrunsins. Lög þau, er lúta að ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, heimila greiðslu séreignarsparnaðar - hvort tveggja iðgjalds launþega og mótframlags launagreiðanda - til lækkunar á höfuðstóli fasteignaveðláns, eða til útborgunar við fasteignakaup í þeim tilvikum þar sem viðkomandi á ekki íbúðarhúsnæði á þeim tíma sem sparnaður fer fram. Eru iðgjöld og mótframlög skattfrjáls við slíka ráðstöfun, líkt og hefði þeim verið varið til ávöxtunar í séreignarsparnaðarsjóði með hefbundnum hætti.

## Gildistaka laganna

Strax við gildistöku laganna, annars vegar 18. maí 2014 og hins vegar þann 22. sama mánaðar, var opnað fyrir umsóknir um viðkomandi úrræði og er óhætt að segja að síðan þá hafi Leiðréttingin verið á allra vörum. Verkefnið hafði þá þegar verið eft á baugi hjá ríkisskattstjóra um nokkurra mánaða skeið en þann 5. febrúar 2014 óskaði fjármála- og efnahagsráðuneytið eftir því að embættið annaðist móttöku og afgreiðslu umsókna um höfuðstólsleiðréttingu og ráðstöfun séreignarsparnaðar. Fól það ennfreður í sér tæknilegan, laga- og skipulagslegan undirbúning að allri framkvæmd í samráði við verkefnisstjórn Leiðréttingarinnar og starfsfólk fjármála- og efnahagsráðuneytis sem og fulltrúa fjármálafyrirtækja. Vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að frumvörpin yrðu lögð fram og samþykkt á vörþingi 2014 var afar naumur tími til stefnu.

## Aðkoma ríkisskattstjóra

Þegar aðkoma ríkisskattstjóra að þessu umfangsmikla verkefni var afráðin tók við mikill sprettur við að hanna og fullkomna alla umgjörð og innri virkni,



**Helga Valborg Steinarsdóttir**  
verkefnisstjóri á aðalskrifstofu

# Leiðréttingin í hnotskurn

**69 þúsund**

umsóknir bárust frá 105 þúsund einstaklingum um höfuðstólsleiðréttingu

**101 þúsund**

heimsóknir á vefinn [leidretting.is](http://leidretting.is) á einum sólarhring

**36 þúsund**

umsóknir hafa borist um ráðstöfun séreignarsparnaðar

**924 þúsund**

tölvupóstar hafa verið sendir vegna verkefnisins

**27 þúsund**

tölvupóstar hafa borist ríkisskattstjóra vegna verkefnisins

**68 þúsund**

símtöl hafa borist í þjónustusíma Leiðréttingarinnar

**51 þúsund**

fasteignaveðlán voru leiðrétt/lækkuð

**145 þúsund**

fasteignaveðlán voru endurreiknuð

  
**Fjögur**

kynningarmyndbönd um Leiðréttinguna

**13 starfsmenn**

ráðnir tímabundið til ríkisskattstjóra

vefi, verkferla og tölvukerfi og standa að ráðningum nýrra starfsmanna og breytingum á húsnæði, auk þess er leysa þurft fjölda lagalegra álitamála í þessari fordæmalausu framkvæmd. Áform um að opnað yrði fyrir umsóknir um úrræðin við gildistöku viðkomandi laga gengu eftir og tók þá við öllu lengri vegferð, þ.e. framkvæmdin sjálf, sem með ýmsum óvæntum upptökum og ófyrirséðum annmörkum reyndi iðulega á ystu þolmörk þeirra sem henni sinntu. Þó að frá byrjun hafi verið gert ráð fyrir að séreignarsparnaðarhlutinn yrði virkur næstu árin, þ.e. ráðstöfun inn á húsnæðislán fram á mitt ár 2017 en opið fyrir úttekt séreignarsparnaðar vegna húsnæðiskaupa til ársins 2019, þá lá ekki að sama skapi fyrir hversu lengi vinnan myndi vara við framkvæmd laga nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána. Ekki er enn að öllu leyti séð fyrir endann á þeim hluta

Leiðréttingarinnar þó að langflestir umsækjenda hafi fengið sínar niðurstöður og framkvæmd á lækun húsnæðislána þeirra hjá viðkomandi fjármálastofnun sé að fullu lokið.

Þrátt fyrir að Leiðréttingin sé ekki alfarið að baki hjá starfsmönnum ríkisskattstjóra þá er nú að rúmu ári liðnu frá formlegu upphafi verkefnisins - frá því að fyrst var opnað fyrir umsóknir á grundvelli laga nr. 35/2014 og 40/2014 - við hæfi að líta yfir farinn veg og velta fyrir sér hverju hefur verið áorkað.

## Líður að lokum

Í sumar var unnið hörðum höndum að því að ljúka afgreiðslu þeirra umsókna um höfuðstólsleiðréttingu á grundvelli laga nr. 35/2014 sem út af standa. Þá eru málefni og þjónusta tengd séreignarsparnaðarhlutanum jafnframt í brennidepli og hefur fyrirkomulagi þessa verið fundinn varanlegur samastaður

innan skipulags stofnunarinnar þar til verkefnið hefur runnið sitt skeið.

Starfsmenn ríkisskattstjóra hafa undanfarið spurt sig hvaða lærdóm megi draga af öllu því sem gengið hefur á hjá embættinu undanfarið rúmt ár. Efst í huga er hvílík staðfesting fengist hefur á kostum rafrænna lausna við svo umfangsmikil störf sem þau er leiddu af Leiðréttingunni. Framkvæmd verkefnisins grundvallaðist á rafrænni stjórnsýslu sem löggjafinn hafði framsýni til að löggesta með lögum nr. 35/2014 og 40/2014 og þeim reglugerðum sem settar voru á þeirri undirstöðu. Enginn vafi leikur á um að rafrænar lausnir gegndu lykilhutverki í því að afgreiða mátti þann aragrúa mála sem fyrir lá svo skjótt sem raun reyndist, með réttum hætti og án teljandi vandkvæða. Mikið var lagt upp úr þróunarvinnu og tæknilegum undirbúningi áður en almenningi var gert kleift að senda inn umsóknir, með það

**250**  
**starfsmenn**

ríkisskattstjóra komu að verkefninu

**34**  
**þúsund**

athugasemdir hafa borist ríkisskattstjóra

\* Rafræn skilríki

**97%**

samþykktu með rafrænum skilríkjum

**7**  
**þúsund**

einstaklingar sóttu þjónustu í afgreiðslur RSK

**10**  
**þúsund**

fengu leiðréttingu sem sérstakan persónuafslátt

**1,2**  
**milljónir**

heimsóknna á vefinn leiddretting.is frá 146 ríkjum

**6**  
**milljarðar**

hafa verið greiddir út sem sérstakur persónuafsláttur

**102**  
**fundir**

hafa verið haldnir í stýrihópi um Leiðréttinguna

**72**  
**milljarðar**

hafa verið greiddir inn á fasteignaveðlán

  
**0,9%**

niðurstaðna voru kærð til úrskurðarnefndar

  
**1.400**

umsækjendur áttu ekki rétt á leiðréttingu

\* Rafræn skilríki

**76**  
**þúsund**

ný rafræn skilríki á farsíma

fyrir augum að móttaka og úrvinnsla umsókna yrði með sem skilvirkustum hætti. Rík áhersla var lögð á þjónustu við umsækjendur og að framsetning efnis um rétt einstaklinga til viðkomandi úrræða væri á aðgengilegu formi. Afraksturinn var vönduð lausn á flóknu verkefni sem náð var fram með lágmarkstilkostnaði á skömmum tíma án þess að aðstæður kæmu með nokkrum hætti niður á gæðum.

Sveigjanleiki stofnunarinnar og sá styrkur sem hún öðlaðist með sameiningu ríkisskattstjóra og sjálfstæðra embætta skattstjóra árið 2010 höfðu óneitanlega mikil áhrif á hversu vel gekk að aðlaga skipulag og framkvæmd annarra lögbundinna verkefna ríkisskattstjóra að breyttum aðstæðum. Starfsmenn um land allt reyndust jákvæðir og viljugir til að leggja sitt af mörkum og hópurinn í heild sýndi mikinn metnað fyrir því að framkvæmd hins nýja verkefnis yrði

með sóma en þó ekki á kostnað annarra skyldna ríkisskattstjóra gagnvart viðskiptavinum sínum.

rafrænna lausna í stjórnsýslunni til hagsbóta fyrir landsmenn og ríkissjóð. Verður í því samhengi ekki ofmetið mikilvægi

”

Ennfremur er nú betur en nokkru sinni fyrir ljós sá styrkur sem í mannauði embættisins býr og endurspeglast í vilja starfsmanna og getu til að takast á við nýjar áskoranir

Starfsmenn ríkisskattstjóra eru sáttir við unnið verk og hlakka til að fylgja Leiðréttingunni alla leið til enda á næstu mánuðum og árum. Þetta hefur verið lærdómsríkt ferðalag sem styrkt hefur trú embættisins á kosti þess að auka vægi

þróunarvinnu og að höfuðáhersla sé lögð á notendavæna þjónustu. Ennfremur er nú betur en nokkru sinni fyrir ljós sá styrkur sem í mannauði embættisins býr og endurspeglast í vilja starfsmanna og getu til að takast á við nýjar áskoranir. ■

# Helstu stærðir úr skattframtali rekstraraðila

Upplýsingar um tekjur og eignir skv. skattframtölum eru í reynd ófullkomið líkan af veruleikanum, enda miðaðar við þarfir skattfyrivalda en ekki þeirra sem hafa hug á að greina rekstur einstakra atvinnugreina. Slík greining á rekstri og horfum fyrirtækja krefst yfirlegu og þótt skattframtöl segi ekki alla söguna gefa þau stöðumat af veruleikanum á tilteknum tíma.

## Eigið fé rekstraraðila

Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því að fólk ákveður að stofna fyrirtæki eða fjárfesta í hlutabréfum en ein meginástæðan hlýtur að vera sú að menn vænti þess að reksturinn skili hagnaði. Árið 2013 var eigið fé fyrirtækja um 5.157 milljarðar. Bróðurpartur eiginfjár var í félögum sem voru skráð í atvinnugreinina *Starfsemi eignarhaldsfélaga* en félög í þeirri grein áttu 1.753 milljarða í skuldlausar eignir. Um 34% skuldlausra eigna fyrirtækja var bundið í eignarhaldsfélögum. Þá var eigið fé fyrirtækja í atvinnugreininni *Önnur fjármálafyrirtæki* um 558 milljarðar, um 10,8% eiginfjár. *Heildverslun með lyf og lækningavörur* átti 500 milljarða í eigið

## Skuldir

Skuldir umfram eignir voru 6.596 milljarðar. Bróðurpartur þeirra var í félögum sem skráð voru í atvinnugreinina *Starfsemi eignarhaldsfélaga*, en félög sem skráð voru í hana skulduðu 4.862 milljarða umfram eignir sem var 73,7% skulda umfram eignir. Þá skulduðu *Önnur fjármálafyrirtæki* 1.449 milljörðum meira en þau áttu sem var um 22% neikvæðs eiginfjár í landinu og um 95,7% af skuldum umfram eignir voru bundin við fyrirtæki sem störfuðu í þessum tveimur greinum. Neikvætt eigið fé var 60 milljarðar í atvinnugreininni *Leiga atvinnuhúsnæðis*, 21 milljarður í *Heildverslun með lyf og lækningavörur* og 19 milljarðar í greininni *Leiga íbúðarhúsnæðis*. *Útgerð fiskiskipa* skuldaði 14 milljarða

hagur félaga var 15.667 milljarðar þannig að 30,74% af eignum félaga í landinu voru bundin í eignarhaldsfélögum. Félögin skulduðu 17.105 milljarða en þar af voru 7.868 milljarðar, eða 46% skulda, skuldir eignarhaldsfélaga. Önnur fjármálafyrirtæki áttu eignir sem metnar voru á 3.897 milljarða sem var tæpur fjórðungur eigna félaga og skulduðu þau 28% skuldanna. Þessar tvær greinar áttu því um 55,2% eigna og skulduðu 74% eigna.

## Eignarhaldsfélög og fjármálafyrirtæki

Það er ekki aðeins að stór hluti eigna og skulda sé bundinn við eignarhaldsfélög og fjármálafyrirtæki heldur mátti rekja stóran hluta rekstrartekna og hagnaðar félaga í landinu til þessara greina. Rekstrartekjur félaga voru 3.814 milljarðar árið 2013 en þar af voru tekjur eignarhaldsfélaga um 285 milljarðar sem eru um 7,5% rekstrartekna félaga. Eignarhaldsfélög eru sú atvinnugrein sem skilaði einna mestum tekjum en rekstrargjöld þeirra voru um 115 milljarðar sem voru um 3,3% rekstrargjalda félaga. Þessi félög voru með 13,7% rekstrartaps, 33,5% rekstrarhagnaðar og 44,7% hagnaðar skv. ársreikningi félaga. Þarna skiptir reyndar í tvö horn því um 43,5% af tapi skv. ársreikningi félaga mátti rekja til eignarhaldsfélaga og þetta 5.161 félag átti 6.093 milljarða í yfirfæranlegt tap sem eru um 84,7% yfirfæranlegs taps félaga.

Frá árinu 2008 hefur eigið fé fyrirtækja sem starfa í atvinnugreininni *Starfsemi eignarhaldsfélaga* rýrnað um 2.135 milljarða. Þessi félög áttu 3.888 milljarða í eignir umfram skuldir árið 2008 en árið 2013 var eigið fé þeirra 1.758 milljarðar. Þá hefur eigið fé fyrirtækja í atvinnugreininni *Önnur ótalin fjármálaþjónusta*, þó ekki *vátryggingafélög og lífeyrissjóðir* rýrnað um 1.949 milljarða og var það 56 milljarðar árið 2013. Eigið fé félaga í þeirri atvinnugrein hefur rýrnað um 666 milljarða frá árinu 2008 og eigið fé fyrirtækja í greininni *Starfsemi höfuðstöðva* hefur rýrnað um 219 milljarða. Eigið fé í *Önnur lánaþjónusta*

”

Það er ekki aðeins að stór hluti eigna og skulda sé bundinn við eignarhaldsfélög og fjármálafyrirtæki heldur mátti rekja stóran hluta rekstrartekna og hagnaðar félaga í landinu til þessara greina

fé, sem var um 9,7% eiginfjár fyrirtækja, fyrirtæki í atvinnugreininni *Starfsemi höfuðstöðva* áttu 325 milljarða í skuldlausar eignir, fyrirtæki í *Álframleiðslu* áttu 219 milljarða og atvinnugreinin *Leiga á atvinnuhúsnæði* 214 milljarða í eignir umfram skuldir. Samanlagt áttu fyrirtæki í þessum sex atvinnugreinum um 69,2% eiginfjár fyrirtækja í landinu.


umfram eignir og *Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra* 11 milljarða umfram eignir sem var um 0,2% af neikvæðu eiginfé fyrirtækja. 97,6% skulda umfram eignir var bundið við þessar greinar.

## Eignir

Eignarhaldsfélög áttu um 4.758 milljarða í eignir en þar af voru 1.753 skuldlausir. Efna-

Atvinnugrein	Fjöldi fyrirtækja	Rekstrar-tekjur	Rekstrar-gjöld	Rekstrar-tap	Rekstrar-hagnaður	Hagnaður skv. ársreikningi	Tap skv. ársreikningi	Hreinar tekjur	Yfirfæranalegt tap	Eignir samtals	Skuldir samtals	Eigið fé neikvætt	Eigið fé jákvætt
Starfsemi eignarhaldsfélaga	2.599	285	115	-31	201	327	-132	66	5.161	4.758	7.868	-4.862	1.753
Önnur fjármálafyrirtæki	18	143	96	-20	67	65	-16	41	22	3.897	4.789	-1.449	558
Heildverslun með lyf og lækningavörur	58	98	186	-92	4	3	-18	0	73	1.402	922	-21	500
Leiga atvinnuhúsnæðis	2.854	77	44	-6	39	49	-15	7	134	756	603	-60	214
Framleiðsla rafmagns	36	47	28	0	20	0	-6	0	8	518	328	0	191
Álframleiðsla	6	213	205	-5	12	5	-5	8	11	397	178	0	219
Starfsemi höfuðstöðva	28	3	3	-1	1	4	-21	2	23	357	38	-7	325
Hitaveita	66	47	29	0	18	4	0	0	51	332	222	-1	110
Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra	138	184	153	-1	32	28	-1	26	11	244	160	-11	96
Útgerð fiskiskipa	272	108	92	-1	18	29	-1	7	25	241	165	-14	91
Skaðatryggingar	7	43	45	-2	0	6	-1	3	6	121	75	-1	46
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	1.692	83	81	-5	7	7	-7	2	22	119	102	-11	28
Leiga íbúðarhúsnæðis	325	13	7	0	5	3	-3	0	37	103	112	-19	9
Önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrissjóðir	153	3	3	-1	1	15	-1	2	6	99	45	-2	56
Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu	24	23	23	0	1	3	0	0	4	91	18	0	73
Stórmarkaðir og matvöruverslanir	84	149	143	0	6	10	0	4	1	86	37	0	49
Önnur lánþjónusta	6	17	15	0	2	2	0	2	154	85	72	0	13
Flutningur rafmagns	2	14	7	0	7	2	0	0	1	78	62	0	15
Farþegaflutningar með áætluarflugi	7	137	132	0	6	6	0	0	7	71	49	0	23
Dreifing rafmagns	6	10	8	0	2	3	0	0	2	58	24	0	35
Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	45	13	9	0	4	5	0	4	1	57	5	0	52
Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	120	86	85	0	2	2	0	1	3	52	26	-4	31
Þráðlaus fjarskipti	18	41	49	-10	2	2	-16	0	8	52	29	-2	25
Fjarskipti um streng	24	12	10	0	2	1	-1	0	16	51	34	-1	18
Útgerð smábáta	950	28	25	-1	4	11	-1	2	9	47	40	-5	13
Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu	263	33	29	-1	4	6	-1	1	7	41	35	-2	8
Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi	42	30	26	0	3	4	0	0	1	38	22	0	17
Framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni	20	22	23	-1	1	0	-2	0	13	38	22	0	17
Viðskipti með rafmagn	7	13	10	0	3	2	0	1	1	38	15	0	23
Blönduð heildverslun	711	76	73	-1	4	3	-1	2	4	38	29	-3	12
Kaup og sala á eigin fasteignum	316	3	3	-1	1	2	-2	0	7	38	34	-5	8
Millilanda- og strandsiglingar með vörur	16	55	55	0	0	1	-1	0	2	37	22	0	15
Önnur blönduð smásala	186	71	70	0	2	1	0	0	2	35	19	-2	18
Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur	18	78	76	0	2	0	0	1	3	33	23	0	10
Framleiðsla á járn, stáli og járnblendi	9	24	24	0	1	0	0	0	0	32	6	0	26
Starfsemi verkfræðinga	409	25	24	-1	2	2	-1	1	3	31	18	-1	13
Lyfjaframleiðsla	14	13	13	-1	1	13	-1	0	2	29	6	-1	24
Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf	970	14	13	-1	3	4	-2	2	6	29	20	-6	15
Fjármögnunarleiga	4	1	4	-2	0	1	0	0	1	29	19	0	10
Bílasala	127	57	57	-1	1	0	-2	0	7	25	21	-2	6
Söltun, þurrkun og hersla fiskafurða, krabbadyra og lindýra	76	25	24	0	2	2	0	1	4	25	22	-2	4
Lögfræðiþjónusta	423	18	13	0	5	4	0	5	2	21	17	-2	6
Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum	112	16	14	0	2	1	0	0	2	21	20	-1	1
Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	187	29	28	0	1	1	-2	1	3	21	16	0	5
Ferðaskrifstofur	163	31	30	0	2	2	0	1	1	20	8	-1	13
Hugbúnaðargerð	487	24	22	-2	3	3	-2	1	8	20	10	-2	11
Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi	386	17	16	0	2	2	-1	1	3	19	17	-2	4
Mjólkurbú og ostagerð	16	34	33	0	1	0	0	0	1	19	8	0	11
Veitingastaðir	604	45	43	-1	3	2	-1	2	4	18	15	-3	5
Heildverslun með fisk og fiskafurðir	65	66	65	0	1	1	0	1	0	16	12	0	4
<b>Annað</b>	<b>16.792</b>	<b>1.116</b>	<b>1.061</b>	<b>-32</b>	<b>87</b>	<b>80</b>	<b>-36</b>	<b>52</b>	<b>212</b>	<b>884</b>	<b>645</b>	<b>-90</b>	<b>329</b>
<b>Samtals</b>	<b>31.961</b>	<b>3.814</b>	<b>3.440</b>	<b>-224</b>	<b>598</b>	<b>730</b>	<b>-305</b>	<b>254</b>	<b>6.093</b>	<b>15.667</b>	<b>17.105</b>	<b>-6.596</b>	<b>5.157</b>

## Eignir og skuldir eftir atvinnugreinum í lok rekstrarárs 2013



Skráning fyrirtækja í fyrirtækjaskrá gefur oft villandi mynd af starfsemi fyrirtækisins. Mörg stór rekstrarfélög starfa undir hatti eignarhaldsfélaga. Ýmis konar fjármálaumsýsla er enn umfangsmikil í landinu. Fyrirtæki í fjármálastarfsemi og eignaumsýslu skera sig nokkuð úr þegar eignir og skuldir íslenskra fyrirtækja eru skoðaðar. Um þriðjungur eigna rekstraraðila er bundinn í eignarhaldsfélögum og önnur 24,9% í öðrum fjármálafyrirtækjum, samtals 55,2%. Þá eru 74% skulda fyrirtækja, 95,7% neikvæðs eiginfjár og 44,8% eigna umfram skuldir í landinu bundin í fjármálastarfsemi af þessum toga.

hefur rýrnað um 114 milljarða. Eignir umfram skuldir í þessum fimm atvinnugreinum hafa rýrnað um 5.084 milljarða.

Eignir umfram skuldir hafa aukist um 283 milljarða í *Heildverslun með lyf og lækningavörur* frá árinu 2008 en aukist um 160 milljarða á sama tíma í atvinnugreininni *Önnur fjármálafyrirtæki*. Eignir fyrirtækja í atvinnugreininni *Leiga atvinnuhúsnæðis* hafa aukist um 93 milljarða og um 85

einnig. Árið 2008 skuldaði fjöldi fyrirtækja í hinum ýmsu atvinnugreinum 10.922 milljarða umfram eignir en árið 2013 hafði neikvætt eigið fé minnkað um 4.326 milljarða og voru skuldirnar þá 6.596 milljörðum meiri en eignir. Sem kunnugt er var þessi skuldastaða mikið til bundin við ákveðnar atvinnugreinar. Árið 2008 skulduðu *Önnur fjármálafyrirtæki* 8.211 milljörðum meira en þau áttu

milljarða umfram eignir árið 2013. Þá hefur neikvætt eigið fé *Fjármögnunarleigu* minnkað um 33 milljarða og árið 2013 skuldaði ekkert fyrirtæki í þessari grein meira en það átti. Skuldir umfram eignir minnkuðu um 7.162 milljarða í þessum fimm atvinnugreinum á árunum 2008 til 2013 og hefur neikvætt eigið fé minnkað um 7.455 milljarða á þessum tíma.

Skuldir umfram eignir sumra félaga voru skiljanlega hærrí árið 2013 en árið 2008 og neikvætt eigið fé í sumum greinum hafði aukist. Alls hafði neikvætt eigið fé aukist um 3.129 milljarða á tímabilinu. Þar af jukust skuldir umfram eignir um 3.114 milljarða í atvinnugreininni *Starfsemi eignarhaldsfélaga* og þau félög sem áttu ekki fyrir skuldum í greininni skulduðu 4.862 milljarða umfram eignir. Skuldir jukust um 18 milljarða umfram eignir hjá félögum sem voru með neikvætt eigið fé í atvinnugreininni *Heildverslun með lyf og lækningavörur*. Þá kemur nokkuð á óvart að neikvætt eigið fé í atvinnugreinunum *Blönduð skrifstofuþjónusta* og *Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf* hefur aukist um fjóra milljarða á þessu tímabili.

Þótt rekstrartekjur félaga og hagnaður hafi ekki aukist jafn mikið frá hrúni og margir hefðu óskað virðast fyrirtækin almennt hafa staðið sterkari fótum árið 2013 en árið 2008. Fleiri félög eiga fyrir skuldum og fleiri skila hagnaði. ■

PK

”

Þótt rekstrartekjur félaga og hagnaður hafi ekki aukist jafn mikið frá hrúni og margir hefðu óskað virðast fyrirtækin almennt hafa staðið sterkari fótum árið 2013 en árið 2008

milljarða í greininni *Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra*. Loks hafa eignir *Hitaveitu* aukist um 35 milljarða umfram skuldir. Þarna hafa orðið til verðmæti og kann hluti þeirra að hafa verið greiddur út en annað hefur farið í að hækka eigið fé. Hagur eigenda fyrirtækjanna sem standa að baki þessum tölum hefur vænkast um 655 milljarða frá árinu 2008.

### Samspil eigna og skulda

Frá árinu 2008 hafa eignir og skuldir minnkað og skuldir umfram eignir

og hefur neikvætt eigið fé fyrirtækja í greininni minnkað um 6.761 milljarð. Þá hafa skuldir umfram eignir í *Leigu á atvinnuhúsnæði* minnkað um 269 milljarða en félög í greininni skulduðu 329 milljarða umfram eignir árið 2008. *Útgerð fiskiskipa* skuldaði 81 milljarð umfram eignir árið 2008 en árið 2013 var neikvætt eigið fé 14 milljarðar. Neikvætt eigið fé í atvinnugreininni *Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* hefur minnkað um 33 milljarða en fyrirtæki í greininni sem skulduðu meira en þau áttu skulduðu 11



Trausti Bergur Traustason og Ástríður Þórey Jónsdóttir stóðu vaktina fyrir ríkisskattstjóra á UTmessunni að þessu sinni.

## Ríkisskattstjóri kynnti rafræna stjórnsýslu

UTmessan, einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum, var haldin 6. og 7. febrúar sl. í Hörpu en hún hefur verið haldin árlega frá árinu 2011. Henni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag og má glögg sjá hversu stór og umfangsmikil þessi grein er orðin hér á landi. Öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins taka þátt í UTmessunni með einum eða öðrum hætti og var ríkisskattstjóri með bás og upplýsingaskjá í Kaldalóni.

Ríkisskattstjóri lagði áherslu á að kynna rafræn skilríki og rafræna stjórnsýslu í framtíðinni. Fulltrúar frá Leiðréttingunni voru á staðnum til að svara spurningum áhugasamra gesta og veittu þeim aðstoð við að samþykka Leiðréttinguna ef eftir því var leitað. Mikill áhugi var á upplýsingum um framkvæmd Leiðréttingarinnar og var leiðbeiningum um hana dreift auk bæklinga með upplýsingum um rafræn skilríki og fleira.

Fyrri dag UTmessunnar var haldin ráðstefna og sýning fyrir tæknigeirann og voru um þúsund ráðstefnugestir á staðnum. Seinni daginn var áhersla á fróðleik og sýningu fyrir alla fjölskylduna og mættu þá um átta þúsund manns en aðgangur að sýningarhluta UTmessunnar er ókeypis. ■



Brigitte M. Jónsson og Gunnlaugur Guðjónsson af tæknisviði RSK á sýningunni.

JPS

# Iðnaðar- og viðskiptaráðherra heimsækir RSK

**Hinn 21. maí sl. heimsótti Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra ásamt föruneysi embætti ríkisskattstjóra og átti fund með nokkrum starfsmönnum embættisins. Megintilgangur fundarins var að kynna ráðherranum stöðu og framgang vinnu við rafræna fyrirtækjaskrá sem nú sér fyrir endann á sem og önnur framkvæmdaratriði innan fyrirtækjaskrár, en faglega heyrir þessi þáttur starfseminnar undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti þótt fjármála- og efnahagsráðuneytið sé að öðru leyti fagráðuneyti embættisins. Létt og jákvætt yfirbragð var yfir fundinum enda umræðuefnið í takt við áhuga ráðherra á aukinni rafvæðingu og sjálfvirkni í opinberri stjórnsýslu með hagsmuni viðskiptavina og stofnana í huga. Jafnframt var, að ósk ráðherra, farið yfir stöðu mála varðandi skatteftirlit með heimagistingu en sú tegund gistipjónustu fer ört vaxandi innan ferðaþjónustunnar og er mikilvægt að skattlagning þeirra tekna skili sér til þjóðarþúsins.**

## „Eins og að panta pizzu“

Það var vel við hæfi að í inngangsorðum Skúla Eggerts Þórðarsonar fjallaði hann um framkvæmd ríkisskattstjóra á „stærsta kosningaloforði Íslandssögunnar“ eins og hann kallaði höfuðstólsleiðréttingu verðtryggða fasteignaveðlána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á fasteignaveðlán. Um var að ræða mjög umfangsmikið og flókið verkefni sem strax frá upphafi var ákveðið að skyldi leyst á fullkomlega rafrænan hátt í gegnum notendavænan snjallvef. Engar umsóknir eða svör voru á pappír og í fyrsta skipti var krafist rafrænnar undirritunar í lögskiptum. Óhætt er að segja nú þegar ár er liðið frá upphafi þessarar vegferðar að hið rafræna fyrirkomulag hafi ótvírætt sannað sig og þarna sé komin fyrirmynd rafrænna samskipta í kerfinu öllu. Sem dæmi má nefna að vefurinn hefur staðið af sér 69 þúsund umsóknir um höfuðstólsleiðréttingu, 36 þúsund umsóknir vegna séreignarsparnaðar, um 924 þúsund skilaboð og gífurlegan fjölda heimsókna á vefinn sem voru þegar mest lét riflega 101 þúsund á einum degi.

## Rafræn fyrirtækjaskrá

Undanfarna 24 mánuði hefur verið unnið að því hjá ríkisskattstjóra að hanna og smíða vefkerfi sem byggir á því að notast

sé við rafræn skilríki við að stofna félag með rafrænum hætti á þjónustusiðunni skattur.is. Staðan á verkefninu er góð og hefur það ekki síst notið þeirra reynslu sem fékkst úr þróunarvinnu við skipulagningu Leiðréttingarinnar. Stefnt er að því að taka kerfið í notkun við stofnun einkahlutafélaga 1. febrúar 2016. Í kjölfarið verður áframhaldandi vinna við útfærslu þess fyrir önnur félagaform en framgangur kerfisins verður háður fjármögnun verkefnisins auk þess sem sennilega verður þörf á frekari lagabreytingum.

Myndræn framsetning á fyrirhuguðu kerfi sýndi betur en orð fá lýst hvernig rafrænt umsóknar- og afgreiðsluferli verður til stórfelldra hagsbóta fyrir atvinnulífið og ríkisskattstjóra, hvort sem litið er til vinnusparnaðar, skilvirkni eða öryggis. Viðskiptavinir fara með einföldum hætti inn á vefinn með rafrænum skilríkjum, athafna sig þar eftir leiðbeiningum sem gefnar eru og greiða svo kröfu sem birtist í heimabanka. Stofngögnin munu verða útbúin rafrænt sé þess óskað. Að sama skapi kemur mannshöndin ekki nálægt afgreiðslu tilkynningarinnar nema í undantekningartilvikum. Samanburðurinn við það handvirka kerfi sem nú er við lýði er ótvírætt hinu rafræna kerfi í vil. Ávinningurinn af því verður sparnaður fyrir viðskiptavinina sem þurfa t.d.

ekki lengur að leggja vinnu í að útbúa stofngögn eða hlaupa eftir undirskriftum hlutaðeigandi um alla ganga og jafnframt styttest afgreiðslutími til muna. Rafrænar regluþrófanir spara ríkisskattstjóra vinnu við ófullnægjandi tilkynningar sem eru nú um 50% allra innsendra tilkynninga. Rafrænt kerfi er einnig mun öruggara en það sem fyrir er þar sem ekki er hægt að falska rafrænar undirskriftir.

Unnið er að því að útbúin verði einföld leið á vefnum til að aðilar geti óskað eftir því að ríkisskattstjóri útbúi samandreginn ársreikning upp úr eyðublaði RSK 1.04 og sendi til ársreikningaskrár. Innleiðing nýrrar Evróputilskipunar sem felur í sér minni kröfur um upplýsingagjöf lítilla fyrirtækja gerir að verkum að a.m.k. 60% íslenskra fyrirtækja geti nýtt sér þennan kost sem mun leiða til mikils sparnaðar og þæginda fyrir viðskiptalífið.

Á döfinni er jafnframt að smíða rafræna hluthafaskrá eins og verið er að gera í fyrirtækjaskrá hinna Norðurlandanna. Þar geta fyrirtækin sjálf skráð inn breytingar á hlutafjáreign hvers hlutahafa og þá verður jafnframt hægt að sleppa því að senda hluthafalista með ársreikningum á hverju ári. Það verður svo ákvörðun stjórnmalamanna að ákveða aðgangsstýringu að skránni sem og gjaldtöku við skoðun.

Gerður var góður rómur að kynningunni og þróun mála til aukinnar sjálfvirkni sem er ráðherra mjög að skapi og lagði hún áherslu á að metin væri sú fjárhæð sem sparast hjá atvinnulífinu við upptöku þeirra þátta sem um var rætt og yrði sú niðurstaða líkleg til að flýta fyrir fjármögnun grunnkerfanna.

## Önnur framkvæmdaratriði hjá fyrirtækjaskrá

Fyrirtækjaskrá hefur unnið markvisst að því að afskrá fyrirtæki sem hafa hætt störfum eða ekki sinnt tilkynningaskyldu sinni. Nokkur fjöldi félaga hefur verið afskráður með þessum hætti á grundvelli 83. gr. laga um einkahlutafélög. Þar sem nokkurrar óvissu gætir um réttaráhrif af þessum aðgerðum var því beint til ráð-





Frá vinstri: Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir, Brynhildur Pálmarsdóttir, Harpa Theodórsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Ingvar Pétur Guðbjörnsson aðstoðarmaður ráðherra.

herra að nýta í auknum mæli heimildir og skyldur sem byggja á 82. gr. sömu laga um að krefjast gjaldþrotaskipta félaga við ákveðnar aðstæður. Ef gripið er tímanlega til þess ákvæðis er það öruggari leið til að afskrá félög og getur spornað gegn kennitölufлакki og stuðlað að aukningu á riftun „gjafagjörninga“ eiganda til nýs félags. Kostnaður við gjaldþrotaskiptin yrði fljótur að borga sig með þeim árangri sem af því hlytist.

Fyrirtækjaskrá hefur tekið að sér verkefni sem áður voru á ábyrgð annarra embætta með samræmingu og betra aðgengi að leiðarljósi. Yfirtaka fyrirtækjaskrár á firmaskrá frá sýslumannsembættunum er gott dæmi um betri þjónustu við viðskiptalífnið sem felst í því að nú er skráin, ásamt upplýsingum og leiðbeiningum, aðgengileg á einum stað. Undanþáguheimildir vegna lækkunar hlutafjár félaga voru einnig færðar frá ráðuneyti til fyrirtækjaskrár um mitt ár 2013. Hefur það leitt til skilvirkari úrvinnslu með hliðsjón af betri og ítarlegri gögnum sem liggja fyrir hjá ríkisskattstjóra og betri þjónustu við viðskiptavinum.

## Heimagisting

Að lokum var fjallað um eftirlit með heimagistingu en á vorin eru gjarnan uppi háværar raddir um að vaxandi tekjur af þessum tiltekna þætti innan ferðaþjónustunnar skili sér ekki til skatts. Starfsemin er í eðli sínu dulin fyrir skattfyrirvöldum því ekki er um sýnilega starfsstöð að ræða og ef einstaklingar gefa ekki upp tekjur sínar og sækja ekki um tilskilin leyfi til starfseminnar þá er hún óskráð að öllu leyti. Þrátt fyrir áberandi auglýsingar á opinberum vefsíðum eins og airbnb.com

nýtast þær að takmörkuðu leyti til eftirlits þar sem nákvæmar upplýsingar um fasteignir eða eigendur koma sjaldnast þar fram. Þótt ríkisskattstjóri leiti allra leiða til að hafa eftirlit með vefsíðum sem og með heimsóknum til að finna söluaðila og fylgja eftir ábendingum um þá hefur hann í auknum mæli gripið til þess ráðs að velja úrtök til skoðunar sem byggð eru á erlendum innborgunum á bankareikningum og kreditkort og hefur það eftirlit skilað miklum árangri sem einskorðast þegar upp er staðið ekki eingöngu við tekjur af ferðaþjónustu.

Þótt eftirlit sé nauðsynlegt til að stuðla að réttum skattskilum þá er ekki síður mikilvægt að endurskoða lagaumhverfið

staðan er í dag þá geta þúsundir einstaklinga verið skilgreindir af skattalögum sem virðisaukaskattsskyldir rekstraraðilar sem er ekki endilega ákjósanleg staða, hvorki fyrir þá eða skattfyrirvöld. Nauðsynlegt þykir því að skoða hvort það væri til hagsbóta fyrir alla ef tekjur vegna heimagistingar einstaklinga væru skattlagðar í auknum mæli sem fjármagnstekjur frekar en atvinnurekstartekjur.

Þónokkrar umræður spunnust út frá kynningunni á þessu efni m.a. með samanburði við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þar eru einmitt gerðar breytingar til einföldunar þannig að sala gistingar á

”

Eins og staðan er í dag þá geta þúsundir einstaklinga verið skilgreindir af skattlögum sem virðisaukaskattsskyldir rekstraraðilar

þegar það á við og kanna hvort einföldun skattskila geti leitt til þess að fleiri einstaklingar gefi tekjur af sölu heimagistingar upp til skatts. Reglur um skattskyldu af gistipjónustu eru flóknar og t.d. eru tekjur einstaklinga sem leigja út herbergi eða smærri eignir í sinni eigu til langs tíma skattlagðar sem fjármagnstekjur á framtali en ef sambærilegar eignir eru leigðar í skammtímaleigu er um að ræða virðisaukaskattsskylda sölu á gistipjónustu sem ber að skattleggja sem rekstrartekjur á rekstrarskýrslu með framtali. Eins og

lögheimili einstaklinga, hjóna eða sambúðarfólks eða á einni annarri fasteign í þeirri eigu sem ekki er boðin lengur til leigu en 8 vikur á ári verði skráningaskyld en ekki leyfiskyld.

Eftir myndatöku gengu fundarmenn frá fundinum fróðari um ýmis málefni á vegum ráðherra sem eru í vinnslu hjá ríkisskattstjóra og ekki síst ánægðir með þau samskipti sem áttu sér stað og voru til marks um góða samvinnu innan stjórn-sýslunnar. ■

RDÞ

# Staða íslenskra fyrirtækja árið 2013

## Rekstur - hagnaður - tekjuskattsstofn - eignir

**Um miðjan mars sl. hafði 31.961 félag skilað skattframtali vegna rekstrarársins 2013. Eigið fé var í 19.476 þessara félaga, eða um 60,9% félaganna og þar af var 11.441 þeirra rekið með hagnaði, eða tæpur þriðjungur þeirra félaga sem búið var að skila skattframtali fyrir.**

### Félögum með jákvæðar rekstrarniðurstöður fjölgar

Félögum sem eiga eignir umfram skuldir og eru rekin með hagnaði hefur fjölgað að tiltölu síðustu ár. Árið 2008 var eigið fé í um 55,9% félaga og 29,3% voru með eigið fé og rekin með hagnaði skv. ársreikningi. Þessum félögum hafði fækkað um 10 prósentustig að tiltölu á einu ári. Árið 2007 var 39,1% félaga með eigið fé og þar að auki rekið með hagnaði. Ætla má að félög sem eiga eignir og skila hagnaði séu í góðum rekstri.

11.621 félag skuldaði meira en sem nam bókfærðum eignum, eða 36,4% fyrirtækjanna. Hér er reyndar rétt að taka fram að þó að ársreikningar fyrirtækja eigi að gefa rétta og sanna mynd af efnahag þeirra þá eru eignir oft taldar fram á matsverði sem kann að vera nokkuð frábrugðið markaðsverði. Alltjént voru eignir á skattframtali rekstraraðila lægri en skuldir.



Félögum sem áttu ekki fyrir skuldum hefur heldur fækkað þegar miðað er við síðustu ár. Árið 2008 áttu um 39,2% félaga ekkert eigið fé en árið 2005 var þannig ástatt um tæpan þriðjung, eða 31% félaga.

Fjöldatölur segja ekki alla söguna því þrátt fyrir að meiri hluti fyrirtækja sem skilar skattframtali eigi ekki fyrir skuldum þá er bróðurpartur efnahagssumsvifa í landinu á vegum félaga sem standa styrkum fótum. Í gegnum tíðina hafa félög sem eiga eignir umfram skuldir og

Rekstrarár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Félög með hagnað</b>	<b>5.944</b>	<b>7.607</b>	<b>8.992</b>	<b>10.557</b>	<b>11.834</b>	<b>12.146</b>	<b>13.517</b>	<b>10.136</b>	<b>11.687</b>	<b>12.953</b>	<b>13.662</b>	<b>13.994</b>	<b>14.893</b>
Félög með eigið fé	4.559	6.324	7.346	8.664	9.858	10.243	11.249	8.544	9.012	9.478	9.989	10.600	11.441
Skuldir meiri en eignir	1.330	1.221	1.567	1.774	1.858	1.813	2.132	1.485	2.572	3.379	3.568	3.281	3.335
<b>Félög með tap</b>	<b>7.280</b>	<b>7.562</b>	<b>8.887</b>	<b>9.142</b>	<b>9.423</b>	<b>10.808</b>	<b>11.252</b>	<b>14.855</b>	<b>15.254</b>	<b>15.048</b>	<b>15.218</b>	<b>16.115</b>	<b>15.675</b>
Félög með eigið fé	3.999	3.633	4.085	4.054	4.168	4.732	5.095	5.645	6.560	6.952	7.300	7.584	7.488
Skuldir meiri en eignir	3.210	3.886	4.725	5.008	5.137	5.978	6.065	9.113	8.581	7.987	7.782	8.306	7.989
<b>Samtals</b>	<b>14.049</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.593</b>	<b>24.639</b>	<b>26.587</b>	<b>28.805</b>	<b>29.198</b>	<b>30.210</b>	<b>30.659</b>	<b>31.190</b>	<b>31.760</b>	<b>31.961</b>
<b>Félög með hagnað</b>	<b>42%</b>	<b>46%</b>	<b>44%</b>	<b>47%</b>	<b>48%</b>	<b>46%</b>	<b>47%</b>	<b>35%</b>	<b>39%</b>	<b>42%</b>	<b>44%</b>	<b>44%</b>	<b>47%</b>
Félög með eigið fé	32%	38%	36%	38%	40%	39%	39%	29%	30%	31%	32%	33%	36%
Skuldir meiri en eignir	9%	7%	8%	8%	8%	7%	7%	5%	9%	11%	11%	10%	10%
<b>Félög með tap</b>	<b>52%</b>	<b>46%</b>	<b>44%</b>	<b>40%</b>	<b>38%</b>	<b>41%</b>	<b>39%</b>	<b>51%</b>	<b>50%</b>	<b>49%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>
Félög með eigið fé	28%	22%	20%	18%	17%	18%	18%	19%	22%	23%	23%	24%	23%
Skuldir meiri en eignir	23%	23%	23%	22%	21%	22%	21%	31%	28%	26%	25%	26%	25%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Taflan er samandregin og sýnir þau félög sem voru ýmist rekin með hagnaði eða tapi skv. ársreikningi og voru með eigið fé eða skulduðu meira en þau áttu. Þá er hver flokkur sýndur sem hlutfall af öllum rafrænum skattframtölum rekstraraðila sem höfðu borist í mars 2015 vegna álagningar skatta árið 2014 á tekjur ársins 2013. Félög sem voru hvorki rekin með hagnaði né tapi eða áttu ekkert eigið fé eru ekki sýnd í töflunni hér að ofan.

skila hagnaði aflað um 70% rekstrartekna félaga. Árið 2005 var ávöxtun af eigin fé 40% félaga, þau öfluðu 79,1% rekstrartekna, voru með 95,5% hagnaðar, áttu 89,8% eigna og voru með 90,5% skulda félaga. Um 88,5% eiginfjár félaga var í þessum 9.858 félögum. Árið 2008 voru 8.544 félög með hagnað skv. ársreikningi og eigið fé. Þetta voru þá 29,3% félaga sem voru með 32,8% rekstrartekna. Þá áttu félög sem uppfylltu skilyrði um að vera með eigið fé og hagnað um 28,9% eigna félaga og skulduðu 11,1% skulda. Þá var samanlagt eigið fé félaga neikvætt og atvinnulífið tók augljóslega á sig skell á þessum árum.

### Fleiri standa traustum fótum


Þrátt fyrir að rekstrartekjur hafi ekki aukist mikið og að eignir hafi minnkað frá árinu 2008 standa nú fleiri félög traustari fótum. Árið 2013 ávaxtaði rúmur þriðjungur félaga, eða 35,8%, eigið fé sitt. Þessi félög voru með 69,1% rekstrartekna og 84,4% rekstrartekna. Það lítur því út fyrir að félög sem áttu ekki fyrir skuldum hafi verið með um 15% hagnaðar fyrirtækja. Þá voru félög sem áttu eigið fé með 28,9% skulda og 53,9% eigna félaga. Auðvitað hafa félög sem uppfylla þessi skilyrði ekki sloppið við afleiðingar ástandsins sem hér skapadist. Frá árinu 2008 hafa rekstrartekjur aukist um 1.295 milljarða og hagnaður skv. ársreikningi félaganna aukist um 190 milljarða. Skuldir hafa hins vegar aukist um 1.432 milljarða á sama tíma og eignir hafa minnkað um 291 milljarð. Eigið fé hefur því minnkað um 1.722 milljarða.

### Skuldir sem hlutfall af eignum


Þegar félög sem áttu eigið fé og voru með hagnað skv. ársreikningi eru skoðuð kemur nokkuð á óvart að skuldir félaga sem uppfylla þessi skilyrði hafa ekki aukist verulega sem hlutfall af eignum. Árið 2000 voru um 75,7% eigna þessara félaga í skuld en á uppgangsárunum fyrir hrun voru skuldir þeirra félaga sem voru með jákvætt eigið fé og hagnað aðeins 40,3% af eignum. Síðan þá hefur þetta hlutfall farið hækkandi og var 58,6% árið 2013. Á þessum tíma hefur eigið fé þessara fyrirtækja því minnkað úr tæpum 60% af efnahag niður í 41,4%. Þá er merkilegt að hagnaður sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið lækkandi. ■

PK

## Félög flokkuð eftir tapi og hagnaði



### Hlutfall félaga sem rekið er með hagnaði eða tapi samkvæmt ársreikningi á hverju ári



Í mars sl. höfðu 31.961 rekstraraðilar skilað rafrænu skattframtali vegna rekstrarársins 2013. Þá voru 30.568 félög ýmist rekin með hagnaði eða tapi skv. ársreikningi 2013, 14.893 með hagnaði eða 48,7% félaga í rekstri og 15.675 með tapi eða 51,3% þeirra félaga sem voru í rekstri. 1.393 félög voru hvorki rekin með hagnaði né tapi.

Séu félög í rekstri flokkuð eftir því hvort að eigið fé var í félögunum kemur í ljós að eigið fé var í 11.441 þeirra félaga sem var rekið með hagnaði en skuldir voru meiri en eignir í 1.330 félögum. Ekkert eigið fé var í 117 félögum. Því voru 37,4% félaga í rekstri með hagnað og eigið fé, 10,9% voru með hagnað en skulduðu meira en þau áttu og 0,4% voru með hagnað en ekkert eigið fé. Á hinn bóginn voru 7.488 félög sem rekin voru með tapi með eigið fé en það eru 24,5% fyrirtækjanna, 7.989 skulduðu meira en þau áttu eða 26,1% fyrirtækja í rekstri, 198 fyriræki eða 0,6% félaga í rekstri voru rekin með tapi og áttu ekkert eigið fé í árslok 2013.

Í gegnum tíðina hefur verið hagnaður af rekstri tæps helmingis þeirra félaga sem hafa skilað rafrænu skattframtali. Tap hefur verið af tæpum helmingi fyrirtækja. Þá er nokkuð um að félög séu hvorki rekin með hagnaði eða tapi, hafi ýmist ekki hafið rekstur eða hætt rekstri. Á uppgangsárunum fyrir 2007 skilaði rekstur sífellt fleiri félaga hagnaði á sama tíma og færri félög voru rekin með tapi. Árið 2008 urðu augljós þáttaskil. Að tiltölu voru fleiri félög rekin með tapi á sama tíma og færri félög voru rekin með hagnaði. Allt frá árinu 2008 hafa tiltölulega fleiri félög verið rekin með hagnaði á hverju ári.

# Rafræn stjórnsýsla

Tallinn í Eistlandi í maí 2015



Um miðjan maí voru haldnar tvær ráðstefnur í Tallinn höfuðborg Eistlands, önnur um rafræna stjórnsýslu á vegum eGovernance Academy og svo Nordic Digital Day á vegum efnahags- og fjar-  
skiptaráðuneytisins. Greinarhöfundur sótti báðar ráðstefnurnar og hélt fyrirlestur á vegum ríkisskattstjóra.

Ég kom fyrst til Tallinn árið 1994 sem ráðgjafi sendur af íslenska fjármálaráðuneytinu að beiðni eistneska fjármálaráðuneytisins. Þegar Eistland endurheimti sjálfstæði sitt 1991 var í landinu opinber stjórnsýsla að sovéska fyrirmynd. Engin tölvuvinnsla var á vegum hins opinbera. Öll gögn höfðu verið send til Moskvu til úrvinnslu. Eistland var að byggja upp eigin opinbera stjórnsýslu að vestrænni fyrirmynd en vantaði allt. Ekkert ríkisbókhald var, ekkert skattakerfi, ekkert tollakerfi. Hvernig átti ríkið að halda utan um tekjur til að standa undir greiðslu af lánum?

Þetta var þó ekki alsæmt því Eistar gátu byrjað frá upphafi án fortíðarvanda. Ríkisbókhaldið (nú Fjárslá ríkisins) og SKÝRR (nú Advania) settu upp Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins, BÁR, og héldu námskeið í nútímabókfærslu. Þetta var nýtt fyrir bókhaldara ríkisins sem voru vanir að halda aðeins sjóðsbók. Nú var kominn rekstrarreikningur og efnahagsreikningur og fólkið spurði af hverju þyrfti að gera þetta svona flókið. Upplýsingakerfi hins opinbera á Íslandi var mikið rætt og sendinefndir frá Eistlandi sóttu Ísland heim. Hugmyndafræði íslenska opinbera upplýsingakerfisins var höfð til hliðsjónar. Þjóðbraut upplýsinga sem þá

hét heitir hjá þeim X-Road en er útfærð í nútímataekniunhverfi.

Eistar ákváðu snemma að leggja áherslu á upplýsinga- og fjarskiptatekni bæði í opinberri stjórnsýslu og eins í menntun. Niðurstaðan er sú að Eistland er í dag viðurkennt sem forysturíki í rafrænni opinberri stjórnsýslu í Evrópu og víðar. Ekkert annað ríki kemst með tærnar þar sem Eistar eru með hælana og einnig

sviði rafrænnar stjórnsýslu og hafa sett á stofn eGovernance Academy í Tallinn, sjá ega.ee. Nú er í undirbúningi að bjóða upp á meistaranám í rafrænni stjórnsýslu við Tækniháskólann í Tallinn.

Það voru því mikil viðbrigði fyrir undirritaðan að heimsækja Tallinn í apríl 2015. Árið 1994 voru götur að mestu auðar, aðeins nokkrir Lada, Moscovitch og Volga bílar. Nú iðar borgin af lífi og mikið er um

”

## Eistar veðja á rafrænar undirskriftir með korti eða farsíma, sömu tækni og notuð er á Íslandi

hafa komið nýjungar frá Eistlandi. Skype var fundið upp þar áður en það gekk kaupum og sölum og endaði nú síðast í eigu Microsoft. En ekki er ein báran stök.

Á árinu 2007 varð Eistland illilega fyrir barðinu á tölvu- og netárs sem lamaði alla opinbera stjórnsýslu eftir að þeir leyfðu sér að flytja stytta af sovéskum leiðtoga um set. ESB hefur stutt Eista í þróun rafrænnar opinberrar stjórnsýslu. Eistar bjóða fram kunnáttu sína og þekkingu á

nýja bíla og glæsivagna með tilheyrandi umferðarvandamálum.

Forseti Eistlands, Toomas Hendrik, setti eGovernance ráðstefnuna. Hann er vel þekktur sem ákafur stuðningsmaður alls sem upplýsingatekni varðar. Ráðstefnugestir voru um 400 frá 27 þjóðum.

Forsetinn fjallaði sérstaklega um rafrænar undirskriftir. Hann sagði að notandanafn og leyniorð sem auðkenning væru úrelt og rafræna auðkenningin



Fyrirlesarar Nordic Digital Day 2015 ráðstefnunnar í Tallinn.

Líflegar umræður fóru fram á Nordic Digital Day og var tekið á móti fyrirspurnum úr sal.

tekin við. Hún væri ekki fullkomin en hún væri það besta og öruggasta sem völ væri á. Eistar veðja á rafrænar undirskriftir með korti eða farsíma, sömu tækni og notuð er á Íslandi við rafrænar undirskriftir.

Það vakti athygli mína að meðal gesta á ráðstefnunni var sendinefnd frá Færeyjum til að kynna sér aðferðir og lausnir Eista en Eistar hafa gert sér mat úr reynslu sinni og þekkingu og bjóða hana öðrum þjóðum á alheimsvísu.

Eistar tóku frumkvæðið 2014 og buðu til Nordic Digital Day þar sem norrænu þjóðirnar kynntu verkefni sem væru framúrskarandi og vísuðu veginn inn í framtíðina. Af Eystrasaltsþjóðunum þremur, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, finnst Eistlandi það vera norrænast. Lettland og Litháen tóku ekki þátt í deginum.

Um 400 manns sóttu ráðstefnuna Nordic Digital Day. Ísland var sérstaklega boðið velkomið sem nýr þátttakandi og var hver þjóð kynnt með stuttri teiknimynd.

## Ísland

Í erindi mínu sem bar heitið Icelandic Household Debt Relief Program: All electronic from A to Z fjallaði ég um framkvæmd Leiðréttingarinnar. Fólki spurði: Hvernig gátuð þið gert þetta



allt á svo skömmum tíma? 70 þúsund manns eða 40% allra skattgreiðenda komnir með rafræna undirskrift í farsímamann sinn á nokkrum mánuðum? Mitt svar var að stuðningur og samstarf skiptu sköpum, sérstaklega stuðningur forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Ennfremur að yfirmenn og starfsmenn RSK tóku áskorunina föstum tókum og lögðu metnað sinn í að ljúka Leiðréttingunni á tilsettum tíma, þar með talið að fá fólk til að ná sér í ný SIM kort í símann

sinn og láta virkja rafræn skilríki í þeim. Baldvin Hansson frá Rögg ehf. fjallaði um notkun farsíma til staðsetningar við björgunartörf með aðstoð fljúgandi GSM sendis/móttakara.

## Svíþjóð

Svíar kynntu vefkerfi fyrir innflytjendur þar sem öllum upplýsingum fyrir þá sömu er safnað saman á eina vefsíðu. Svíar eru að flytja þetta kerfi út til Bretlands og annarra landa.



Teiknimynd sem Ísland var kynnt með á Nordic Digital Day.



Toomas Hendrik Ilves forseti Eistlands setti e-Governance ráðstefnuna, enda Eistland í fararbroddi rafrænnar stjórnsýslu.

### Danmörk

Danir kynntu áhugavert verkefni þar sem allir Danir, einstaklingar 15 ára og eldri og öll fyrirtæki, þurfa að hafa tölvupóst-hólf til að taka á móti tilkynningum frá hinu opinbera og að slíkar tilkynningar hafa sama lagalegt gildi og tilkynningar sendar í bréfpósti.

### Noregur

Á ráðstefnunni kynntu Norðmenn kerfi sem þeir nota og heldur utan um skil fyrirtækja á upplýsingum varðandi starfsmenn á rafrænu formi til yfirvalda og gerir upp skattinn mánaðarlega í stað einu sinni á ári.

### Finnland

Finnar kynntu kerfi fyrir rafrænar heilsufarsupplýsingar af ýmsu tagi og úrvinnslu þeirra. Þeir kynntu einnig kerfi sem heldur utan um allt námsframboð og hjálpar einstaklingum að velja sér nám og námsbrautir.

”

Forsetinn fjallaði sérstaklega um rafrænar undirskriftir. Hann sagði að notendanafn og leyniorð sem auðkenning væru úrelt og rafræna auðkenningin tekin við

### Eistland

Eistland fjallaði um rafræna stjórnsýslu, kosti hennar og galla.

Kostirnir eru að gera borgurunum lífið léttara, hið opinbera hefði flestar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í samskiptum við borgarana. Borgarinn þarf ekki mikið meira en að samþykkja eða ekki, segja já eða nei.

Gallarnir eru að óprútttnir aðilar geta fært sér umrædda einföldun í nyt til að skara eld að sinni köku. Þetta þurfa menn að hafa í huga og horfa ekki bara á einstök

verkefni heldur heildina til að útiloka slíkt. Frekari upplýsingar um kynningarnar og fyrirlesara er að finna á slóðinni [e-estonia.com/nordicday](http://e-estonia.com/nordicday).

Eistar eru alltaf og ævinlega þakklátir Íslendingum fyrir að vera fyrsta þjóðin til að viðurkenna sjálfstæði þeirra. Þeir eru líka tilbúnir í frekara samstarf milli þjóðanna á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Þeir fylgjast grannt með þróun mála hjá ESB og ákvörðunum sem þar eru teknar og sem fyrr en síðar eru teknar inn í EES samninginn og Ísland þarf að hlíta. ■

# Hagkvæmni og skilvirkni í rekstri

## Haustfundur stjórnenda RSK



*Hrefna Björnsdóttir, Helga Þórunn Erlingsdóttir, Helgi S. Guðnason, Hanna Björnsdóttir, Ingi Tómas Björnsson, Fanney Steinsdóttir, Grétar Þór Kristinsson og Kolbrún Þórisdóttir sem öll starfa á einstaklingssviði RSK funduðu á starfsstöðinni á Akureyri.*

Í byrjun september komu stjórnendur RSK saman til haustfundar sem hefur verið haldinn árlega frá sameiningu embættis ríkisskattstjóra árið 2010. Að morgni 1. september var haldið til Akureyrar þar sem fundað var næstu þrjú daga. Sérstakir gestir fundarins voru Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra ásamt aðstoðarmanni sínum, Svanhildi Hólmi Valsdóttur. Einnig var Jón Guðmundsson sérstakur gestur fundarins, en Jón lét af störfum í vor eftir að hafa unnið í skattkerfinu í rúma fjóra áratugi. Tilgangur árlegs haustfundar er að stilla saman strengi stjórnenda ásamt því að fara yfir sameiginleg markmið stofnunarinnar á komandi vetri.

Meginverkefni fundarins í þetta sinn var tvíþætt. Annars vegar var leitað leiða til að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri ásamt því að minnka rekstrarkostnað, en embætti

ríkisskattstjóra stendur frammi fyrir enn frekari niðurskurði á árinu 2016. Því liggur ljóst fyrir að sparnaðaraðgerðir eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að mæta aukinni kröfu um hagræðingu. Hitt meginverkefni fundarmanna var ræða leiðir til að bregðast við og sporna enn frekar við skattundanskotum.

### Stofnun ársins 2015 - könnun SFR

Þann 7. maí sl. voru niðurstöður kynntar úr árlegri könnun SFR og fjármála- og efnahagsráðuneytis á líðan starfsfólks og starfsumhverfi þeirra og bar RSK sigur úr bítum í flokki stofnana sem telja 50 starfsmenn eða fleiri. Frá árinu 2008 hefur RSK verið í fimm efstu sætunum og þar af tvisvar í fyrsta sæti, árin 2008 og 2015. Það verður að teljast markvert að frá sameiningu ríkisskattstjóra árið



2010 hafi embættið komið jafn vel út úr þessari könnun og raun ber vitni og er þessi góði árangur til marks um það hversu vel tókst til við sameininguna. Í kjölfar byrtingar niðurstaðanna var óskað eftir að RSK fengi nánari greiningu á þeim til frekari glöggvunar á því hvar stofnunin stæði vel að vígi og hvar væru enn tækifæri til að gera betur. Ásgeir Heimir Guðmundsson fjármálastjóri RSK kynnti þá greiningu fyrir fundarmönnum. Farið var yfir

pappírs sem notaður er og nýta rafrænar lausnir í hans stað og einnig að einfalda verkferla.

### Rafræn þjónusta

Fundarmenn ræddu aukna rafræna þjónustu innan RSK í þeirri viðleitni að mæta auknum hagræðingarkröfum. Segja má að Leiðréttingin sé eitt stærsta upplýsingatekniverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi og jafnframt fyrsta



*Sigurður Jensson sviðsstjóri eftirlitssviðs leiddi þann þátt fundarins er sneri að leiðum til að bregðast við og sporna enn frekar við skattundanskotum.*

alla þætti könnunarinnar og sköpuðust góðar umræður um það hvar mætti finna frekari sóknarfæri til þess að ná enn betri árangri.

### Vinnuhópar

Á fyrsta fundardegi voru myndaðir vinnuhópar til að koma með tillögur að frekari sparnaði innan embættisins ásamt því að leita leiða til að minnka skattagapið og sporna enn frekar við svartri atvinnustarfsemi. Frá þessum vinnuhópum komu margar góðar tillögur og er það nú verkefni stjórnenda og annarra starfsmanna RSK að vinna úr hugmyndunum og gera þær að veruleika, en um ærin verkefni er að ræða. Margar áhugaverðar sparnaðartillögur litu dagsins ljós í vinnuhópunum og voru fundarmenn m.a. sammála um að mikilvægt væri að minnka umfang

sinnar tegundar þar sem stjórnsýslumeðferðin er að öllu leyti með rafrænum hætti. Mikinn lærdóm má draga af Leiðréttingunni sem mikilvægt er að verði nýttur í frekari verkefni tengd aukinni rafvæðingu innan embættisins.

Tæknisvið RSK vinnur nú að því að endurhanna þjónustuvefinn rsk.is og undirbúa opnun s.k. „míns svæðis“ á þjónustuvefnum. Viðmót og allt umhverfi þar verður notendavænna og mun auðvelda viðskiptavinum að beina samskiptum sínum við stofnunina alfarið í rafrænan farveg. Hluti af rafvæðingunni er ennfremur tilkoma rafrænna skilríkja ásamt rafrænum persónuafslætti. Á fundinum var farið yfir þá vinnu sem á sér stað á sviðum embættisins og miðar að aukinni rafvæðingu. Fundarmenn ræddu í þessu samhengi hvernig aukin rafræn þjónusta og stjórnsýsla felur í sér meiri skilvirkni ásamt því að bæta þjónustu við viðskiptavinum RSK.



Steinþór Haraldsson starfsstöðvarstjóri á Hellu flutti erindi um aflvaka breytinga.

### Verkefnaáætlanir og sviðsfundir

Á fundinum kynntu sviðsstjórar verkefnaáætlanir hvers sviðs ásamt því að upplýsa fundarmenn um stöðu verkefna. Verkefnaáætlanirnar eru mikilvægur hluti af heildaráætlun RSK um starfsemi komandi árs, frá hausti til hausts.

Sviðsstjórar notuðu tækifærið og héldu sviðsfundi með stjórnendum sinna sviða og var þar farið yfir verkefni starfsstöðva, fyrirliggjandi verkefni og ýmis önnur mál sem þörfnuðust umræðu. Mikilvægi þessara sviðsfunda verður seint ofmetið, sérstaklega í ljósi þess að stjórnendur sviða eru staðsettir víða um landið og fjarfundabúnaðurinn getur seint komið í stað funda þar sem allir fundarmenn eru mættir í eigin persónu.

### Heimsókn á starfsstöðina á Akureyri

Fundarmenn þáðu kaffiboð á starfsstöð ríkisskattstjóra á Akureyri, en Helga Þórunn Erlingsdóttir sér um daglegan rekstur starfsstöðvarinnar. Kaffiboðið var kærkomin hressing milli fundarhaldna og áttu fundarmenn gott spjall við starfsmenn starfsstöðvarinnar á Akureyri og nutu góðra veitinga.

### Heiðursgestir fundarins

Hefð er fyrir því að bjóða til hátíðarkvöldverðar seinna fundarkvöldið og heiðruðu Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðaherra og aðstoðarmaður hans, Svanhildur

Hólm Valsdóttir, fundarmenn með nærveru sinni. Í ræðu sinni vék ráðherra m.a. að því hversu ánægjulegt og gott samstarfið hafi verið við embætti ríkisskattstjóra. Þá afhenti ríkisskattstjóri, Skúli Eggert Þórðarson, ráðherra og aðstoðarmanni hans fyrstu eintökin af riti sem tekið hefur verið um Leiðréttinguna í tilefni þess að verkefnið er nú á lokametrunum. Ráðherra flutti fundarmönnum og öllum starfsmönnum RSK, verkefnisstjórn o.fl., þakklæti fyrir hversu farsællega verkefnið hafi verið leyst af embætti ríkisskattstjóra.

Jón Guðmundsson flutti einnig ávarp í tilefni þess að hann lét af störfum sl. vor eftir rúmlega 40 ára starf í skattkerfinu. Fundarmenn notuðu tækifærið og þökkkuðu Jóni fyrir ánægjulegt samstarf öll árin og óskuðu honum vel-farnaðar, gæfu og gengis í framtíðinni.

Fundarmenn voru sammála því að fundurinn hafi verið vel heppnaður og stóðu vonir þeirra til þess að það næðist að vinna vel úr þeim góðu hugmyndum sem komu fram á honum. Þótt verkefnin framundan væru stór og viðamikil þá væri afurð fundarhaldanna mikilvægt fyrsta skref í þá átt að koma af stað þeim breytingum sem fyrirhugaðar væru og nauðsynlegar til að efla stofnunina enn frekar og ná meiri hagkvæmni í rekstri hennar. ■

ÁPJ



*Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður hans voru heiðursgestir fundarins. Á milli þeirra er Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.*



*Jón Guðmundsson og Óskar H. Albertsson hafa um árabíl verið helstu sérfræðingar RSK í virðisaukaskatti.*

# DÓMAR



Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2704/2013

## Lán til hluthafa – uppgjör – skattskyldar tekjur

Þann 16. apríl 2015 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem Elías Georgsson höfðaði gegn íslenska ríkinu.

Málavextir eru þeir að á skattframtali stefnanda 2007 vegna tekjuársins 2006 voru upplýsingar um að stefnandi hefði keypt hlutafé í Miðlandi ehf. að nafnverði 250.000 kr. og að hann hefði greitt 115.735.507 kr. fyrir hlutaféð. Þá upplýsti stefnandi á framtali sínu að hann skuldaði Miðlandi ehf. 138.910.453 kr.

Á skattframtali stefnanda 2008 vegna tekjuársins 2007 upplýsti stefnandi að

félagið og óskaði eftir að stefnandi gerði frekari grein fyrir viðskiptunum. Í bréfum sínum vakti ríkisskattstjóri athygli á að úthlutun verðmæta úr einkahlutafélögum væri bundin ákveðnum skilyrðum og háð takmörkunum. Í svari sínu til ríkisskattstjóra upplýsti stefnandi að hann hefði keypt 50% af hlutafé Miðlands ehf. og að kaupverðið hefði verið fengið að láni frá því félagi. Þá upplýsti stefnandi að hann hefði svo selt Vík ehf. hlut sinn í Miðlandi ehf. og að Vík ehf. hefði greitt hluta kaupverðsins með yfirtöku á skuld stefnanda við Miðland ehf.

manna væru óheimil samkvæmt lögum um einkahlutafélög og bæri að skattleggja slíkar óheimilar lánveitingar sem gjafir.

Stefnandi mótmælti fyrirhugaðri endurákvörðun ríkisskattstjóra og vísaði til þess að ekki hefði verið um lán að ræða heldur hefðu greiðslurnar verið liður í fjárhagslegri endurskipulagningu. Stefnandi vísaði til þess að kaupverð hlutabréfanna hefði verið greitt með peningagreiðslu sem hann hefði fjármagnað sjálfur m.a. að hluta með lánum frá ótengdum aðilum og auk þess hafi skuld fyrri eigenda verið yfirtekin. Samkomulag hefði svo náðst við Sparisjóð Keflavíkur um lán sem nota skyldi til að endurfjármagna félagið og til framkvæmda. Endurfjármögnun hafi falist í því að Miðland ehf. var lántakandi og að sparisjóðurinn hefði sett það skilyrði að skuldir stefnanda vegna kaupa á félaginu yrðu gerðar upp. Miðland ehf. hafi greitt þær skuldir og við það hafi myndast krafa á hendur stefnanda. Í raun hafi þannig verið um að ræða lán til hluthafa Miðlands ehf. frá sparisjóðnum vegna endurskipulagningar á félaginu en ekki lán frá Miðlandi ehf. til hluthafa. Stefnandi hafi aldrei fengið fjármuni frá Miðlandi ehf. til frjálsrar ráðstöfunar.

Ríkisskattstjóri féllst ekki á þessar röksemdir stefnanda og endurákværðaði opinber gjöld hans gjaldárið 2007 með úrskurði dagsettum 21. desember 2012 með vísan til þess sem boðað hafði verið.

Að svo komnu máli höfðaði stefnandi mál og krafðist ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að sá frestur sem

”

Í lögum um einkahlutafélög kemur fram að óheimilt sé að úthluta fjármunum félags nema farið sé eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkaðs hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita

hann hefði selt hlutaféð í Miðlandi ehf. og að söluhagnaður hefði numið 305.972.716 kr. Greiddi stefnandi 10% skatt af söluhagnaði við álagningu opinberra gjalda 2008.

Ríkisskattstjóri óskaði eftir því að stefnandi afhenti afrit af samningum um hlutabréfakaupin og lánsamningi við

Ríkisskattstjóri boðaði stefnanda að fyrirhugað væri að endurákværðaða opinber gjöld hans 2007 vegna tekjuársins 2006. Þannig væri fyrirhugað að færa stefnanda til tekna 115.735.507 kr. vegna lánsins sem Miðland ehf. hafði veitt honum vegna kaupa á hlutafénu. Vísaði ríkisskattstjóri til þess að lán til hluthafa og stjórnar-

skattyfirvöld hafa til endurákvörðunar hafi verið liðinn og að rannsókn málsins hafi verið áfátt.

Hvað efnishliðina varðar vísaði stefnandi til þess að ákvæði 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga eigi ekki við í hans tilviki. Löggjafarviljinn hafi ekki staðið til þess að telja bæri til tekna hluthafalán sem gerð hefðu verið upp áður en skattyfirvöld hafi gert athugasemdir við hina ólögsmætu lánveitingu. Þá vísaði stefnandi til norrænna réttarreglna á þessu sviði þar sem hvergi er skattlagt hafi lán verið gert upp. Lánið hafi verið gert upp, m.a. með yfirtöku Víkur ehf. á því.

Stefnandi vísaði ennfremur til þess að svo unnt sé að skattleggja tekjur skv. 7. gr. tekjuskattslaga verði að vera um að ræða varanlega yfirfærslu verðmæta til skattaðila. Eðli máls samkvæmt feli lánveiting ekki í sér varanlega yfirfærslu réttinda og að lánveiting feli þannig ekki í sér tekjur fyrir viðtakanda láns. Tekjuskattur hafi þannig verið lagður á stefnanda án þess að um nokkrar tekjur í hendi hans hefði verið að ræða. Skattlagningin feli þannig í sér eignaupptöku sem fari í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá taldi stefnandi óeðlilegt og andstætt meginreglum um skattlagningu að gera ólöglegt lán að tekjustofni og vísaði til dóms Hæstaréttar frá 28. mars 1996, þar sem því var hafnað að gera fjárdregið fé að skattstofni.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og studdi þá kröfu sína þeim rökum að úrskurðurinn hafi ekki verið haldinn form- eða efnisannmörkum sem leiða ættu til ógildingar.

Hvað formhliðina varðar vísaði stefndi til þess að skattyfirvöld hafi haft sex ár til að endurákværða opinber gjöld stefnanda en ekki tvö ár enda hefðu ekki fylgt fullnægjandi upplýsingar í framtali eða fylgigögnum stefnanda. Nauðsynlegt hefði verið að leita eftir skýringum, upplýsingum og gögnum frá stefnanda um hlutabréfakaupin.

Stefndi vísaði einnig til þess að aflað hefði verið upplýsinga frá stefnanda og einkahlutafélaginu sjálfu. Þá hefði stefnandi verið veitt færi á að koma að skýringum, athugasemdum og sjónarmiðum áður en endurákvörðun var gerð. Málið hafi því verið nægjanlega upplýst áður en opinber gjöld stefnanda voru endurákvörðuð.

Þá mótmælti stefndi því að endurgreiðsla eða uppgjör á láni geti haft áhrif á skattskylduna. Nóg er að sýna fram á að lán sé ólögsmætt samkvæmt lögum um einkahlutafélög. Endurgreiðsla sem slík hafi engin áhrif á skattskylduna.

Ennfremur vísaði stefndi til þess að stefnandi hefði borið ábyrgð á skuld sinni við félagið þangað til hann seldi félagið og nýir eigendur tóku yfir skuldina. Yfirtakan breyti engu um það að á árinu 2006 skuldaði stefnandi hlutafélaginu þá fjárhæð sem deilt er um. Stefndi vísaði til þess að ákvæði 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga hafi að geyma skýr fyrirmæli um að ólögsmætt lán til hluthafa skuli skattleggjast sem gjöf hjá lánþega. Um sé að ræða skýran löggjafarvilja um skattlagningu eftir almennum efnislegum mælikvarða sem brjóti hvorki í bága við stjórnarskrána né Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 6.

desember 2012 í máli nr. 153/2012.

Í tilvitnuðum dómi hafi Hæstiréttur skorði úr um að heimilt sé að haga skattlagningu með þeim hætti sem gert var í máli stefnanda og að endurgreiðsla eða yfirtaka breyti ekki skattskyldunni.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að dómurinn telur að ríkisskattstjóri hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar úr framtölum stefnanda og fylgigögnum þannig að endurákvörðun hefði getað farið fram án þess að afla nánari upplýsinga frá stefnanda um fjármögnun á hlutabréfakaupunum. Frestur til endurákvörðunar var því ekki liðinn þegar ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð sinn í máli stefnanda. Héraðsdómur vísaði því einnig á bug að rannsókn málsins hefði verið áfátt.

Orðrätt segir í dómi héraðsdóms um efnishlið málsins:

„Dómurinn telur ljóst, með vísan til skýringa stefnanda, sem fram komu í bréfi hans, dags. 22. október 2012, og gagna málsins, að Miðland ehf. hafi að öllu leyti fjármagnað kaup stefnanda, vegna kaupa hans á 50% hlutafjár í félaginu Miðlandi ehf. Telur dómurinn því að hér hafi verið um að ræða lánveitingu andstæða 79. gr. laga nr. 138/1994.“

Þá vísaði héraðsdómur til dóms Hæstaréttar í máli 153/2012 sem kveðinn var upp 6. desember 2012 og taldi að sá dómur hefði fordæmisgildi fyrir mál þetta. Í þeim dómi hafi Hæstiréttur slegið því föstu að ekki hafi af hálfu löggjafans verið gert ráð fyrir að endurgreiðsla lána ætti að hafa áhrif á skattskyldu. Að þessu virtu var íslenska ríkið sýknað.

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-342/2014

# Eftirgjöf skulda skv. nauðasamningi – tekjufærsla

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 21. janúar 2015 var íslenska ríkið sýknað af kröfu A1988 hf.

Málavextir eru þeir að stefnandi sem áður hét Hf. Eimskipafélag Íslands gerði nauðasamning við kröfuhafa sína á árinu

2009. Nauðasamningurinn var staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur og samkvæmt samningnum var ýmis rekstur stefnanda seldur og hluti af skuldum félagsins gefinn eftir. Samtals námu eftirgefnar skuldir kr. 90.992.523.593 og var sú eftirgjöf

tekjufærð í skattframtali stefnanda 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Ríkisskattstjóri féllst á, í kjölfar bréfaskrifta, með úrskurði dags. 22. september 2011 að leggja skattframtal stefnanda til grundvallar álagningu opinberra

gjalda 2010 að gerðri þeirri breytingu að felldur var niður frádráttur að fjárhæð kr. 55.410.845.133 undir liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“. Í úrskurði ríkisskattstjóra var ekki hróflað við tekjufærslu stefnanda á eftirgefnum skuldum að fjárhæð kr. 90.992.523.593.

Stefnandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist aðallega ómerkingar á úrskurðinum og að framtalið yrði lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda. Til vara krafðist stefnandi þess að tekjufærslu eftirgefna skulda yrði hagað í samræmi við bráðabirgðaákvæði XXXVI við tekjuskattslögin og að skattstofn hans yrði þannig lækkaður um kr. 7.422.423.853 frá því sem ákveðið var í úrskurði ríkisskattstjóra.

Yfirsattanefnd kvað upp úrskurð sinn 10. október 2012 og hafnaði kröfu stefnanda. Varakröfunni var vísað frá

Kröfurnar voru þannig verðlausar bæði að mati kröfuhafa og stefnanda. Eftirgjöfin leiddi því ekki til þess að stefnanda hlotnuðust skattskyldar tekjur í skilningi tilvitnaðs ákvæðis tekjuskattslaga.

Stefnandi hélt því fram að hafi eftirgjöf skulda ekki valdið aukningu á hreinni eign skuldara þá teljist eftirgjöfin ekki tekjur. Skattaðilinn eigi þá ekki fyrir skuldinni og krafan þannig í raun verðlaus. Þetta leiði af eðli máls því valkosturinn við nauðasamning, þ.e. gjaldþrot, leiði til þess að ekkert greiðist upp í skuldirnar umfram eignir. Greiðsla tekjuskatts af þeim skuldum sem gefnar voru eftir með nauðasamningi sé til þess fallin að skuldari verði aftur ógjaldfær sem geti svo aftur leitt til gjaldþrots. Slíkt sé í andstöðu við tilgang nauðasamninga.

Þá vísaði stefnandi til eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim lögum hafi verið að finna ákvæði sem kveðið

tekjur eða ígildi tekna sem eigi séu sérstaklega undanþegnar í lögnum eða sérlögum. Almenna reglan sé sú að allar tekjur, í hvaða formi sem þær eru, teljist til skattskyldra tekna með þeim undanþekningum sem nánar sé mælt fyrir um í lögnum. Teknahugtakið sé þannig mjög víðtækt og taki til hvers konar gæða sem skattaðila hlotnast þar með talið þess ávinnings sem felst í því að lánardrottinn falla frá kröfum sínum.

Stefndi benti á að almennt væri stofnað til skulda í atvinnurekstri vegna kostnaðar við öflun rekstraraðfanga sem dreginn hafi verið frá tekjum. Eftirgjöf skulda í rekstri leiði því almennt til þess að tekjufæra beri þá fjárhæð sem skuldari þarf ekki að greiða. Þannig leiðréttist meðal annars áður gjaldfærður rekstrarkostnaður.

Þá var á það bent af hálfu stefnda að í 28. gr. tekjuskattslaga sé upptalning á því hvað teljist ekki til tekna. Í 3. tölul. 28. gr. komi sérstaklega fram að eignaauci vegna eftirgjafar skulda samkvæmt nauðasamningi teljist ekki til skattskyldra tekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Þannig sé í lögnum miðað við að eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri skuli teljast til tekna sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði sem lögfest var með lögum nr. 104/2010. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 104/2010 kemur m.a. fram að í öllum tilvikum beri að telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri og að sú regla sé ótvíræð.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að óumdeilt sé að stefnandi hafi fengið skuldir niðurfelldar með nauðasamningi við kröfuhafa. Þá sé jafnframt óumdeilt að stefnandi hafi tekjufært umrædda niðurfellingu.

Þá er í dómnum vísað til þess að ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga beri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan þannig að ef um er að ræða eftirgjöf skulda á grundvelli nauðasamnings og skuldirnar hafa myndast í atvinnurekstri beri að tekjufæra slíka eftirgjöf. Orðrétt segir svo í dómnum:

„Þá telur dómurinn að málsástæður stefnanda um að eftirgjöf skuldanna hafi ekki haft í för með sér verðmætaaukningu hjá stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, eigi ekki við rök að styðjast, enda verður ekki betur séð en að eftirgjöfin hafi nýst honum við áframhaldandi rekstur fyrirtækisins.“

Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfu stefnanda.

”

## Fyrir héraðsdómi krafðist stefnandi þess að viðurkennt yrði með dómi að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur vegna eftirgjafar skulda stefnanda samkvæmt nauðasamningi

þar sem hún kom fyrst fram í kæru til nefndarinnar og lá því ekki fyrir ákvörðun ríkisskattstjóra um það efni sem kæranglegt væri til yfirsattanefndar.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnandi þess að viðurkennt yrði með dómi að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur vegna eftirgjafar skulda stefnanda skv. nauðasamningi. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að stefnandi hafi ekki öðlast nein þau gæði sem metin yrðu til peningaverðs við eftirgjöf skuldanna.

Stefnandi vísaði til 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til skattskyldra tekna teljist hvers konar gæði sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs. Líta verði til þess hvort þær skuldir sem eftirgefnar voru hafi falið í sér verðmæti fyrir stefnanda. Umræddar kröfur hafi verið verðlausar bæði fyrir hann og kröfuhafa.

Á þeim tíma sem nauðasamningur var undirbúinn var eigið fé stefnanda neikvætt og greiðslugeta ekki til staðar fyrir þeim skuldum sem síðar voru gefnar eftir.

hefði á um að eftirgjöf skulda teldist ekki til tekna ef sannast hefði við gjaldþrot, nauðasamning eða á annan fullnægjandi hátt að ekki væru til eignir fyrir skuldunum. Umrætt ákvæði hefði náð bæði til einstaklinga og lögaðila. Stefnandi hélt því fram að með lögfestingu á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978, nú laga nr. 90/2003, hafi einstaklingar utan atvinnurekstrar verið undanþegnir skatti af eftirgjöf skulda við nauðasamning þrátt fyrir að niðurfelling skuldanna fæli í sér að eigið fé þeirra yrði jákvætt. Orðalag í greinargerð með breytingunni benti ekki til þess að hrófla ætti við þeirri reglu sem gildir um verðlausar kröfur í atvinnurekstri.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og studdi kröfur sínar þeim rökum að tekjufærsla umræddra eftirgefna skulda stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga.

Stefndi vísaði til ákvæðis 9. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til tekna teljist sérhverjar aðrar

# Virðisaukaskattur – innskattsréttur – lokað virðisaukaskattsnúmer

Þann 18. maí 2015 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem Vörðuholt ehf. höfðaði gegn íslenska ríkinu.

Málavextir eru þeir að á árinu 2011 keypti stefnandi þjónustu af félaginu Gott mál ehf. og nýtti virðisaukaskatt á reikningunum til innskóttunar. Ríkisskattstjóri tilkynnti stefnanda að fyrirhugað væri að endurákvæða áður álagðan virðisaukaskatt stefnanda fyrir öll uppgjörstímabil ársins 2011 og lækka innskatt þar sem Gott mál ehf. hefði ekki verið með opið virðisaukaskattsnúmer þegar stefnandi innskattaði reikningana. Vísaði ríkisskattstjóri til 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt sbr. lög 163/2010 sem breyttu framangreindu ákvæði. Ríkisskattstjóri vísaði til þess að einfalt væri að ganga úr skugga um hverjir væru með opið virðisaukaskattsnúmer á vefsíðu stofnunarinnar.

Með úrskurði dags. 16. september 2013 staðfesti ríkisskattstjóri boðun sína og hækkaði virðisaukaskattur stefnanda samtals um kr. 8.385.994 að viðbættu álagi. Í úrskurðinum kom fram að ríkisskattstjóri túlki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt samkvæmt almennri lögskýringu og byggi endurákvörðunina á því að seljandi þjónustunnar, samkvæmt útgefnum reikningum, hefði átt að vera skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin áttu sér stað. Á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað hafi hann aftur á móti verið með lokað virðisaukaskattsnúmer og því ekki skráður. Reikningarnir hafi því ekki verið innskattshæfir.

Úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til yfirsattanefndar og hafnaði nefndin öllum kröfum stefnanda með úrskurði dags. 2. apríl 2014 sbr. úrskurð nr. 70/2014.

Að svo komnu máli höfðaði stefnandi mál gegn íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á bæði úrskurði ríkisskattstjóra og úrskurði yfirsattanefndar og viðurkenningar á því að honum væri heimilt að innskatta reikninga á árinu 2011.

Kröfur sínar studdi stefnandi þeim rökum að niðurstöður í úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar væru ekki byggðar á lögum. Stefnandi geti ekki fallist á túlkanir ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar. Grundvallarmunur sé á því að vera skráður á virðisaukaskattsskrá annars vegar og vera með opið virðisaukaskattsnúmer hins vegar. Það tvennt þurfi ekki að fara saman. Allir sem skráðir séu á virðisaukaskattsskrá séu annað hvort með opið eða lokað virðisaukaskattsnúmer. Túlkun ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar er því rýmri en orðalag 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt gefi til kynna og í andstöðu við 1. málsl. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi vísaði til þess að hann hafi farið að öllum gildandi lögum og reglum um virðisaukaskattsskil og hefðbundnu verklagi við uppgjör og skil á virðisaukaskatti. Stefnandi hafi kannað hvort á reikningum frá Góðu máli ehf. væri virðisaukaskattsnúmer en þeir sem ekki séu skráðir á virðisaukaskattsskrá séu ekki með virðisaukaskattsnúmer. Í lögum um virðisaukaskatt komi ekki fram hvernig ganga eigi úr skugga um hvort viðkomandi viðskiptavinur sé skráður á virðisaukaskattsskrá. Engin lögbundin aðferð sé því til svo unnt sé að uppfylla áskilnað ákvæðisins. Stefnandi hafi verið í góðri trú.

Að auki vísaði stefnandi til þess að viss ómöguleiki sé fyrir hendi í rökstuðningi skattyfirvalda og það sé ógildingarannmarki á úrskurðinum. Það sé skattyfirvalda að halda uppi skatteftirliti og að ómögulegt sé fyrir fyrirtæki að þurfa í hvert sinn sem þau kaupir vörur eða þjónustu að fletta viðsemjendum upp hjá skattyfirvöldum til að kanna hvort að heimild sé til að innskatta reikninga. Slík kvöð sé svo íþyngjandi í framkvæmd að hún sé óframkvæmanleg.

Stefnandi benti á að hann hefði nú þegar greitt þann skatt sem honum sé nú aftur gert að greiða í ríkissjóð. Honum sé því mismunað með því að greiða sama

skattinn tvisvar. Um brot á jafnræði sé að ræða. Réttara væri að stefndi krefði Gott mál ehf. um þann virðisaukaskatt sem stefnandi sé krafinn um. Ríkinu beri að leiðrétta þegar virðisaukaskattur er ofgreiddur en það sé ekki á ábyrgð skattaðila sjálfra að leiðrétta slíkar ofgreiðslur.

Ennfremur vísaði stefnandi til þess að honum væri með ólögætum hætti gert að greiða skatt í ríkissjóð sem öðrum skattgreiðanda hafi borið að greiða. Hann sé með því sviptur eign sinni án lögmætra lagafyrirmæla vegna vanskila annars ótengds skattgreiðanda.

Að lokum taldi stefnandi að stjórn-sýslulög hafi verið brotin við meðferð málsins, einkum rannsóknarreglan, jafnræðisreglan, meðalhófsreglan og reglan um rökstuðning. Af þeim sökum beri að ógilda úrskurðina.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að ágallar væru á stefnu stefnanda sem leiða ætti til frávísunar án kröfu. Stefnandi krefjast ógildingar á úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar ásamt því að krefjast viðurkenningar á innskattsrétti. Óþarfi sé að gera slíka viðurkenningarkröfu þar sem að dómur um ógildingu á úrskurðinum fæli í sér að stefnanda væri heimilt að nýta þann innskatt sem um er deilt. Varakröfu stefnanda bæri því að vísa frá dómi.

Stefndi benti ennfremur á að í stefnu væri að finna orðréttan skriflegan málflutning fyrir yfirsattanefnd. Stefnan uppfylli því hvorki skilyrði laga um meðferð einkamála um gagnorða lýsingu málsástæðna og annarra atvika né meginreglu einkamálaréttarfars um munnlegan málflutning.

Sýknukröfu sína byggði stefndi á því að úrskurðir þeir sem krafist sé ógildingar á séu í einu og öllu að lögum. Þá hafi engar málsmeðferðarreglur stjórn-sýsluréttarins verið brotnar við meðferð málsins. Ríkisskattstjóri hafi sent fyrirsparnarbréf, veitt andmælarétt og svarað þeim andmælum sem bárust. Stefnandi hafi komið öllum

sínum sjónarmiðum á framfæri áður en kveðinn var upp úrskurður í málinu. Þá hafi málið verið fullrannsakað áður en ákvörðun var tekin.

Stefndi reifaði að það sé skilyrði fyrir innskattsfrádrætti að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki sem viðskipti eiga sér stað. Ákvæðið hafi tekið gildi 1. janúar 2011. Skilyrði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar um lögbundna skattlagningarheimild sé því án vafa fyrir hendi. Ennfremur hafi ríkisskattstjóri vakið athygli á lagabreytingunni í orðsendingu sem birst hafi á vefnum.

Stefndi vísaði til lögskýringargagna þar sem fram komi að ákvæðið hafi gagnert verið fest í lög til að stemma stigu við þeirri aðstöðu að skattaðili geti talið virðisaukaskatt til innskatts án þess að viðsemjandi hans sé með opið virðisaukaskattsnúmer, en þrátt fyrir það gefið út reikninga með virðisaukaskattsnúmeri og ekki staðið skil á skattinum í ríkissjóð. Tilgangur lagasetningarinnar hafi þannig verið að hvetja kaupendur vöru og þjónustu til að eiga eingöngu viðskipti við þá sem skráðir séu á virðisaukaskattsskrá. Með hugtakinu virðisaukaskattsskrá sé átt við grunnskrá virðisaukaskatts sem ríkisskattstjóri haldi.

Í skattframkvæmd hafi orðnotkunin „skráning á virðisaukaskattsskrá“ og „opin virðisaukaskattsnúmer“ verið notuð jöfnum höndum um sömu aðstæður aðila í rekstri. Enginn efnislegur eða lagalegur munur sé á þessari orðnotkun. Í lögskýr-

ingargögnum sé ekki gerður greinarmunur á þessari orðnotkun.

Skráning ríkisskattstjóra á skattskyldum aðila í grunnskrá virðisaukaskatts og útlutun skráningarnúmers sé samofið ferli sem ekki verði skilið á milli. Sama gildi við afskráningu aðila. Skráningarnúmer verður ekki fellt úr gildi án þess að aðili sé felldur af skrá. Sú ákvörðun að fella niður innskattsfrádrátt stefnanda var byggð á þeim grundvelli að Gott mál ehf. hafi verið með lokað virðisaukaskattsnúmer á því ári sem viðskiptin fóru fram. Skýrt orðalag 2. másl. 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt kveði á um að við slíkar aðstæður sé innskattsfrádráttur óheimill.

Þá var þeirri málsástæðu stefnanda um að hann væri tvíkráfinn um greiðslu sama skattsins mótmælt sem rangri og órókstuddri. Felldur hafi verið niður innskattur hjá stefnanda og það hafi í för með sér að hann fái ekki endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem hann greiddi vegna viðskiptanna við Gott mál ehf. á árinu 2011. Ekki sé um það að ræða að stefnandi hafi greitt virðisaukaskatt tvisvar af sömu viðskiptunum og engin tvísköttun átti sér því stað.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að ekki þyki ástæða til að vísa varakröfu stefnanda frá dómi þrátt fyrir annmarka á henni. Þá var fallist á með stefnda að stefnan sé andstæð lögum um meðferð einkamála en þó hafi annmarki á stefnunni ekki valdið réttarspjöllum fyrir stefnda.

Hvað efnisþátt málsins varðar vísaði dómari til þess að í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2010 þar sem lögfest var það skilyrði að innskattsréttur væri bundinn því að viðsemjandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað, væri lagt að jöfnu að vera skráður á virðisaukaskattsskrá og vera með opið virðisaukaskattsnúmer. Óhjákvæmilegt sé að líta svo á að með því að virðisaukaskattsnúmeri aðila sé lokað sé hann felldur af virðisaukaskattsskrá.

Þá var á það bent að löggjafinn hafi haft fulla heimild til að skipa málum með þeim hætti að það væru skattaðilar sjálfir sem ættu að fylgjast með því hvort reikningar uppfylli kröfur laga um virðisaukaskatt fyrir innskattsfrádrætti. Hafi þetta m.a. verið ákveðið með vísan til þess að einfalt væri að nálgast upplýsingar um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila og að það stæði skattaðilanum sjálfum næst að fylgjast með þessu.

*Hvað varðar málsástæðu stefnanda þess efnis að hann hefði tvígreitt sama skattinn vísaði dómari til þess að synjun á endurgreiðslu fæli ekki í sér tvígreiðslu. Að lokum var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri séð að stjórn-sýslureglur hefðu verið brotnar við meðferð málsins. Íslenska ríkið var því sýknað samkvæmt framansögðu af kröfum stefnanda.*

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2025/2014

# Samsköttun – fjármálafyrirtæki í slitameðferð – varakrafa tekin til greina

Þann 21. maí 2015 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem Glitnir hf. höfðaði gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi er fjármálafyrirtæki í slitameðferð samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í árslok 2009 gerði stefnandi samkomulag við ís-

lenska ríkið um að hann myndi eignast meirihluta í Íslandsbanka hf. Eignarhald stefnanda á Íslandsbanka sé í höndum félagsins ISB Holding ehf. sem er að öllu leyti í eigu GLB Holding ehf. sem stefnandi á svo að fullu. GLB Holding ehf. á svo þrjú önnur félög, SAT Eignarhaldsfélag hf., GL Investments ehf. og Steinvirki

ehf. Saman hafi þessi dótturfélög ásamt stefnanda myndað samstæðu allt frá árslokum 2009.

Í bindandi álitni sem ríkisskattstjóri gaf út 3. febrúar 2010 var því hafnað að samsköttunarskilyrðum tekjuskattslaga væri fullnægt þar sem fjármálafyrirtæki í slitameðferð hefði stöðu þrotabús í skatta-



legum skilningi sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga. Umrætt álit ríkisskattstjóra var kært til yfirskattanefndar sem komst að öndverðri niðurstöðu í úrskurði sínum dags. 27. október 2010.

Í kjölfar úrskurðar yfirskattanefndar hefði svo verið lagt fram á Alþingi lagafrumvarp þar sem meðal annars var lagt til að við 1. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga yrði bætt málslið sem kvæði á um að samsköttun væri ekki heimil m.a. fjármálafyrirtækjum sem væru í slitameðferð samkvæmt 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Umrætt lagafrumvarp var samþykkt sbr. lög nr. 165/2010. Lögin tóku gildi 31. desember 2010.

Í febrúar 2011 hefði stefnandi sótt um samsköttun með dótturfélögum sínum fyrir rekstrarárið 2010 og síðar. Ríkisskattstjóri hafi hafnað umsókninni með vísan til 1. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 165/2010.

Stefnandi höfðaði mál gegn ríkisskattstjóra og íslenska ríkinu og krafðist þess aðallega að ákvörðun ríkisskattstjóra frá 24. maí 2011 um að synja stefnanda og dótturfélögum um heimild til samsköttunar yrði felld úr gildi.

Varakrafa stefnanda laut að því að áður nefnd ákvörðun ríkisskattstjóra yrði felld úr gildi vegna gjaldársins 2011.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að ákvörðun ríkisskattstjóra væri byggð á rangri túlkun á 1. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga. Sú breyting sem lögfest hafi verið á ákvæðinu með 8. gr. laga nr. 165/2010 girði ekki fyrir samsköttun stefnanda og dótturfélaga hans. Stefnandi óski ekki eftir að nýta fyrri rekstrartöp fyrir slitameðferð gagnvart framtíðartekjum samskattaðra félaga enda hafi það aldrei verið heimilt.

Þá vísaði stefnandi til þess að hvorki tilvitnað lagaákvæði né löggjafarviljinn eins og hann komi fram í nefndarálini girði fyrir að félag í slitameðferð verði samskattað með dótturfélögum sínum eftir að slitameðferð hefjist. Slíkar hömlur á áframhaldandi rekstri stefnanda séu ekki í nokkru samræmi við ákvæði 55. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið hamli því ekki að samsköttun verði tekin upp eftir að slitameðferð hefjist – orðalag ákvæðisins eigi við um samsköttun sem sé þegar hafin. Í tilviki stefnanda hafi sú breyting verið löngu yfirstaðin áður en sótt hafi verið um heimild til samsköttunar. Rekstur stefnanda hafi verið kominn í fast horf þar sem fjöldi starfsmanna vinni að því að halda utan um umtalsverðar eignir og

rekstur stefnanda. Ef löggjafinn hefði tekið fram að samsköttun væri óheimil á meðan slitameðferð stæði yrði niðurstaðan önnur. Það hefði aftur á móti ekki verið gert.

Í öðru lagi byggði stefnandi á því að breyting sú sem lögfest hafi verið með 8. gr. laga nr. 165/2010 mismuni honum á ómálefnalegan hátt. Stefnanda sé ókleift að hljóta samsköttun með dótturfélögum sínum vegna þess að hann eigi í rekstrarerfiðleikum eins og fjölmörg önnur félög sem ekki séu látin lúta sömu íþyngjandi reglum. Ákvæðið standist þannig hvorki óskráða jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins né jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Þá benti stefnandi á að lögfesting á títtnefndri 8. gr. laga nr. 165/2010 hafi verið í andstöðu við ætlan aðila og réttmætar væntingar stefnanda þegar Íslandsbanki varð til og stefnandi keypti hann. Það séu í reynd aðeins örfá félög sem falli undir ákvæðið og þessi félög séu meðhöndluð með öðrum hætti en önnur sambærileg félög.

Stefnandi vísaði til þess að félag í slitameðferð teljist ekki hafa sömu stöðu að skattalögum og þrotabú gjaldþrota félags. Slitameðferð sé lögákvæðin aðferð við að vinna úr rekstrarvanda fjármálafyrirtækja. Ef vel gangi endi það með gerð nauðasamnings og áframhaldandi rekstri um ókomna tíð. Af þeim sökum geti mismunur á rekstri hans og öðrum rekstri ekki verið réttlætunleg á grundvelli þess að stefnandi sé í slitameðferð. Skattskylda stefnanda breytist ekki við að hann sé tekinn til slitameðferðar og að hún breytist ekki nema til gjaldþrots komi.

Jafnframt benti stefnandi á að hann hefði gert ráð fyrir því í góðri trú og lögum samkvæmt að hann fengi leyfi til samsköttunar vegna rekstrarársins 2010. Breytingin sem samþykkt hafi verið sé afturvirk með verulega íþyngjandi hætti fyrir stefnanda. Tap hafi verið af rekstri hans það ár en hagnaður af rekstri dótturfélaga. Sá hagnaður hafi ekki átt að skattleggjast vegna samsköttunarinnar. Lagabreyting á síðasta degi ársins 2010 komi í veg fyrir slíka samsköttun og sé hún afturvirk. Afturvirkni skattalaga sé bönnuð samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar og eigi skattaðilar í krafti þess ákvæðis að geta treyst því að reglum verði ekki breytt afturvirkta hvað þá með íþyngjandi hætti líkt og gert hafi verið.

Stefndu kröfðust sýknu og byggðu á því að meðferð málsins og synjun um samsköttun hafi verið í samræmi við lög.

Stefndi benti á að í nefndarálini meiriluta efnahags- og skattanefndar komi

fram að ætlunin með lagabreytingunni sé að kveða skýrar á um að sú heimild sem veitt er til samsköttunar hlutafélags og einkahlutafélags falli niður þegar eiginlegum atvinnurekstri og störfum hefðbundinnar félagsstjórnar teljist lokið vegna gjaldþrots eða slitameðferðar. Við túlkun á 55. gr. tekjuskattslaga verði að hafa í huga meginregluna um að hlutafélög og einkahlutafélög skuli skattlögð sjálfstætt óháð öðrum lögaðilum. Samsköttunarheimildin sé þannig undantekning frá meginreglunni um sjálfstæða skattlagningu hlutafélaga.

Skýra verði 55. gr. tekjuskattslaga þannig að þau félög sem hafa ýmist verið tekin til gjaldþrotaskipta eða sæta slitameðferð geti ekki verið hluti af samsköttun félagsamstæðu. Starfsemi félags í slitameðferð miðist ekki að áframhaldandi óbreyttum rekstri í hagnaðarskyni um ókomna tíð heldur sé um niðurtalningu rekstrar að ræða. Starfsemin taki mið af því að ljúka rekstri og hámarka virði krafna kröfuhafa. Skýrt orðalag 8. gr. laga nr. 165/2010 sé ótvírætt lögfest að samsköttun með félagi í slitameðferð sé óheimil.

Þá mótmæltu stefndu því að lagaákvæðið mismuni stefnanda með ólögætum hætti. Í jafnræðisreglunni felist að úr sambærilegum málum skuli leyst á sambærilegan hátt á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslum. Í skattalögum sé að finna ýmis dæmi um að sérreglur, ívilnandi og íþyngjandi, gildi um tiltekna hópa án þess að því sé haldið fram að jafnræði sé brotið. Mismunurinn í þessum tilvikum sé ekki ólögæt þar sem fyrir henni séu málefnaleg, hlutlæg og eðlileg rök, auk þess sem hún stefni að réttmætu markmiði.

Stefnandi sé í nákvæmlega sömu stöðu og aðrir, þar sem ýmist móður- eða dótturfélag innan samstæðu sé í slitameðferð. Ekki verði séð að um brot á jafnræði sé að ræða óháð því hversu margir séu raunverulega í sömu sporum og stefnandi í dag.

Vegna afturvirkni vísuðu stefndu til þess að breytingin á 55. gr. tekjuskattslaga hafi ekki falið í sér afturvirka skattlagningu þar sem árið 2010 var ekki liðið þegar breytingin tók gildi. Ekki liggi fyrir fyrr en í lok tekjuárs hvort skilyrði samsköttunar séu uppfyllt. Stefnandi hafi því ekki getað gert ráð fyrir að skilyrði til samsköttunar væru uppfyllt fyrr en við lok þess tekjuárs.

Þá töldu stefndu að tilvísun til 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar ætti ekki við þar sem skattaðilar verði að búa við það að löggjafinn grípi inn í allt viðkomandi tekjuár með nýjum og breyttum skilyrðum. Ekki

hafi verið lagður á nýr skattur eða skatthlutfall verið hækkað með afturvirkum hætti.

Í niðurstöðum dómsins kom fram að orðalag þess málsliðar sem deilt er um feli í sér án nokkurs vafa að á meðan fjármálafyrirtæki sætir slitameðferð falli niður heimild, sem ella hefði verið fyrir hendi, til að skattleggja það með öðru hlutafélagi. Ákvæðið gefi ekki tilefni til þrengjandi lögskýringar líkt og stefnandi haldi fram þannig að heimild til samsköttunar falli eingöngu niður þegar félag er tekið til slitameðferðar, en girði ekki fyrir að fallist sé á umsókn um samsköttun sé félagið þegar í slitameðferð.

Jafnframt kemur fram í forsendum dómsins að hafa verði í huga að bú fjármálafyrirtækis verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum jafnvel þótt skilyrðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sé fullnægt svo að fallast megi á gjaldþrotaskipti. Lögskýlt sé að haga slitum á stefnanda á þann veg sem mælt sé fyrir um í lögum um fjármálafyrirtæki. Þegar litið sé til þeirra reglna sem gildi um slit á fjármálafyrirtækjum er einsýnt að fjármálafyrirtæki sem sætir slitameðferð sé í mjög hliðstæðri aðstöðu og þrotabú í skilningi laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Starfsemi fyrirtækisins miði að því að koma eignum þess í verð þannig að gera megi upp við kröfuhafana.

Að þessu virtu taldi dómari að leggja yrði til grundvallar að fjármálafyrirtæki í slitameðferð eigi svo margt sammerkt með þrotabú sem er undir gjaldþrotaskiptum að málefnalegt sé að láta sömu reglur gilda um þau sem girða fyrir möguleika þeirra til samsköttunar með dótturfélögum.

Þá kom fram að ekki væri séð að lagasetningunni hefði verið beint gegn stefnanda og að játa yrði löggjafanum vald til að ákveða hvernig skattlagningu skuli hagað. Ekki hafi því verið farið út fyrir mörk stjórnskipulegrar meðalhófsreglu.

Vegna málsástæðu stefnanda að um afturvirka lagasetningu væri að ræða segir í dómi héraðsdóms að reglur um frádrátt lögaðila frá skattskyldum tekjum þeirra hafi áhrif á þann gjaldstofn sem ráði því hvaða skattur er lagður á þá. Lagafyrirmæli um heimild hlutafélaga innan tiltekinna samstæðu til samsköttunar ráði miklu um þennan gjaldstofn enda ráðist tekjuskattur þeirra af sameiginlegum tekjuskattstofni allra hlutafélaganna. Lagasetning sem þrengi heimild til að draga tap af rekstri eins hlutafélags frá tekjum annars

félags innan samstæðunnar má því ekki gilda aftur fyrir sig sbr. 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Ennfremur kemur fram í forsendum dómsins að stefnandi hafi uppfyllt eignarhaldsskilyrði 1. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga út árið 2010 sem og önnur almenn skilyrði laganna til þess að unnt væri að samskatta hann með dótturfélögum sínum. Með lögfestingu 8. gr. laga nr. 165/2010 var að öllu leyti girt fyrir að skattur yrði lagður á samstæðuna á grunni sameiginlegs tekjuskattstofns hlutafélaganna sem markaðist af tekjum og gjöldum sem stofnað var til á árinu 2010. Þar sem sú lagasetning tók ekki gildi fyrir en á síðasta degi þess árs var óheimilt skv. 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar að láta hana gilda um tekjuárið 2010 og þar með við álagningu 2011. Lagasetning hafi hins vegar tekið til síðari gjaldára og er ekki unnt að taka aðalkröfu stefnanda til greina á þeim grundvelli.

*Varakrafa stefnanda var samkvæmt framansögðu tekin til greina og var ákvörðun ríkisskattstjóra um að synja um heimild til samsköttunar vegna rekstrarársins 2010 felld úr gildi.*

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5039/2014

# Kaup- og söluréttur hlutabréfa - starfssamband

Þann 7. júlí 2015 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem Þórður Már Jóhannesson höfðaði gegn íslenska ríkinu.

Málavextir eru þeir að stefnandi, sem var forstjóri Straums hf., keypti á árinu 2003 hlutabréf í félaginu. Samhliða kaupunum voru gerðir samningar milli stefnanda og vinnuveitanda hans um sölurétt sem veitti stefnanda rétt til að selja félaginu að tveimur árum liðnum hlutabréfin á sama gengi og hann hafði keypt þau á að viðbættum fjármagnskostnaði. Hlutabréfakaupin voru fjármögnuð með láni og voru hlutabréfin sett að handveði til tryggingar láninu.

Á árinu 2004 gerðu stefnandi og vinnuveitandi hans svo samkomulag um

að fallið yrði frá kvöð í söluréttarsamningnum um tveggja ára eignarhaldstíma hlutabréfanna og seldi stefnandi hlutabréfin og greiddi upp lánið sem tekið hafði verið til fjármögnunar á kaupunum. Á skattframtali 2005 vegna tekjuársins 2004 taldi stefnandi fram hagnað af sölu hlutabréfa að fjárhæð kr. 47.600.000.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var á því byggt að þær tekjur sem stefnandi fékk vegna sölu á hlutabréfunum væru tilkomnar vegna launatengdra starfskjara í formi kaupréttarútfærslu sem skattleggja bæri sem laun en ekki sem fjármagnstekjur. Yfirsattanefnd féllst á þá túlkun ríkisskattstjóra enda bæri að líta á samkomulag stefnanda og Straums hf. um niðurfellingu á sölurétti sem nýtingu

stefnanda á kauprétti að hlutabréfum í Straumi, sem stefnandi hefði í raun öðlast á árinu 2003 vegna starfa í þágu félagsins. Fjárhagsleg ábyrgð og áhætta stefnanda hefði verið hverfandi og í raun hefði verið um að ræða óskoraða ábyrgð vinnuveitanda hans á endurgreiðslu þess láns sem tekið hafði verið til hlutabréfakaupanna.

Stefndi undi ekki framangreindri niðurstöðu og höfðaði mál til ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra og úrskurði yfirsattanefndar. Í dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 14. október 2011 í máli nr. 241/2010 kemur fram að ljóst væri að stefnanda hefðu verið veitt hlunnindi sem stóðu honum til boða vegna þess að hann var starfsmaður Straums hf. Þau hlunnindi væru skattskyld sem laun. Í

úrskurðum skattýfirvalda hefði ekki verið byggt á réttum grundvelli og því var aðalkrafa stefnanda tekin til greina og úrskurðirnir felldir úr gildi.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar tók ríkisskattstjóri skattskil stefnanda aftur til skoðunar og þann 17. október 2012 var kveðinn upp úrskurður vegna gjaldársins 2007. Í þeim úrskurði var á því byggt að á árunum 2004 og 2005 hafi stefnandi í nafni einkahlutafélags síns gert tvo samninga við vinnuveitanda sinn Straum hf. um starfstengd kaup á hlutabréfum í Straumi. Samhliða kaupsamningunum hafi verið gerður söluréttarsamningur við Straum sem kvað á um sölurétt eignarhaldsfélags stefnanda og skilyrtan kauprétt Straums á hlutabréfunum. Að auki var gerður lánasamningur um fjármögnun á hlutabréfakaupunum. Lánstíminn var jafnlangur söluréttartíma stefnanda og kauprétti Straums – 2 ár. Í söluréttinum fólst að eignarhaldsfélag stefnanda gat gengið út úr samningunum sér að kostnaðarlausu ef þróun á gengi hlutabréfanna yrði óhagstæð. Þannig var félagið tryggt fyrir lækkun á markaðsvirði hlutabréfanna. Í kauprétti Straums fólst m.a. trygging fyrir því að stefnandi héldi áfram starfi sínu hjá félaginu og ætti hlutabréfin í tiltekinn tíma.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var litið svo á að með framangreindum samningum hefði Straumur veitt stefnanda starfstengd hlunnindi og að tekjur vegna hlunnindanna væru mismunur á annars vegar markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma þegar söluréttur stefnanda og kaupréttur Straums féllu úr gildi og hins vegar því verði sem Straumur hefði getað neytt söluréttarins fyrir. Þá taldi ríkisskattstjóri að líta bæri framhjá því að samningarnir hefðu formlega verið gerðir milli vinnuveitanda stefnanda og eignarhaldsfélags í hans eigu enda byggðu þeir á starfssambandi stefnanda og vinnuveitanda hans. Tekjurnar sem fólust í samningunum áunnust frá 18. júní 2004 og þar til stefnandi lét af störfum þann 21. júní 2006 þegar samið var um niðurfellingu söluréttar og kaupréttar og stefnandi seldi hlutabréfin. Þessar tekjur bæri að skattleggja sem laun.

Framangreindur úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til yfirskattanefndar sem staðfesti þann skilning að um væri að ræða persónulegar tekjur stefnanda sem sprottunar hafi verið af starfssambandi hans og Straums hf. Í úrskurði yfirskattanefndar var fallist á að lækka tekjufærslu ríkisskattstjóra um kr. 347.500.000 á þeirri forsendu að stefnandi hefði losnað úr

viðjum kaupréttarins hinn 7. september 2005 og af þeim sökum hefði ríkisskattstjóra verið óheimilt að endurákvæða opinber gjöld vegna þess tekjuárs.

Að svo komnu máli höfðaði stefnandi annað mál og krafðist þess aðallega að úrskurður yfirskattanefndar og úrskurður ríkisskattstjóra yrðu felldir úr gildi og að tekjuskattstofn stefnanda yrði lækkaður um kr. 596.091.170.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að þó svo að eignarhaldsfélag stefnanda hefði verið lögformlegur eigandi hlutabréfanna þá hefði félagið hvorki borið fjárhagslega áhættu af þeim né notið fjárhagslegs ávinnings af bréfunum nema stefnandi starfaði hjá Straumi á gildistíma samninganna eða væri sagt upp án vanefnda á starfsskyldum sínum. Þegar stefnanda var svo sagt upp losnaði eignarhaldsfélagið undan kauprétti Straums og sölubanni á bréfunum og gat selt þau á markaði. Við sölu á hlutabréfunum innleysti félagið því söluhagnað af bréfunum sem nam kr. 1.157.500.000. Þar að auki naut félagið arðs af bréfunum á árunum 2004-2006 samtals að fjárhæð kr. 114.944.135.

Héraðsdómur taldi ljóst að umræddir samningar hefðu ekki verið gerðir nema fyrir þær sakir að stefnandi starfaði hjá Straumi. Með samningunum fékk stefnandi hlunnindi sem stóðu honum til boða sem starfsmanni Straums og með þeim skilyrðum að hann yrði það áfram í tiltekinn tíma. Samningarnir voru liður í kaupréttaráætlun Straums. Að þessu virtu taldi dómurinn ljóst að með samningunum hefði stefnandi fengið hlunnindi sem skattleggja ætti sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga.

Þá kemur fram í dómnum að umræddir samningar hefðu haft sömu fjárhagsleg áhrif fyrir stefnanda og ef hann hefði í raun fengið hefðbundinn skilyrtan kauprétt að hlutabréfum Straums. Héraðsdómur slær því föstu að ákvæði 9. gr. tekjuskattslaga eigi ekki við um samningana og að í tekjuskattslögum sé ekki að finna önnur ákvæði sem taki beint til þeirra. Af þeim sökum séu hlunnindin felld undir 1. tölul. A-liðar 7. gr.

Jafnframt var fallist á það með stefnda, íslenska ríkinu, að tekjur stefnanda hafi fallið til þegar eignarhaldsfélag hans losnaði undan kvöð um kauprétt Straums enda hefði félagið fyrir þann tíma ekki notið þeirra arðstekna og óinnleysta söluhagnaðar sem til hafði orðið á eignarhaldstímanum.

Héraðsdómur taldi ennfremur að ákvörðun og skattlagning fríðinda og

hlunninda sem tekin var í úrskurði ríkisskattstjóra jafngilti ekki lagasetningu heldur hefðu nýir viðskiptahættir verið felldir undir gildandi lög. Skattlagning sem slík bryti þannig ekki í bága við bann stjórnarskrárinnar um afturvirkni skattalaga. Þá væri skýrt tekið fram í skattmatsreglum að við skattlagningu hlunninda bæri að miða við markaðsvirði þeirra og ekki væri að finna sérreglur um verðmat hlunnindanna í reglunum.

Hvað efnishlið málsins varðar þá kemur fram í dómi héraðsdóms að þar sem ekki hefði reynt á söluréttinn þar sem stefnandi hefði selt bréfin á markaði þá hefði hann ekki þýðingu við skattlagninguna. Hið sama gildi um kaupréttinn sem Straumur fékk – á hann hefði ekki reynt og hann væri því ekki skattandlag hjá stefnanda.

Tekjur stefnanda hefðu fallið til þegar eignarhaldsfélag hans losnaði undan kaupréttarkvöðinni annars vegar þann 7. september 2005 og hins vegar 21. júní 2006. Frestur til endurákvörðunar vegna tekjuársins 2005 rann út á árinu 2011 og af þeim sökum var ekki hægt að endurákvæða skatt hjá stefnanda vegna þess tekjuárs.

Tekjur stefnanda vegna seinni samningsins mynduðust eins og fyrr segir þann 21. júní 2006 þegar stefnanda var sagt upp störfum hjá Straumi. Þær tekjur námu mismun á verðmæti hlutabréfanna og kaupverði bréfanna samkvæmt kauprétti. Gangverð eignarhlutarins var kr. 2.925.000.000 miðað við gengisskráningu hlutabréfanna í kauphöll. Ríkisskattstjóri miðaði þó við söluverð eignarhaldsfélagsins sem var 2.835.000.000 kr. í úrskurði sínum og telur héraðsdómur að tekjur samningsins hafi verið vanáætlaðar í úrskurði ríkisskattstjóra. Héraðsdómur taldi að sama skapi að tekjur af samningunum hafi verið vanáætlaðar sem nemur þeim arði sem eignarhaldsfélag stefnanda fékk af hlutabréfunum. Orðrétt segir svo í dómi héraðsdóms:

*„Af öllu ofangreindu er því ljóst að í úrskurði yfirskattanefndar eru tekjur Brekku ehf. vegna seinni samningsins réttilega ákvarðaðar sem skattskyld hlunnindi stefnanda skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, en jafnframt að fjárhæð þeirra er nokkuð vanáætluð. Vegna þessa verður að taka aðalkröfu stefnda til greina og sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.“*



**E**inn af vorboðunum í rekstri stofnana er kynning á niðurstöðum Stofnunar ársins, árlegrar vinnumarkaðskönnunar sem er ein sú stærsta sinnar tegundar á landinu. Að framkvæmd og úrvinnslu hennar stendur SFR-stéttarfélag í almannajónustu í samstarfi við Gallup og fjármála- og efnahagsráðuneytið, en fimmtudaginn 7. maí sl. voru niðurstöður kynntar í tíunda sinn.

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru greindar er stofnunum skipt í þrjá stærðarflokka eftir því hversu margir starfa í þeim. Þær stofnanir sem eru með 50 starfsmenn og fleiri teljast vera stórar, stofnanir með 20-49 starfsmenn fara í milliflokk og stofnanir

með færri en 20 starfsmenn teljast vera litlar í þessu samhengi. Í hverjum flokkanna þriggja hljóta þær fimm stofnanir sem fá bestu útkomuna sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun og mega nota heitið og merkið sem því fylgir í kynningarefni sínu í eitt ár.

Val á Stofnunum ársins og Fyrirmyndarstofnunum byggist á svörum tæplega 12.000 starfsmanna hjá ríki og sjálfseignarstofnunum og því ljóst að margir hafa þar tækifæri til að láta skoðun sína á aðbúnaði og líðan á vinnustað í ljós.

Í flokki stórra stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri fengu ríkisskattstjóri, Fjölbrotaskóli Suðurnesja, Reykjalundur, Íslenskar orku-



*Inga Hanna Guðmundsdóttir, Ingvar J. Rögnvaldsson, Elín Alma Arthursdóttir, Jónas Magnússon, Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, Jónína B. Jónasdóttir, Jens Þór Svansson, Magnea Bjarnadóttir, Margrét Ríkarósdóttir, Vigfús Vigfússon, Margrét Högnadóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Björn K. Björnsson, Halldóra Viðarsdóttir, Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Jóhannes Jónsson, Helga Valborg Steinarsdóttir, Kristín Guðjónsdóttir og Sigríður L. Lúðvíksdóttir, allt starfsmenn RSK, tóku á móti viðurkenningunni Stofnun ársins 2015.*

rannsóknir og Fjölbrautaskólinn við Ármúla viðurkenningar sem Fyrirmyndarstofnanir að þessu sinni. Ríkisskattstjóri var með bestu útkomuna í flokki stórra stofnana og því sæmdu þeim heiðri að vera Stofnun ársins 2015.

Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunar. Hún gefur góða mynd af starfsumhverfi stofnana og starfsánægju og geta starfsmenn þeirra nýtt niðurstöðurnar til að leggja mat á eigin vinnustað í samanburði við aðra auk þess sem hún gefur stjórnendum innsýn í stöðu starfsmanna-mála og í samanburð við aðra.

Frá sameiningu ríkisskattstjóra og fyrrum embætta skattstjóra landsins hefur þróun útkomu úr könnun á Stofnun ársins verið sem hér greinir, en fyrir sameininguna hafði ríkisskattstjóri einu sinni fengið nafnbótina Stofnun ársins, en það var árið 2008. ■

2015 – 1. sæti  
2014 – 2. sæti  
2013 – 4. sæti  
2012 – 3. sæti  
2011 – 2. sæti  
2010 – 5. sæti



# Heimagisting

*Fátt hefur verið meira í umræðunni en fjöldi þeirra einstaklinga sem drýgir tekjur sínar með því að leigja út til ferðamanna íbúð, hluta íbúðar eða sumarhús, ýmist allt árið eða að hluta. Starfsmenn skattyfirvalda eru ítrekað spurðir um hvernig beri að telja fram tekjur af útleigunni.*



**Sigurður Jensson**  
sviðsstjóri eftirlitssviðs

## Núgildandi reglur

Reglur um meðferð tekna af útleigu gera ráð fyrir að þeir einstaklingar sem leigja út slíkar eignir til skamms tíma, undir 30 dögum samfelt í senn, séu með atvinnurekstrartekjur. Einstaklingar sem ætla sér að bjóða upp á heimagistingu þurfa að kynna sér vel þær reglur sem um þetta gilda, þ.e. reglur um bókhald, tekjuskráningu, frádráttarbærni rekstrarútgjalda, innskattshæfi kostnaðar o.fl. Þeir lúta líka þeim refsiramma sem fylgir brotum á þessum lögum.

Einstaklingar í þessari starfsemi eru í meginatriðum virðisaukaskattsskyldir, þó með þeim formerkjum að séu tekjur samtals undir einni milljón króna á 12 mánaða tímabili þá þarf ekki að innheimta virðisaukaskatt. Samt sem áður þarf að fara með þessar tekjur sem rekstrartekjur og þær skattleggjast í grunninn með launatekjum viðkomandi einstaklings, annað hvort sem reiknuð laun fyrir vinnu við starfsemina eða hagnaður. Ráðlegast er að sækja strax um


virðisaukaskattsnúmer ef miklar líkur eru strax í upphafi á að veltan fari yfir eina milljón króna á 12 mánaða tímabili. Almennt uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir sé velta starfseminnar yfir þremur milljónum króna á ári, þannig að ef velta vegna heimagistingar er yfir einni milljón en undir þremur milljónum þá er virðisaukaskatti af starfseminni skilað einu sinni á ári. Þegar hafinn er rekstur sem þessi er því einfaldast að skila á tveggja mánaða fresti fyrsta árið en komi í ljós eftir það að veltan nái ekki þremur milljónum króna breytast virðisaukaskattsskilin úr tveggja mánaða skilum í ársskil og er viðkomandi einstaklingi tilkynnt bréflaga um þá breytingu.


Hagnaður af atvinnurekstri einstaklinga er skattlagður með launatekjum og er skatthlutfall nú á bilinu 37,30% til 46,24% (staðgreiðsluhlutfall). Gera þarf grein fyrir rekstrinum og skila rekstrar-skýrslu með skattframtali einstaklings þegar þessar tekjur eru taldar fram.

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig gildandi reglur um heimagistingu eru núna og varpað fram spurningum um hvort skynsamlegt sé að endurskoða þær til einföldunar fyrir þá sem hafa nýtt sér þessa leið til tekjuöflunar. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir því að um viðvarandi útleigu sé að ræða en ekki einstaka eða tilfallandi leigu, en um slík tilvik kunna að gilda önnur sjónarmið.

Engan talsmann er að finna fyrir þennan stóra hóp en það kann ef til vill að skýrast af því að margir eru í raun feimnir við að upplýsa að þeir leigi út húsnæði undir þessum formerkjum. Kannski stafar það af ókunngleika um reglur og leyfismál. Opinberir aðilar verða því almennt ekki varir við hver afstaða þessa hóps er gagnvart núverandi reglum en venjubundið er að rætt sé við fulltrúa hópa er mál varðar þegar verið er að endurskoða lög og reglur eða að fulltrúar þeirra komi að eigin frumkvæði fram með ábendingar um slík mál.

*Mikið úrval af heimagistingu er í boði á netinu og kennir þar ýmissa grasa.*





Frádráttarmöguleikar frá tekjum af heimagistingu eru takmarkaðri en í hefðbundnum rekstri. Útleigan er á íbúðarhúsnæði í eigu einstaklings eða orlofshúsi/sumarhúsi hans. Samkvæmt 16. gr. laga um virðisaukaskatt er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna þess háttar húsnæðis. Því er óheimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af því sem tengist húsnæðinu beint, s.s. breytingar á því, innréttingar, parket o.s.frv. Hins vegar má telja til frádráttar og innskatts kaup á líni, rúmum og öðru því sem tengist útleigunni beint. Rafmagn og fasteignagjöld vegna hins leigða húsnæðis á útleigutíma telst vera rekstrar- kostnaður, sem og annar kostnaður sem tengist starfsemiinni beint og nýttur er af viðskiptavinum.

Að mörgu er að hyggja fyrir einstakling kjósi hann að bjóða upp á heimagistingu og afar mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á því hvílir er það hefur starfsemi sem þessa. Við eftirlit koma upp tilvik þar sem fólk hefur ýmist ekki gert grein fyrir þessum tekjum eða ekki talið þær rétt fram miðað við gildandi reglur. Slíkt getur haft mikinn kostnaðarauka í för með sér fyrir viðkomandi og ef um háar fjárhæðir og langan tíma er að ræða getur slíkum málum verið vísað til skattrannsóknar sem getur eftir atvikum leitt til sektar eða fangelsisdóms.

### Breytt fyrirkomulag?

Heimagisting hefur verið til skoðunar um hríð hjá ríkisskattstjóra og hefur það sjónarmið komið fram að skynsamlegt væri að skoða hvort ekki ætti að skilgreina heimagistingu sem nýtt hugtak með leigutekjum utan atvinnurekstrar, a.m.k. upp að ákveðinni veltu. Það hefði í för með

sér að þessar tekjur væru skattlagðar sem fjármagnstekjur og því ekki virðisaukaskattsskyldar og að almennar reglur um frádrátt rekstrarkostnaðar giltu ekki. Til að koma til móts við síðastgreint mætti t.d. heimila fastan 30% frádrátt líkt og á við um almenna útleigu íbúðarhúsnæðis til lengri tíma þannig að til skattlagningar kæmu 70% tekna vegna heimagistingarinnar. Samhliða yrðu þeir sem leigja þessar eignir út skráningarskyldir hjá sýslumanni

og stækkandi hóp einstaklinga, sem hvorki hefur þekkingu né áhuga á venjubundnum rekstri, undir þær skyldur sem hvíla á atvinnurekendum í landinu.

Einföldun á skattalegu umhverfi þessarar tegundar útleigu gæti orðið til þess að einstaklingar myndu í stórauknum mæli telja þessar tekjur fram sem og gera grein fyrir starfsemiinni hjá öðrum eftirlitsaðilum. Einföldun á regluverki myndi skapa þær aðstæður að þeir sem eru í út-

”

Einstaklingar sem stunda þessa starfsemi eru í meginatriðum virðisaukaskattsskyldir, þó með þeim formerkjum að séu tekjur samtals undir einni milljón króna á 12 mánaða tímabili

en þyrftu ekki að fá formlegt leyfi og væri þetta óháð tímamörkum. Með þessu yrðu stigin skref til að einfalda einstaklingum að leigja hluta eigna sinna út með þessum hætti. Er það ennfremur í takt við hina nýju hugsun sem hugmyndafræði deiliahagkerfisins felur í sér. Það er gömul saga og ný að flóknar reglur um hluti sem eru í raun einfaldir leiða til þess að menn telja hag sínum betur borgið með því að fara ekki eftir þeim leikreglum sem gilda, stundum með þeim rökum að þeir telji sig ekki vita betur. Þess sjást dæmi að þeir sem telja tekjur fram af þessari starfsemi skrái þær sem leigutekjur utan atvinnurekstrar, þótt um sé að ræða viðvarandi starfsemi, en miðað við nógildandi löggjöf er það ekki rétt. Nógildandi reglur setja stóran

leigu af þessu tagi ættu auðveldara með að gera grein fyrir starfsemi sinni og færa hana þannig upp á yfirborðið. Segja má að með gríðarlegum fjölda ferðamanna og fjölgun þeirra ár frá ári sé heimagisting mikilvæg samfélaginu svo hægt sé að anna þeirri miklu eftirspurn sem er eftir gistingu á landinu auk þess að vera valkostur fyrir ferðafólk sem kys meira nábyli við Íslendinga með því að leigja af þeim herbergi eða íbúðir.

Út frá almennum markmiðum skattlagningar tekna af starfsemi sem þessari er æskilegt að til staðar séu einfaldar reglur sem gerir einstaklingum auðveldara að gera grein fyrir henni án þess að vera flokkaðir sem atvinnurekendur. ■

# Álagning einstaklinga 2015



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur sér um  
birtingu og vinnslu skattatölfræði  
á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu  
tölfræðilegra upplýsinga til  
birtingar í Tíund.

## Skattgrunnskrá

Ísland er í 173. sæti á lista Sameinuðu þjóðanna yfir fjölmennustu ríki veraldar, næst á eftir Belize. Það skipar sér því í hóp fámennustu ríkja og minnstu skattkerfa. Um áramótin síðustu voru landsmenn 329.100, litlu færri en talið er að fæðist

”

Skattar framteljenda sem eru skattskyldir hér á landi hluta úr ári eða hafa komið til landsins á árinu og aflað tekna í útlöndum eru handreiknaðir

í heiminum dag hvern. Á skattgrunnskrá eru allir sem náð hafa 16 ára aldri á árinu, þeir sem höfðu lögheimili hér á landi í árslok, þeir sem hafa fengið greidd laun auk þeirra sem óska eftir því að vera settir á skattgrunnskrá en hún byggir að miklu leyti á þjóðskrá. Nú voru 271.807 einstaklingar á skattgrunnskrá, 3.356 fleiri en

**Undir lok júlímánaðar sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja opinber gjöld á einstaklinga. Sem kunnugt er varð landið fyrir efnahagslegu áfalli þegar fjármálakreppa reið yfir landið. Margir misstu vinnuna og tekjur minnkuðu á sama tíma og skuldir jukust. Það lítur út fyrir að botninum hafi verið náð árið 2010 og að síðan hafi landsmenn verið að vinna sig út úr kreppunni. Almennt má segja að skattframtöl beri ákveðið vitni um að hagur landsmanna hafi vænkast árið 2014. Landsmönnum fjölgar, atvinnuleysi hefur minnkað, tekjur og eignir hafa aukist á sama tíma og skuldir hafa minnkað. Allt er þetta góðs viti.**

árið áður. Þetta er ívið minni fjölgun en í fyrra en þá fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 4.258 frá árinu áður. Árin 2009 og 2010 fækkaði framteljendum á skattgrunnskrá um 6.730 en þeim hefur hins vegar fjölgað um 11.043 frá árinu 2010 og hafa þeir aldrei verið fleiri en nú. Ef frá eru talin árin 2009 og 2010 hefur framteljendum fjölgað stöðugt ár frá ári allt frá árinu 1994. Þá voru 202.416 framteljendur á skattgrunnskrá eða 69.391 færri en þegar lagt var á tekjur ársins 2014.

Erlendum ríkisborgurum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 4.539 frá árinu 2011. Alls hefur fjölgað um 10.037 á þessum tíma þannig að tæpur helmingur fjölgunarinnar er vegna erlendra ríkisborgara en þar af var rúmur þriðjungur,

eða 36,2%, Pólverjar. Árið 2014 fjölgaði um 3.356 á grunnskrá en þar af voru um 1.775 erlendir ríkisborgarar, eða rúmur helmingur. Um 42,1% þessara útlendinga voru Pólverjar. Nú eru 24.494 erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá.

Skattar framteljenda sem eru skattskyldir hér á landi hluta úr ári eða hafa

komið til landsins á árinu og aflað tekna í útlöndum eru handreiknaðir af starfsmönnum embættisins. Skattar þessara framteljenda eru reiknaðir af tilbúnum skattstofni sem tekur mið af dvalartíma í landinu. Af þessum sökum er þessum framteljendum sleppt í samtölum úr skattframtölum en þeir eru hins vegar taldir með í tölum sem sýna álögð gjöld á einstaklinga.

Fyrir margt löngu, áður en Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, var fremur fátítt að skattar væru handreiknaðir. Eftir að íslenskum vinnuveitendum var gert kleift að ráða til sína erlenda starfsmenn í vinnu og Íslendingar gátu leitað fyrir sér um vinnu erlendis varð algengara að handreikna þyrfti skatta.

Árið 1994 voru skattar 5.008 framteljenda handreiknaðir sem voru þá um 2,5% framteljenda á skattgrunnskrá. Hér var aðallega um Íslendinga að ræða eða 4.198 manns. Skattar 23.949 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu 2008, sem voru þá 9% framteljenda á skattgrunnskrá. Eftir að bankarnir féllu og atvinnu þvarr varð minna um að útlendingar flyttust til landsins. Hins vegar varð meira um að Íslendingar reyndu fyrir sér í útlöndum. Árið 2010, um það leyti sem botninum var náð, voru skattar 6,5% framteljenda handreiknaðir. Í álagningunni nú voru skattar 20.038 framteljenda handreiknaðir eða um 7,4% framteljenda, en þar af voru 14.156 íslenskir ríkisborgarar. Skattar 5,7% Íslendinga voru handreiknaðir.



## Nefskattar

Eins og nafnið gefur til kynna eru nefskattar lagðir á hvern einstakling óháð tekjum. Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra eru dæmi um slíka skatta. Skattarnir eru reyndar aðeins lagðir á þá sem voru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem voru 1.624.603 kr. árið 2014, og þá sem voru fæddir 1945 og síðar, þ.e. þeir sem voru komnir á áttræðisaldur voru undanþegnir gjaldinu. Hér er því ekki um hreina nefskatta að ræða.


Tæpir 3,4 milljarðar voru nú lagðir á landsmenn í útvarpsgjald sem lagt er á til að standa straum af rekstri Ríkisútvarpsins. Tekjur af gjaldinu lækkuðu um rúmar 257 milljónir á milli ára að raunvirði. Gjaldið sjálft var 17.800 kr., 1.757 kr. lægra að raungildi en fyrir ári sem er lækun um 9%. Á móti vegur að 3.843 fleiri greiddu gjaldið, 189.237 miðað við 185.394 í fyrra.

Útvarpsgjald hefur lækkað nokkuð frá því að það var fyrst lagt á í álagningu árið 2009. Þá var gjaldið 17.200 kr. sem jafngildir 21.819 kr. á verðlagi lok árs 2014. Gjaldið skilaði þá rúmum fjórum milljörðum og hefur því lækkað um tæpar 720 milljónir, eða 17,6% frá þeim tíma. Lögaðilar greiða einnig útvarpsgjald en 670 milljónir voru lagðar á lögaðila í fyrra.

Nú voru lagðir rúmir 1,9 milljarðar á í gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem var um 70 milljónum meira en í fyrra. Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um landið, byggingu stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagvistar, auk annarra verkefna sem stuðla að eflingu öldrunarþjónustu. Lagðar voru 10.159 kr. á hvern gjaldanda og hækkaði gjaldið um 168 kr. að raungildi. Það var lagt á 189.387 einstaklinga, 3.865 fleiri en í fyrra. Þeir sem falla frá á árinu þurfa að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en ekki útvarpsgjald. Þetta er ástæðan fyrir því að aðeins fleiri greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjaldið.

## Tekjur og frádráttur

Á undanförunum árum hafa tekjur landsmanna aukist ár frá ári. Bróðurpartur tekna í landinu eru laun sem greidd eru fyrir vinnu. Aðrar tekjur einstaklinga eru hagnaður og endurgjald einstaklinga sem reka sín eigin fyrirtæki í eigin nafni, eða taka að sér viðvik gegn þóknun, leigutekjur, vextir og arður. Þá geta einstaklingar einnig hagnast á sölu eigna. Fyrirtæki eru flest í eigu einstaklinga. Hagnaður



fyrirtækja sem er endurfjárfestur innan fyrirtækjanna skapar tekjur og arð fyrir eigendur og ætti því að verða til þess að auka verðmæti fyrirtækisins. Þegar fyrirtæki eru síðan seld er oft um arð eða hagnað margra ára að ræða. Þá fá margir greiddan lífeyri úr lífeyristryggingasjóðum eða bætur frá almannatryggingum.

## Laun og launatengdar greiðslur

Landsmenn töldu fram 837,9 milljarða í laun og starfstengd hlunnindi, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi. Þessar greiðslur voru 48,2 milljörðum eða 6,1% hærri að raunvirði árið 2014 en árið 2013. Þetta er u.þ.b. helmingi meiri hækkun en síðustu tvö ár. Laun og hlunnindi jukust um 3,2% á milli árunna 2011 og 2012 og 3,1% á milli árunna 2012 og 2013. Laun og hlunnindi voru um 913,1 milljarður árið 2007, lækkuðu um 181 milljarð fram til ársins 2010 en hafa síðan hækkað ár frá ári um samtals 105,8 milljarða. Það vantar aðeins 75,2 milljarða upp á að þau verði jafnhá og þau voru árið 2007. Laun og hlunnindi voru nú svipuð og 2008 sem var árið sem efnahagur landsins tók dýfu. Nú töldu 182.828 fram laun og hlunnindi, sem var 3.508 fleiri en fyrir ári. Það hefur


fjölgað um tvö prósent sem er ívið meiri fjölgun en á grunnskrá þegar horft er til tiltölunnar þar sem fjölgaði um 1,3%. Þar fjölgaði hins vegar um 3.356 á milli ára. Í gegnum tíðina hafa ríflega tveir þriðjuhlutar framteljenda talið fram laun og hlunnindi.

## Dagpeningar

Allt frá árinu 2009 hafa dagpeningar aukist og þeim sem fá greidda dagpeninga hefur fjölgað. Þótt ívið fleiri hafi fengið greidda dagpeninga árið 2014 en árið áður lækkuðu dagpeningar nú á milli ára um 465 milljónir. Landsmenn fengu tæpa 10,9 milljarða greidda í dagpeninga vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda árið 2014. Nú fengu 25.558 greidda dagpeninga sem var 581 fleiri en árið 2013.


Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádráttur fyrir hvern ferðadag getur þó ekki orðið hærri en leyft er skv. skattmati. Þá þurfa að liggja fyrir í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferða, fjölda dvalardaga og fjárhæðir dagpeninga. Frádráttur er færður á móti bróðurparti

## Tekjuskatts- og útsvarsstofn



Allt frá miðjum 10. áratugnum og fram til ársins 2007 jókst raungildi tekna einstaklinga samfelld. Vöxturinn var sérlega mikill á árunum 2004 til 2007 en þá jókst raungildi tekjuskatts- og útsvarsstofns um rúman fimmtung. Fram til ársins 2010 lækkaði skattstofninn um 185,3 milljarða eða 16,5%. Síðan þá hafa skattskyldar tekjur aukist um 123,4 milljarða. Árið 2014 voru þær orðnar litlu hærrí en 2006. Þær voru þó enn 61,9 milljónum eða 5,5% minni að raungildi en þær voru árið 2007.

## Fjármagnstekjur



Fjármagnstekjur jukust mikið eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á árunum 1996 og 1997. Þá voru skattar á lögaðila lækkaðir og fjármálastofnanir sem verið höfðu í eigu ríkisins seldar. Í kjölfarið fylgdi uppgangstími. Tekjur einstaklinga af vöxtum, leigu, arði og söluhagnaði jukust stöðugt ár frá ári. Frá árinu 1997 til ársins 2007 11-földuðust fjármagnstekjur. Þær voru þá orðnar 367 milljarðar eða um fjórðungur skattskyldra tekna í landinu. Fjármagnstekjur minnkuðu um 302,3 milljarða fram til ársins 2011 eða um 82,4%. Síðan þá hafa þær hækkað ár frá ári, fyrst um 5,3%, þá um 16,2% og nú síðast um 11,4 milljarða eða 14,4%. Fjármagnstekjur voru nú 90,5 milljarðar eða rétt um fjórðungur þess sem þær voru árið 2007 en aðeins 3,9 milljónum sem þær voru árið 2002.

greiddra dagpeninga og því er aðeins hluti dagpeninganna skattlagður sem hverjar aðrar launatekjur. Í álagningu nú færðu 25.469 framteljendur samtals rúma 10,6 milljarða í frádrátt á móti dagpeningum. Einhverjir 89 drógu ekki kostnað frá dagpeningum en það er ámóta fjöldi og fyrir ári en þá drógu 85 manns ekki kostnað frá dagpeningum. 238 milljónir voru skattlagðar sem voru um 2,2% af greiddum dagpeningum. Þetta er mjög svípað því sem verið hefur á undanförunum árum.

Undanfarin ár hafa dagpeningar verið áritaðir á skattskýrsluna. Ef dagpeningar eru undir ákveðnu marki er kostnaður vegna þeirra sjálfkrafa dreginn frá. Þetta verklag hefur vafalaust sparað skattgreiðendum talsverða skatta en þess má geta að um 10% þeirra dagpeninga sem voru greiddir árið 2006 voru skattlögð.

## Ökutækjastyrkur

Ökutækjastyrkur er styrkur frá vinnuveitanda til að nota eigin bifreið í þágu vinnuveitandans. Hér er ýmist um að ræða fasta greiðslu eða greiðslu fyrir hvern ekin kílómetra samkvæmt akstursbók eða akstursskýrslu. Leyfilegt er að draga kostnað frá ökutækjastyrk ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð í þágu vinnuveitanda. Ferðir til og frá vinnu teljast hins vegar ekki til slíkra nota. Ef kostnaðurinn er lægri en styrkurinn er mismunurinn skattlagður.

Landsmenn fengu 10,5 milljarða í ökutækjastyrk árið 2014 sem var 159 milljónum meira en árið áður. Frá ökutækjastyrk var dreginn rúmur 7,1 milljarður, sem var 142 milljónum minna en árið áður. Skattskyldur ökutækjastyrkur jókst um rúma 301 milljón. Þá er athyglisvert að á sama tíma og 1.167 fleiri telja fram ökutækjastyrk þá fækkar þeim um 574 sem draga kostnað frá styrknum.

Árið 2014 fengu 37.815 manns ökutækjastyrk en 32.347 drógu frá kostnað. Sem fyrr segir er akstur til og frá vinnu ekki frádráttarbær og þá var gerð breyting á skattframtalinu þannig að menn þurftu að telja fram akstur fyrir vinnuveitanda. Þetta kann að hafa haft áhrif á það hvort menn töldu fram frádrátt.

## Reiknað endurgjald

Allir sem starfa við eigin atvinnurekstur eiga að reikna sér endurgjald eða laun fyrir vinnu sína. Reiknað endurgjald á ekki að vera lægra en launatekjur hefðu orðið ef unnið hefði verið sama starf fyrir annan óskyldan aðila. Með þessi laun fer á sama hátt og almennar launagreiðslur til laun-

þega, þ.e. reikna þarf af þeim staðgreiðslu opinberra gjalda, greiða tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Reglan á bæði við um mann sem stundar atvinnustarfsemi í eigin nafni og mann sem starfar við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum, eða við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

Lengst af ráku flestir einyrkjar fyrirtæki sín í eigin nafni. Fjárhagur fyrirtækisins og þess sem átti og rak það var því ekki aðskilinn og bar eigandinn því ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Þeir sem vildu setja á laggirnar hlutafélag þar sem tjón eigenda takmarkaðist við eigið fé fyrirtækisins þurftu að uppfylla skilyrði um fjölda hluthafa og hlutafé sem voru talsvert strangari en síðar varð.

Á tíunda áratugi síðustu aldar og fram yfir aldamótin var skattalögum breytt þannig að margir sáu sér hag í því að flytja rekstur sem áður hafði verið rekinn í nafni eiganda yfir í einkahlutafélög. Einstaklingum var gert kleift að flytja eignir yfir í einkahlutafélög sem voru sjálfstæðir lögaðilar án þess að greiða skatt af söluhagnaði sem annars hefði verið. Skattur á hagnað lögaðila var lækkaður og tekinn var upp fjármagnstekjuskattur.

Einkahlutafélögum fjölgaði mjög hratt á þessum tíma um leið og þeim sem reiknuðu sér endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði. Tekjur sem áður höfðu verið skattlagðar hjá einstaklingum voru þá skattlagðar í álagningu lögaðila.


Eftir að skattar á lögaðila voru hækkaðir í kjölfar hrunsins minnkaði eða hvarf ábatinn af því að stofna einkahlutafélag. Allt frá árinu 2010 hafa sífellt fleiri reiknað sér endurgjald en að sama skapi hefur dregið úr mikilli fjölgun einkahlutafélaga. Árið 2014 reiknuðu 17.200 einstaklingar sér samanlagt tæpa 19,9 milljarða í endurgjald. Þeir sem reiknuðu sér endurgjald voru 289 fleiri en árið 2013 en endurgjaldið sem þeir reiknuðu sér var rúmum milljarði hærra.

## Hreinn hagnaður einstaklinga með rekstur

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila rekstrarskýrslu með skattframtalinu. Bændur skila landbúnaðarskýrslu. Hagnaður er fluttur af rekstrarskýrslu yfir á skattframtal einstaklings og skattlagður eins og um hverjar aðrar launatekjur væri að ræða. Árið 2014 var 10,1 milljarðs hagnaður af rekstri einstaklinga. Hagnaður jókst um 874 milljónir á milli ára. Hreinar tekjur, eða hagnaður af ein-


Upphæðir í milljarðum króna á verðlagi í árstok 2014

## Launatekjur



Laun jukust mikið að raunvirði á 10. áratugnum. Launagreiðslur jukust um 248,2 milljarða eða um 50% frá 1992 til 2002. Þær jukust svo aftur um 211,3 milljarða fram til ársins 2007 eða um 28,4%. Þá voru greiddir 955,9 milljarðar í laun í landinu. Frá árinu 1997 til 2007 höfðu laun í landinu aukist um ríflega tvo þriðju eða 67,3%. Eftir hrunið urðu alger umskipti, atvinnuleysi jókst og laun lækkuðu og verðbólga jókst. Gjaldmiðillinn tapaði verðgildi sínu. Árið 2010 var botninum náð en þá voru laun í landinu 20,3% lægri en þau höfðu verið árið 2007, en síðan þá hafa laun þokast upp á við.

## Reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri




Einstaklingum sem eru með rekstur í eigin nafni ber að reikna sér endurgjald vegna vinnu við reksturinn. Þá er hagnaður af rekstrinum skattlagður eins og ef um launatekjur væri að ræða. Lengi vel var algengt að menn ræku fyrirtæki á eigin nafni og bæru þannig ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Undir lok 10. áratugarins og á fyrsta áratugi þessarar aldar voru skattar á hagnað fyrirtækja og arð lækkaðir. Eftir hrunið voru skattar á félög hækkaðir aftur. Fleiri fóru að reka fyrirtæki sín í eigin nafni og reikna sér endurgjald. Reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri einstaklinga hafa fylgt fjöldaþróuninni. Árið 1997 var reiknað endurgjald og hreinn hagnaður samtals 56,6 milljarðar. Þetta lækkaði um 20,3 milljarða fram til ársins 2007 og aftur um 11,7 milljarða fram til ársins 2010.






## Greiðslur frá Tryggingastofnun



Ólíkt ýmsum öðrum skattskyldum tekjum hafa bætur frá Tryggingastofnun aukist talsvert frá árinu 2007. Tryggingastofnun greiddi 68,1 milljarð í bætur árið 2007 sem var þá fjórum milljörðum meira en árið áður. Árið 2014 greiddi Tryggingastofnun 83,2 milljarða í bætur, 15 milljörðum meira en árið 2007. Bæturnar voru þá 22,1% hærrí en þær voru árið 2007. Tryggingabætur eru nú um 7,9% af tekjuskattsstofni, samanborið við 6,1% árið 2007.

## Atvinnuleysisbætur



Haustið 2008 urðu alger straumhvörf í íslensku efnahagslífi. Afleiðingar falls bankanna komu fram af fullum þunga árið 2009. Árið 2007 fengu 4.560 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur um eitthvert skeið. Atvinnuleysisbætur voru þá 2,6 milljarðar. Ári síðar fengu 10.370 manns greidda 4,7 milljarða í atvinnuleysisbætur og árið 2009 fengu 27.638 manns greiddar bætur uppá 24,2 milljarða. Síðan þá hefur atvinnuleysi minnkað og stöðugt og færri fá greiddar bætur. Árið 2014 fengu 13.459 manns greidda 10,7 milljarða í bætur sem var 1,7 milljarði minna en árið áður. Þeir sem fengu greiddar bætur á árinu voru 2.148 færri en árið áður. Þótt atvinnuleysisbætur séu enn háar þegar árin fyrir hrun eru höfð til hlíðsjónar þá voru þær engu að síður 13,5 milljörðum eða 55,8% lægri en árið 2009.

staklingsrekstri, hafa aukist frá ári til árs allt frá árinu 2010. Þá hafa fleiri fyrirtæki einstaklinga skilað hagnaði sem er merki um batnandi árferði.

## Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur eða eru með menn í vinnu þurfa að greiða tryggingagjald af launum og skylduigjaldi í lífeyrissjóð. Tryggingagjald í staðgreiðslu árið 2014 var 7,59%. Auk tryggingagjalds var greidd 0,64% slysatrygging af launum sjómanna. Nú voru lagðir tæpir 2,3 milljarðar á einstaklinga í tryggingagjald, sem var um 143 milljónum minna en fyrir ári. Þetta skýrist að einhverju leyti af því að tryggingagjald var lækkað úr 7,69% af launum ársins 2013. Tryggingagjald var lagt á 19.477 einstaklinga sem var 2.012 færri en fyrir ári. Tryggingagjald er lagt á handreiknaða og þá sem ekki hafa skilað framtali eða eru áætlaðir. Þetta er skýringin á því af hverju tryggingagjald er lagt á fleiri en þá sem reiknuðu sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur.

## Greiðslur frá Tryggingastofnun

Tryggingastofnun ríkisins greiddi rúma 73,7 milljarða í dagpeninga, dánarbætur, ellilífeyri, endurhæfingarlífeyri, foreldra-greiðslur, heimilisuppbót, maka- og umönnunarbætur, mæðra- og feðralaun, örorkulífeyri og örorkustyrki og ýmsar aðrar greiðslur árið 2014. Greiðslur frá Tryggingastofnun voru rúmum sjö milljörðum eða 10,5% hærrí en árið áður.

Það er athyglisvert að greiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað um 27,2% að raunvirði frá árinu 2010 á sama tíma og laun hafa hækkað um 14,4%. Þá lækkuðu tryggingabætur ekki í hrúningu, ólíkt launum. Þær hafa hækkað um 27,1% ef miðað er við árið 2007 en launagreiðslur eru enn 8,2% lægri en þær voru þá.

Það eru ekki allar bætur frá Tryggingastofnun skattskyldar. Þær eru þó engu að síður færðar viðtakandanum til tekna. Barnalífeyrir, meðlagsgreiðslur, bifreiðakaupastyrkir, dánarbætur vegna slysa, styrkir til kaupa á sérþæði, umönnunargreiðslur og skattfrjálssar sjúklingatryggingar eru undanþegnar skatti. Þessar greiðslur voru samtals 9,5 milljarðar sem var 190 milljónum meira en árið áður.

Tryggingastofnun greiddi 53.619 manns skattskyldar greiðslur sem var 1.507 fleiri en árið áður. Það er athyglisvert að frá árinu 2010 hefur þeim sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun fjölgað um

8.815, eða tæp 19,7%, en á sama tíma hefur framteljendum á skattgrunnskrá fjölgað um 11.042 eða 4,2%. Þeir sem fengu greidd laun voru hins vegar aðeins 6.679 fleiri árið 2014 en 2010 og hafði aðeins fjölgað um 3,8% á þessum tíma. Í ljósi þess að vinnandi fólk stendur að mestu undir velferðinni í landinu þá er áhugavert að laun hafa aukist um 105,8 milljarða á sama tíma og tryggingagreiðslur, skattskyldar jafnt sem skattfrjálsar, jukust um 16,1 milljarð. Nú jukust þessar greiðslur um tæpa 7,2 milljarða en laun um 48,2 milljarða.

### Atvinnuleysisbætur

Vinnuálagstofnun greiddi rúma 10,7 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2014 sem var um 1,7 milljarði minna en árið á undan. Atvinnuleysisbætur hafa lækkað mikið frá árinu 2009 en þá voru þær rúmir 24,2 milljarðar, sem var 19,5 milljörðum meira en árið 2008 og tæpum 21,6 milljörðum meira en greitt var árið 2007. Riflega helmingi færri fengu greiddar bætur vegna atvinnuleysis í einhvern tíma á árinu 2009 en árið 2014. Árið 2014 fengu 13.459 manns greiddar atvinnuleysisbætur samanborið við 27.638 árið 2009. Það voru því 14.179 færri sem fengu greiddar bætur hluta úr árinu 2014 en árið 2009. Þá fengu 2.148 færri greiddar bætur 2014 en 2013.

### Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Landsmenn fengu tæpa 105,5 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2014 sem var tæpum 11 milljörðum meira en árið áður. Ríkisstjórnin sem þá sat brást við atvinnuleysi og afkomubresti í kjölfar bankahrunsins með því að leyfa þeim sem voru búnir að ná lífeyrisaldri að taka út lífeyri sem þeir áttu í séreignarsjóðum. Þá var þeim sem ekki höfðu náð aldri til að taka lífeyri leyft að taka út ákveðna upphæð í hverjum mánuði. Lífeyrir jókst um tæpa 40,3 milljarða á milli árána 2008 og 2009 en þá tóku landsmenn 108,3 milljarða í lífeyri. Þar af voru 24,7 milljarðar sérstök útborgun séreignarlífeyris sem þeir sem ekki höfðu náð aldri tóku út til að drýgja tekjurnar eða mæta fjárhagslegum áföllum. Sérstök útborgun séreignarlífeyrissparnaðar var nú tæpir 12,6 milljarðar eða tæpum 4,5 milljörðum hærri en árið 2013. Þá nýttu 15.222 einstaklingar sérstaka heimild til að taka út séreignarlífeyrissparnað. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum voru 85,3 milljarðar, tæpum 7,1 milljarði eða 9,1% hærri en fyrir ári. Frá árinu 2008 hafa

landsmenn tekið út tæpan 160,1 milljarð úr séreignarsjóðum.

Vinnandi fólk ber að greiða 4% af launum í lífeyrstryggingasjóð. Mótframlag í lífeyrissjóð getur verið mismunandi á milli starfstétta en iðulega voru greidd 8% af greiddum launum. Alls greiddu launamenn um 33,7 milljarða í almennan lífeyrissjóð árið 2014 og var tekjuskatts- og útsvarstofn lækkaður um sem því nam. Þá greiddu 120.544 launamenn í sér-

### Styrkir til náms, rannsókna- og vísindastarfa


Árið 2014 fengu 24.145 manns rúma 2,4 milljarða í styrki vegna náms, rannsókna- og vísindastarfa. Hér er um að ræða ýms konar endurmenntunar- og starfsmenntunarstyrki sem voru nú 369 milljónum hærri en árið 2013. Á móti styrkjnum var dreginn frá kostnaður upp á tæpa 1,5 milljarða þannig að 890 milljónir voru skattlagðar, sem var um 188 milljónum



Það er athyglisvert að greiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað um 27,2% að raunvirði frá árinu 2010 á sama tíma og laun hafa hækkað um 14,4%

eignarsjóð og var skattstofninn lækkaður um 14,6 milljarða af þeim sökum. Mun fleiri greiða nú í séreignarsjóð en fyrir nokkrum árum. Árið 2011 greiddi 89.101 einstaklingur í séreignarsjóð eða 31.443 færri en í fyrra.

meira en fyrir ári. Þessir styrkir hafa aukist nokkuð á undanförunum árum. Árið 2010 fengu 16.414 manns tæpa 1,6 milljarða í styrki til náms, rannsókna- og vísindastarfa. Þá höfðu slíkir styrkir minnkað nokkuð í kjölfar hrunsins. Síðan þá hafa



styrkir aukist um 48,4%. Styrkir að teknu tilliti til frádráttar sem má færa á móti styrknum hafa hækkað um rúman helming eða 56,6% frá árinu 2010.

## Aðrar tekjur og styrkir

Aðrar greiðslur eru t.d. barnsmeðlög, dagvistunargreiðslur, dvalar og ferðastyrkir, vinna við eigið íbúðarhúsnæði, framfærslulífeyrir, greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna, greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, höfundarlaun, skattskyld heiðursverðlaun, skattfrjáls laun frá alþjóðastofnunum, styrkir úr sjúkrasjóðum sveitarfélaga og ýmsir aðrir styrkir t.d. vegna íþróttaiðkunar og vegna

greiddar eru í einu lagi. Sama gildir um dvalar- og ferðastyrki til jöfnunar námskostnaði, heiðurslaun Norðurlandaráðs, húsaleigubætur, miska- og skaðabætur sem greiddar eru vegna eignatjóns eða varanlegrar örorku, styrki til fatlaðra, styrki sveitarfélaga til foreldra, samskot og ýmsa aðra styrki, t.d. vegna langveikra barna.

Árið 2014 fengu 23.939 framteljendur samtals 17,7 milljarða í skattfrjálsar greiðslur sem var 1,4 milljörðum meira en árið áður. Þá töldu 23.413 framteljendur þessar greiðslur fram. Það er athyglisvert að á árunum 2006 til 2010 varð mun algengara að menn fengi greiðslur sem þessar. Árið 2006 fengu 13.718 einstak-

skattstjóri ívilnað gjaldandanum með því að lækka skattstofninn áður en skattur er reiknaður.

Ríkisskattstjóri lækkaði skattstofn 14.715 einstaklinga við álagningu nú í ár en 670 færri fengu ívilnun en í fyrra. Á undanförunum tveimur árum hefur þeim fækkað um 1.157 sem hafa fengið ívilnun vegna sérstakra aðstæðna og ívilnanir hafa lækkað um 92 milljónir.

## Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskattur og útsvar eru reiknuð af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Stofninn samanstendur af öllum launum, lífeyri, og ýmsum millifærslum, tryggingabótum og greiðslum sem eru greiddar í gegnum félagslega kerfið. Í reynd er hér um að ræða allar tekjur að fjármagnstekjum undanskildum. Ákveðnar tekjur eru þó undanskildar eins og kom fram hér að ofan. Eðlilega eru laun og endurgjald fyrir vinnu stærsti hluti tekjuskattsstofns. Í gegnum tíðina hafa laun verið um 80% tekjuskattsskyldra tekna. Mjög áhugavert var að sjá hvernig hlutur launa í stofninum lækkaði í kjölfar hruns bankanna sem aftur leiddi til hruns tekjuskattsstofnsins. Laun lækkuðu um rúm 19,8% á milli árána 2007 og 2010 á sama tíma og stofninn lækkaði um 16,5%. Aðrar greiðslur en laun lækkuðu hins vegar ekki nema um tvö prósent að raungildi á þessum tíma. Laun og atvinna taka hröðum breytingum eftir því hvort byrlega blæs eða í álinn syrtir. Útgjöld ríkisins eru hins vegar ákveðin með lögum og því er erfitt að haga útgjöldum eftir því sem best hentar á hverjum tíma.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn var 1.059 milljarðar árið 2015. Stofninn var 63 milljörðum eða 6,3% hærra en árið áður en þar af voru 48 milljarðar vegna launa. Um 76,6% hækkanar stofnsins var því vegna launa en 23,4% voru vegna annarra greiðslna.

Tekjur jukust mikið í þjóðfélaginu árið 2014. Það þarf að fara allt aftur til ársins 2007 til að sjá viðlíka hækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni. Stofninn hækkaði um 7,5% á milli árána 2006 og 2007. Reyndar lækkaði hann um 9% ári síðar og 5,6% árið eftir það og svo aftur um 2,9% árið þar á eftir, en það er önnur saga.

Hér er mikilvægt að hafa í huga að skattur af tekjum handreiknaðra er yfirleitt reiknaður af tilbúnum skattstofni sem tekur mið af dvalartíma í landinu. Af þessum sökum er ekki til skattstofn fyrir þann hóp og er þeim því sleppt í upplýsingunum um tekjur og skattstofna en þeir

”

## Mjög áhugavert var að sjá hvernig hlutur launa í stofninum lækkaði í kjölfar hruns bankanna sem aftur leiddi til hruns tekjuskattsstofnsins

ættleiðingar barna. Landsmenn fengu 9,1 milljarð í aðrar tekjur og styrki árið 2014 sem var 762 milljónum meira en árið 2014. Ef ekki er um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða er heimilt að draga frá kostnað á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða öðrum starfstengdum greiðslum.

## Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir

Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir frá sveitarfélögum voru nú 3,7 milljarðar, 115 milljónum hærra en fyrir ári. Félagsleg aðstoð hefur aukist mikið á undanförunum árum. Árið 2007 fengu 3.090 framteljendur húsaleigubætur og styrki samkvæmt skattframtali. Þá voru þessar greiðslur tæpir 1,5 milljarðar. Síðan þá hafa greiðslurnar aukist ár frá ári, samtals um 2,2 milljarða. Þeim sem fengu styrki fjölgaði mikið á árunum eftir hrun en greiðslurnar hækkuðu að sama skapi þegar fleirum var nauðugur sá kostur að leita á náðir sveitarfélaga um framfærslu. Nú voru þær 3,7 milljarðar en 5.518 einstaklingar fengu aðstoð og styrki árið 2014 sem var þó 224 færri en árið áður.

## Aðrar skattfrjálsar greiðslur

Það eru ekki aðeins ákveðnar bætur úr almannatryggingum sem eru undanþegnar skatti. Ýmsar aðrar greiðslur eru einnig skattfrjálsar, s.s. dánarbætur tryggingafélaga og sjúkrasjóða stéttarfélagasem

lingar skattfrjálsar greiðslur en fjórum árum síðar voru þeir sem fengu þessar greiðslur orðnir 28.447. Þeim hafði fjölgað um 14.729 eða 107,4%. Greiðslurnar jukust um tæpa 5,4 milljarða á þessum tíma eða 47,3%. Síðan hefur þeim sem eru með þessar tekjur fækkað um 4.508 eða 15,8% á sama tíma og greiðslurnar hafa hækkað um rúman milljarð.

## Ívilnun

Í eina tíð sáu niðurbjörnunarnefndir um að leggja á útsvar og var útsvarsálagningu þannig hagað að lagt var á eftir efni og ástæðum. Sá síður er nú aflagður. Þau sjónarmið eru þó enn ríkjandi að skattar skuli taka mið af gjaldþoli hvers og eins en það ku vera helstu rökin fyrir stighækkandi tekjuskatti. Auk afsláttar, frádráttar og bóta þjóna ívilnanir einnig ákveðnu hlutverki við að jafna skattbyrði einstakra gjaldenda með tilliti til aðstæðna hvers og eins.

Í skattalögum er að finna heimild til að lækka tekjuskattstofn við tiltekna aðstæður sem valda því að gjaldandinn á erfiðara en ella með að reiða skattinn af hendi. Ef gjaldandinn býr við veikindi, ellihrörnun eða mannlát sem skerðir gjaldþol hans, veikindi eða fötlun barns, framfærslu vandamanna, t.d. unglunga og foreldra, eignatjón og tapaðar kröfur, s.s. ábyrgðir sem fallið hafa á framteljanda til greiðslu án möguleika á endurkröfu getur



eru hins vegar taldir með í upplýsingum um álagð gjöld.

## Tekjuskattur og útsvar


Ríkisskattstjóri lagði 128,4 milljarða á landsmenn í tekjuskatt sem var 4,3 milljörðum meira en var lagt á fyrir ári. Álagður tekjuskattur hækkaði því um 3,5% á milli ára. Tekjur af honum hækkuðu því minna en tekjuskattsstofninn sem skatturinn er reiknaður af sem hlýtur að þýða að skattbyrði hefur minnkað.

Það fer eftir tekjudreifingunni hvernig tekjuskattur bregst við tekjubreytingum í þjóðfélaginu. Hver einstakur skattgreiðandi greiðir ákveðinn skatt af tekjum. Skattkerfið tekur tillit til aðstæðna hvers og eins og þegar allt kemur til alls greiða því fáir nákvæmlega jafnmikið í skatt, jafnvel þótt þeir séu með sömu tekjur. Þetta þýðir að ef tekjuaukningin er mest hjá þeim sem eru undir skattleysismörkum þá fær ríkið engar tekjur þrátt fyrir að launatekjur aukist.

Tekjuskattur er þrepaskiptur skattur með persónuafslætti þannig að jaðarskattur eða skatturinn sem greiddur er af hverri viðbótarkrónu sem menn afla breytist eftir því sem tekjurnar verða hærri. Þetta kerfi var fyrst tekið upp í álagningu 2011 á tekjur ársins 2010 en fram að þeim tíma var aðeins eitt þrep í tekjuskatti. Nú var lagður 22,86% tekjuskattur á tekjur upp að 3.480.000 kr., af næstu 5.935.428 kr. var greiddur 25,3% skattur og af tekjum yfir 9.415.428 kr. var greiddur 31,8% tekjuskattur. Í reynd má segja að um tvö hátekjuskattþrep sé að ræða. Greiddur er 2,4% hátekjuskattur af öllum tekjum yfir öðru þrepi og 6,5% hátekjuskattur af öllum tekjum yfir þriðja þrepi.

Á móti skattgreiðslunni voru veittar 605.977 kr. í skattaafslátt. Nokkrar breytingar voru gerðar á skattinum frá álagningu 2014. Þá voru skatthlutföllin 22,90%, 25,80% og 31,80% og tekjuþrepin 2.897.702 og 8.874.108 kr. Persónuafsláttur var 581.820 kr. sem jafngildir 586.542 kr. á verðlagi í árslok 2014. Persónuafsláttur var þá fullnýttur upp í tekjuskatt þegar tekjur voru 2.540.699 eða 2.561.320 kr. að raungildi. Í álagningu 2015 var persónuafsláttur fullnýttur þegar tekjur voru 2.650.818 kr. sem er hækkan um 89.498 kr. að raungildi.

Ríkið tryggir sveitarfélögunum útsvar af hverri krónu sem menn afla, einnig þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Þetta er gert í gegnum skattaafsláttinn sem gjaldendur geta notað á móti tekjuskatti



og útsvari. Gjaldandinn greiðir því hvorki tekjuskatt né útsvar fyrir en tekjur hans ná skattleysismörkum sem eru talsvert lægri en tekjuskattsmörkin. Þetta þýðir að hluti þess tekjuskatts sem er lagður á þá sem eru yfir tekjuskattsmörkum fer í að greiða útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Skattleysismörk í staðgreiðslu voru 1.624.603 kr. árið 2014 en 1.559.003 kr. árið 2013, hækkuðu því um 52.946 kr. að raungildi á milli ára.

Þrátt fyrir skattleysismörkin eru engin frítekjumörk þegar kemur að útsvari. Tæpir 10,9 milljarðar álagðs tekjuskatts fóru í að greiða útsvar þeirra sem greiddu ekki tekjuskatt. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru því þeim mun minni. Útsvarið var 12,44 til 14,52% eftir því í hvaða sveitarfélagi menn bjuggu. Hámarksútsvar hækkaði um 0,08%. Alls var tæpur 159,1 milljarður lagður á landsmenn í útsvar sem var 9,8 milljörðum meira en í fyrra. Tekjur sveitarfélaganna af útsvari jukust því um 6,6%. Tekjuskattur var lagður á 169.240 manns en 260.708 voru með útsvarsskyldar tekjur. Nú greiddu 5.378 fleiri tekjuskatt en í fyrra. Það voru hins vegar 91.468 manns sem öfluðu tekna en greiddu engan tekjuskatt.


Þeim sem greiða tekjuskatt hefur fjölgað nokkuð að tiltölu frá því að botninum var náð árið 2010. Þá greiddu aðeins 60,6% þeirra sem voru með tekjuskattskyldar tekjur tekjuskatt til ríkis. Þetta hlutfall hefur hækkað ár frá ári og er nú 64,9%. Hlutfall skattgreiðenda varð hæst árið 2006 en þá greiddu 71,6% tekjuskatt til ríkis.

## Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

### Leigutekjur


Leigutekjur eru annars vegar endurgjald fyrir afnot af fasteignum og hins vegar arður af fjárfestingu. Þeir sem eiga fasteignir vilja fá endurgjald eða vexti af þeim fjármunum sem þeir hafa lagt í fasteignina sem er hið minnsta jafnhátt ávöxtun fjárfestingar í öðrum eignum, s.s. skuldabréfum og hlutabréfum að teknu tilliti til áhættu, skatta og gjalda. Framteljendur sem hafa tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki falla undir atvinnurekstur, þurfa að telja fram leigu. Útleiga á húsnæði sem nýtt er til atvinnurekstrar telst til atvinnurekstrar

## Innlendar innstæður



Innstæður í íslenskum bönkum voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009. Árið 2008 höfðu 72.396 fjölskyldur talið fram innstæður en ári síðar voru innstæður 168.693 fjölskyldna áritaðar á skattframtal. Innstæður voru þá helmingi hærrí en þær höfðu verið árið áður. Síðan hafa innstæður lækkað frá ári til árs. Landsmenn áttu 805,6 milljarð á bankareikningum í árslok 2008, 407,9 milljarði meira en árið áður. Í árslok 2013 höfðu innstæður fallið niður í 471,1 milljarða eða um 41,5%. Nú hækka þær aftur í fyrsta skipti frá hrúni. Í árslok 2014 voru innstæður 483 milljarðar eða 11,9 milljörðum hærrí en á sama tíma árið áður.

## Vextir af innstæðum í bönkum



Vextir og verðbætur af innstæðum jukust mikið strax eftir að innstæður voru fyrst áritaðar en hafa síðan lækkað mjög hratt. Vextir og verðbætur af innstæðum hafa þróast með svipuðum hætti og innstæðurnar, vaxtastig, gengi og verðbólga. Þeir eru taldir til tekna þegar þeir eru greiddir út. Þrátt fyrir að innstæður hækkuðu lítið eitt eða um 2,5% þá lækkuðu vextir af innstæðum nú um 3,1 milljarð eða 17,5%.

en útleiga á íbúðarhúsnæði sem er metið á minna en tæpar 30 milljónir hjá einstaklingi, tæpar 60 hjá hjónum, telst ekki til atvinnurekstrar. Einstaklingar geta því ekki dregið kostnað frá leigutekjum vegna viðhalds eða rekstrar fasteignarinnar.

Einstaklingar voru með tæpa 8,9 milljarða í leigutekjur árið 2014 sem var 169 milljónum minna en árið 2013. Leiga af atvinnuhúsnæði var 584 milljónir og lækkaði um 94 milljónir á milli ára. Alls töldu 7.095 einhleypingar og hjón fram leigutekjur af íbúðarhúsnæði. Eignir og tekjur af eignum eru sameiginlegar tekjur hjóna og því vísa tölur um fjölda þeirra sem telja fram eignir og fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna, einhleypinga og hjóna og samskattaðs sambúðarfólks, en ekki til fjölda einstaklinga. Þeim sem leigja húsnæði til einstaklinga hefur fækkað um 794 en þeir hafa ekki verið jafn fáir síðan 2010. Þá töldu 870 fjölskyldur fram leigutekjur af atvinnuhúsnæði. Það eru 78 færri en fyrir ári. Það er athyglisvert að jafnfáir hafa ekki talið fram leigu af atvinnuhúsnæði frá því að farið var að tilgreina þessar tekjur sérstaklega á skattframtali árið 2011.

## Vaxtatekjur

Það eru ekki margir sem eru ekki með bankareikning eða í viðskiptum við lánastofnun. Vextir eru greiddir af innstæðum. Innstæður eru allar innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og orlofsfjárreikningum og innstæður á gjaldeyrisreikningum sem eru færðar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Þá eru hlutabréf á vörslureikningum einnig færð sem innstæður.

Innstæður voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009 og sýndu þá stöðu í árslok 2008. Þar sem ekki var farið að forskrá bankainnstæður fyrir framteljendur fyrr er erfitt að meta áhrif þeirra hræringa sem urðu á þessum árum á efnahag landsmanna. Innstæður á skattframtölum ríflega tvöfölduðust á milli framtala árána 2008 og 2009. Hátt í hundrað þúsund fjölskyldur höfðu fram að þeim tíma ekki talið fram bankainnstæður. Síðan þá hafa innstæður fallið að raunvirði ár frá ári þangað til nú í ár.

Landsmenn áttu 483 milljarða á bankareikningum í árslok 2014 sem var 11,9 milljörðum meira en á sama tíma árið áður. Innstæður voru 805,6 milljarðar í árslok 2008 og hafa þær því lækkað um 322,5 milljarða síðan þá, eða um slétt 40%.

Auk innstæðna í innlendum bönkum áttu 645 einstaklingar sem voru á skattgrunnskrá hér á landi tæpa 7,8 milljarða innstæður í erlendum bönkum. Þessar innstæður eru færðar á skattframtal á kaupgengi í árslok. Þeir sem töldu fram erlendar innstæður voru 57 fleiri en í fyrra. Innstæðurnar voru hins vegar 73 milljónum lægri en fyrir ári. Það kann að vera að gengisbreytingar hafi hér nokkuð að segja. Það hefur orðið nokkur breyting á frá því sem var fyrir nokkrum árum. Í árslok 2008 voru erlendar innstæður 12,7 milljarðar, þær hækkuðu í 13,8 milljarða árið 2009 en hafa síðan lækkað ár frá ári.


Vextir á innlánsreikningum eru taldir til tekna þegar þeir eru reiknaðir og greiddir. Vextir af verðtryggðum reikningum sem eru bundnir til þriggja ára eru hins vegar ekki taldir til tekna fyrr en þeir eru greiddir út. Landsmenn töldu fram 14,5 milljarða í vexti af innstæðum í bönkum sem var tæpum þremur milljörðum minna en árið áður. Þá áttu börn rúma 16 milljarða á bankareikningum og fengu 438 milljónir í vexti af innstæðum. Vextir af innstæðum hafa minnkað eins og innstæðurnar. Árið 2008 fengu spari fjáreigendur 94,1 milljarð í vexti af innstæðum. Þeir fengu 78,9 milljarða í vexti af innstæðum árið 2009 og rúma 32 milljarða árið 2010. Gengið hefur á sparifé á sama tíma og vextir hafa lækkað.

## Arður

Hagnaður fyrirtækja er eign eigenda fyrirtækjanna. Hlutafélög eru sérstök lögpersóna og því geta eigendur ekki tekið fé eða aðrar eignir fyrirtækisins út úr rekstrinum nema með formlegum hætti í formi arðs. Einstaklingar áttu 53,3 milljarða í hlutabréfum í árslok árið 2014 en 50.159 fjölskyldur töldu fram hlutabréf. Hlutfé er talið fram á nafnverði og því gefur það mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti þessara verðbréfa. Lágmarks hlutfé í einkahlutafélagi er 500 þúsund en mörg einkahlutafélög eru eignarhaldsfélög sem eru stofnuð um eignarhald í fjölda fyrirtækja sem hvert um sig getur verið mun meira virði en nafnverð sem er talið fram af eiganda. Nafnverð hlutabréfa segir því harla lítið um raunverulegt virði, hvorki eigið fé né rekstur, fyrirtækjanna sem að baki nafnverðinu standa. Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu tæpa 28,2 milljarða í arð af hagnaði. Þá áttu landsmenn tæpa 9,2 milljarða í erlendum hlutabréfum. Erlend hlutabréf eru talin fram á nafnverði en ef nafnverð er ekki þekkt eru bréfin talin fram á kaupverði í


Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2014.

## Innlend og erlend hlutabréf




Innlend hlutabréf eru talin fram til skatts á nafnverði. Hlutabréf í erlendum félögum eru hins vegar færð á kaupverði ef nafnverð er ekki þekkt. Hlutabréfaeign jókst talsvert þegar veittur var afsláttur af sköttum vegna fjárfestingar í atvinnulífnum. Eftir að afslátturinn var lagður af minnkaði áhugi manna hins vegar á hlutabréfum. Á uppgangstímanum hækkuðu hlutabréf í verði og fleiri fóru að sýna hlutabréfum áhuga. Þá var fjöldi fyrirtækja stofnaður og því áttu margir eignarhlut í einkahlutafélögum. Í árslok 2007 áttu landsmenn innlend og erlend hlutabréf sem voru metin á 158,4 milljarða. Eign í hlutabréfum féll fram til ársins 2013 en þá var hún komin niður í 58 milljarða, tæpum 100,4 milljörðum minni en árið 2007.

## Arður af hlutabréfum




Á uppgangsárunum varð mikill hagnaður af starfsemi margra félaga. Þá stofnuðu margir einstaklingar einkahlutafélög um starfsemi eða eignarhald sem annars hefði verið í nafni eiganda. Arðgreiðslur jukust því mikið. Jafnvel þótt að blikur væru farnar að sjást á lofti í íslensku efnahagslífi árið 2008 var mikill hagnaður greiddur út úr félögum árið 2009. Árin 2008 og 2009 voru einstaklingum greiddir 102,9 milljarðar í arð. Þá er ekki talinn með arður sem var greiddur eignarhaldsfélögum. Frá hrúni hefur verið nokkur deyfð yfir atvinnulífnum og arður hefur dregist mikið saman. Nú hafa arðgreiðslur hins vegar aftur aukist með auknum efnahags- og fjármálaumsvifum í landinu. Íslensk fyrirtæki greiddu 10,3 milljörðum eða 57,4% meira í arð til einstaklinga árið 2014 en árið 2013.

## Innlend og erlend verðbréf



Verðbréf eru færð á nafnverði að viðbættum vöxtum og verðbótum í árslok. Verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru hins vegar færð á markaðsverði. Verðbréf í eigu einstaklinga jukust mikið á uppgangsrárunum fyrir hrun eða um 382,8 milljarða á árunum 2002 til 2007. Þetta var hækkun um 218% á þessum tíma. Verðgildi verðbréfa hrundi um 291,1 milljarða eða 52,1%. Verðbréf féllu svo í verðgildi fram til ársins 2013 en hækkðu nú um 5,3 milljarða eða 2,9% árið 2014.

## Vextir af verðbréfum



Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vaxtatekjur gefa því frekar vísbendingu um verslun með verðbréf en nafnvexti. Vaxtatekjur af verðbréfum jukust mikið á uppgangsrárunum en hrundu árið 2008. Vextir voru 41,8 milljarðar árið 2008 en ári síðar voru vaxtatekjur 11,8 milljarðar. Þær féllu um 71,8%. Síðan þá hafa vaxtatekjur af verðbréfum lítið hækkað. Nú lækkuðu þær um tæpa 2,2 milljarða eða 16,8%.

krónum þegar bréfin voru keypt. Gengishagnaður er því leystur út þegar bréfin eru seld.

Eftir að landið varð fyrir efnahagslegu áfalli í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu árið 2008 varð rekstur fyrirtækjanna erfiðari og hagnaður minnkaði. Mörg félög lögðu upp laupana eða fóru í þrot. Verslun með hlutabréf var ekki svipur hjá sjónmiðað við það sem hafði verið nokkrum misserum fyrir. Lengi vel fengu menn sérstakan afslátt af tekjuskattstofni fyrir að fjárfesta í hlutabréfum. Þessi afsláttur var síðast veittur þegar skattar voru lagðir á árið 2003. Þá töldu 52.420 fjölskyldur fram hlutabréf. Eftir að afslátturinn var aflagður fækkaði nokkuð þeim sem áttu hlutabréf. Árið 2005 töldu 46.878 einhleypingar og hjón fram hlutabréf.

Þegar sögur fóru að berast af velgengni fyrirtækja og hækkandi verði á hlutabréfum urðu fleiri til að freista gæfunnar og kaupa hlutabréf. Ári áður en hlutabréfamarkaðurinn hrundi, í árslok árið 2007, áttu 56.288 fjölskyldur íslensk hlutabréf en nafnverð bréfanna var 123,3 milljarðar. Þá greiddu fyrirtækin einstaklingum 62,7 milljarða í arð.

Síðan þá hefur nafnverð hlutabréfa í íslenskum félögum lækkað ár frá ári fram til ársins 2013 en þá var það komið niður í tæpa 48,9 milljarða. Árið 2011 var arður af hlutabréfum aðeins 13,5 milljarðar. Þá er athyglisvert að fjórum árum eftir að markaðurinn féll í árslok 2011 áttu 39.996 þúsund fjölskyldur hlutabréf eða 16.292 færri en í árslok 2007. Sömu sögu er að segja af erlendum hlutabréfum sem voru talin fram á 35,1 milljarð árið 2008 en voru 9,1 milljarður á framtali 2014. Þrátt fyrir óvissu í heimsmálum virðist sem bjartsýni og tiltrú á efnahagslífi landsins sé að aukast því markaður með hlutabréf er farinn að glæðast.

## Söluhagnaður

Hagnaður fyrirtækja sem er ekki greiddur út er endurfjárfestur í fyrirtækinu eða til arðbærra verkefna innan fyrirtækis, þar sem hann leggur til frekari vaxtar og arðsköpunar í framtíðinni. Fyrirtæki í örum vexti greiða því yfirleitt ekki mikinn arð til eigenda. Önnur fyrirtæki safna í sjóð því þau vilja hafa borð fyrir báru til að geta mætt fjárhagslegum áföllum í framtíðinni. Þau byggja upp eigið fé í fyrirtækinu. Virði fyrirtækisins eykst eftir því sem umsvif þess og hagnaður aukast. Verðmæti hlutabréfa ætti að endurspeglar von um hlutdeild í hagnaði eða arði komandi ára. Söluhagnaður er þannig innlausn

á hagnaði sem hefur verið haldið eftir í fyrirtækinu og hagnaði í framtíðinni.

Söluhagnaður er mismunur á kaupverði og söluverði. Leyfilegt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði á sama ári. Landsmenn voru nú með tæpa 24,6 milljarða í söluhagnað af hlutabréfum og tæpa 1,8 milljarða í annan söluhagnað. Söluhagnaður jókst um 6,9 milljarða eða 39,3% á milli ára. Söluhagnaður af hlutabréfum jókst engu að síður minna árið 2014 en árið áður en þá jókst söluhagnaður um rúma 10,2 milljarða eða um 138,3%.


Í aðdraganda hrunsins var gríðarlega mikill uppgangur í fjármálalífi þjóðarinnar. Ýmis fjármálaumsýsla og kaupskýsla með hlutabréf var mjög einkennandi á þessum árum sem heyra nú sögunni til. Söluhagnaður jókst um tugi prósentu á milli ára en árið 2007 var söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum 213,5 milljarðar og hafði þá rúmlega fimmfaldast á fimm árum. Þetta uppgangsskeið tók enda árið 2008 og fram til ársins 2010 minnkaði söluhagnaður um tæpa 207,3 milljarða, í 6,2 milljarða og hefur sennilega ekki verið jafnlítill um áratugaskeið. Á undanförunum árum hefur verslun með hlutabréf tekið við sér og söluhagnaður hefur aukist. Árið 2014 voru 3.057 fjölskyldur með söluhagnað af hlutabréfum, 457 færri en árið áður. Þrátt fyrir að söluhagnaður hafi aukist um tæpa 18,4 milljarða frá 2010 er hann enn mjög lítill samanborið við árin fyrir hrún.

Almennt er söluhagnaður annarra eigna skattskyldur án tillits til þess hversu lengi menn hafa átt eignina. Hagnaður af sölu lausamuna er hins vegar skattfrjáls svo framarlega sem ekki er um atvinnurekstur að ræða eða eignin keypt í þeim tilgangi að selja hana með hagnaði. Þá er hagnaður einhleypings af sölu íbúðarhúsnæðis sem er minna en 600m<sup>3</sup> og hjóna sem er minna en 1200m<sup>3</sup> skattfrjáls ef búíð hefur verið í húsnæðinu lengur en tvö ár. Ef íbúðarhúsnæðið er yfir þessum mörkum er söluhagnaður skattskyldur á sama hátt og söluhagnaður af sumarbústöðum, hesthúsum, bátaskýlum, landi eða lóðum, náttúruauðæfum og réttindum tengdum þessum eignum. Framreiknað kaupverð er þá yfirleitt dregið frá söluverði að frádregnum beinum sölukostnaði. Þá er einnig heimilt að telja til tekna helming söluverðs þegar frá heildarsöluverði hefur verið dreginn beinn sölukostnaður.

Landsmenn voru með tæpa 1,8 milljarða í söluhagnað af öðru en hlutabréfum árið 2014 sem var 71 milljón meira en

Upphæðir í milljarðum króna á verðlagi í árstok 2014

## Söluhagnaður



Árið 1997 var fjármagnstekjuskattur tekinn upp og í kjölfarið jókst verslun með hlutabréf og aðrar eignir. Hér varð til hlutabréfamarkaður og hlutabréf í fyrirtækjum gengu kaupum og sölum á verðbréfamarkaði og þá var heldur ekki óalgengt að fjölskyldufyrirtæki sem ekki voru skráð á markað væru seld í heilu lagi, íðulega til eignarhaldsfélaga. Ekki spillti fyrir þegar verðið hækkaði og gróði var innleystur. Söluhagnaður jókst um tugi prósentu ár frá ári. Árið 2007 var söluhagnaður orðinn 226,8 milljarðar, ríflega 8,5 sinnum meiri en hann hafði verið árið 2000 og hátt í fjórðungur tekna einstaklinga. Alger þáttaskil urðu þegar bankarnir fóru í þrot, lánsfé þvarr og hlutabréfamarkaðurinn hrundi. Árið 2010 voru einstaklingar með 8,2 milljarða í söluhagnað sem var 96,4% minna en árið 2007. Síðan hefur söluhagnaður aukist.

árið á undan. Árið 2007 var annar söluhagnaður 13,3 milljarðar eða rúmlega sjö sinnum meiri en hann var árið 2014. Árið 2007 voru 1.375 fjölskyldur með annan söluhagnað samanborið við 537 árið 2014. Það kann að vera að eftirspurn eftir fyrrnefndum eignum hafi minnkað og þá kann að vera að einhverjir setji fyrir sig að þurfa að greiða tvöfalt hærri skatt af söluhagnaði en þurfti að greiða árið 2007. Fjármagnstekjuskattur getur þannig staðið í vegi fyrir að menn geti keypt sambærilega eign í staðinn fyrir þá sem var seld.


## Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997. Lengst af var hann flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur. Tekjur af skattinum jukust eins og fjármagnstekjur fram til ársins 2009. Á árunum 2009 til 2011 var skattinum breytt í áföngum. Nú var lagður á 20% skattur á fjármagnstekjur. Vaxtatekjur einhleypings sem eru minni en 125 þús. kr. eru skattfrjálsar. Tekjumörkin eru helmingi hærri hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Þá eru 30% leigutekna af íbúðarhúsnæði undanþegin fjármagnstekjuskatti. Skatt-

urinn hefur verið að mestu óbreyttur frá álagningu árið 2012 á tekjur ársins 2011. Tekjumörk vaxta voru reyndar hækkuð um fjórðung í álagningunni nú úr 100 þús. kr. í 125 þús. hjá einhleypingum og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum.


Nú voru lagðir 16,8 milljarðar á í skatt af fjármagnstekjum. Skatturinn var lagður á 38.780 einhleypinga og hjón. Skatturinn hækkaði um 2,2 milljarða á milli ára á sama tíma og 6.210 færri greiða hann. Að sjálfsögðu ræðst skatturinn að mestu leyti af fjármagnstekjum landsmanna. Það er athyglisvert að fjármagnstekjuskattur var lagður á 98.738 fjölskyldur árið 2008 en 184.626 árið 2009. Ástæðan fyrir þessari miklu fjölgun er sú að innstæður og vextir af innstæðum voru árituð á skattframtöl einstaklinga árið 2009. Þá er einnig athyglisvert að fjármagnstekjuskattur var lagður á 135.931 færri árið 2011 en árið áður. Þarna komu tekjumörkin til sögunnar. Á hverju ári hafa til þess að gera fáir miklar tekjur af eignum eða sölu eigna. Langflestir þeirra sem greiddu fjármagnstekjuskatt af vöxtum þegar innstæður voru áritaðar af ríkisskattstjóra voru með tekjur undir frítekjumörkum og sluppu því við

## Eignir og skuldir



Um miðjan tíunda áratuginn tóku eignir landsmanna að aukast. Skuldir jukust hraðar en eignir en þar sem eignir voru meiri en skuldir jókst eigið fé. Eignir jukust um 31,7% frá árinu 2000 til ársins 2004 og aftur um 48,8% á árunum 2004 til ársins 2007. Á þessum tíma jukust skuldir um 34,2% og 51,1%. Eignir höfðu aukist um 95,9% og skuldir um 102,3%. Eignir umfram skuldir jukust um 1.455,4 milljarða á þessu tímabili eða um 91,6%. Fram til ársins 2010 minnkaði virði framtalinna eigna um 21,2% á sama tíma og skuldirnar lækkuðu aðeins um 7,1%. Eigið fé rýrnaði um 39,9%. Það var þó enn 1.828,8 milljarðar eða 30,6 milljörðum minna en það hafði verið í árslok 2003. Síðan þá hafa eignir aukist um 221,3 milljarða á sama tíma og skuldir hafa minnkað um 395 milljarða. Eigið fé jókst um 616,3 milljarða eða 33,7% þar af voru 225,4 milljarðar eigið fé sem varð til árið 2014.

## Hrein eign í íbúðarhúsnæði



Bróðurpartur eigna landsmanna er bundinn í fasteignum. Þegar fasteignaverð tók að hækka um miðjan tíunda áratuginn jókst eigið fé landsmanna í íbúðarhúsnæði. Eftir að fjármálastofnanir tóku að bjóða hagstæð lán til íbúðarhúsnæðis hækkaði verð á fasteignum mjög mikið á skömmum tíma. Fasteignamat tekur mið af íbúðarverði. Til þess að gera lítill hluti fasteigna gengur kaupum og sölum á hverju ári en fasteignir í landinu eru metnar með hliðsjón af þessum viðskiptum. Eign í fasteignum eykst því meira en skuldir sem eru teknar til að kaupa íbúðarhúsnæði. Það er þó ekki endilega sama fólk sem á dýrustu fasteignirnar og skuldar hæstu fasteignalánin. Eigið fé rýrnaði mikið þegar fasteignir féllu í verði á sama tíma og verðtryggt lán hækkuðu.

skattinn þegar honum var komið á. Það er áhugavert að sjá að frá árinu 2007 hafa fjármagnstekjur rýrnað um 75,3%, farið úr 366 milljörðum niður í 90,5 milljarða, en á sama tíma hafa skatttekjur af fjármagnstekjum aðeins rýrnað um 55,6%. Fjármagnstekjur einstaklinga voru tæpum 11,5 milljörðum hærri árið 2014 en árið 2013, jukust um 14,5% á milli ára.

## Eignir og skuldir í árslok

## Fasteignir

Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Hér er um að ræða húsnæði, hús og íbúðir, lóðir, jarðir og jarðarparta, útihús og sumarhústaði í eigu einstaklinga. Fasteignir sem hafa verið færðar inn í eignarhaldsfélög koma ekki fram á skattframtali einstaklinga að öðru leyti en því að nafnverð hlutabréfa í félaginu sem stofnað var um eignirnar er talið fram.

Fasteignir í eigu einstaklinga eru áritaðar á skattframtal. Upplýsingarnar byggja á fasteignamati sem fengið er úr þjóðskrá í árslok ár hvert. Fasteignir eru skráðar á fasteignamati sem er ákveðið af Fasteignamati ríkisins. Fasteignamat á að gefa raunsanna mynd af raunverulegu markaðsverði fasteignarinnar sem um ræðir.

Fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 3.028,7 milljarða í árslok 2014, eða 200,7 milljörðum meira en árið áður. Fasteignir í eigu einstaklinga hækkuðu um 7,1% að raungildi á árinu. Fasteignir hafa ekki hækkað jafnmikið frá árinu 2007 en þá hækkuðu þær um 9,4%. Þá hafði matsverð fasteigna u.þ.b. tvöfaldast að raungildi frá aldamótum. Reyndar lækkuðu þær aftur um hátt í þriðjung, 27,3% fram til ársins 2010. Á árunum 2007 til 2010 féll raunvirði fasteigna í eigu landsmanna um 973,2 milljarða. Þá féll það úr 3.562,4 milljörðum í 2.589,2 milljarða. Síðan þá hafa fasteignir hækkað ár frá ári um 439,5 milljarða.

Það er athyglisvert að í aðdraganda kreppunnar fjölgaði þeim umtalsvert sem töldu fram fasteignir. Í árslok 2001 áttu 86.955 fjölskyldur fasteignir samanborið við 97.188 árið 2008. Á þessum tíma fjölgaði íbúðareigendum því um 10.233 eða um 11,8%. Þeim sem áttu fasteignir fækkaði fram til ársloka 2011 en þá áttu 94.320 fjölskyldur fasteignir. Síðan þá hefur þeim sem telja fram fasteignir fjölgað nokkuð eða um 404.

## Bifreiðir

Í árslok árið 2014 áttu landsmenn bifreiðir sem voru metnar á 194,4 milljarða sem var tæpum 5,5 milljörðum meira en árið áður. Verðmæti bifreiða á skattframtali jókst um 2,9% á milli ára.

Bifreiðir sem voru keyptar árið 2014 eru færðar á kaupverði. Bifreiðir sem hafa ekki skipt um eiganda eða verið afskráðar eru færðar niður um 10% frá því verði sem þær voru taldar fram á framtali ársins áður.

Verðmæti bifreiða í eigu landsmanna hefur litið aukist á undanförunum árum. Bifreiðaflotinn hefur rýrnað í verði um rúman 9,1 milljarð frá því að botni kreppunnar var náð í árslok 2010. Bifreiðaeign landsmanna eins og hún er metin á skattframtölum er nú aðeins 672 milljónum meiri en hún var í árslok 2002. Frá árslokum árið 2004 til ársloka 2007 jókst verðmæti bifreiða um 71,1 milljarð eða um rúman þriðjung. Frá þeim tíma rýrnaði verðgildi bifreiða ár frá ári fram til ársloka 2013 en þá voru bifreiðir metnar á 188,9 milljarða. Þetta er því í fyrsta skipti frá hruni að verðmæti bifreiða eykst á milli ára.

Þrátt fyrir að atvinna og tekjur hafi aukist hafa landsmenn sýnt aðhald og forgangsraðað í heimilisbókhaldinu í þágu annarra og brýnni þarfa. Á meðan hefur bifreiðaflotinn fallið í verði ár frá ári. Það er reyndar athyglisvert að frá árslokum 2007 til ársloka 2009 féll bifreiðaflotinn í verði um 58,3 milljarða eða 21%. Á þessum árum er ekki að sjá að nýir bílar hafi verið keyptir í landinu.

## Aðrar eignir


Mönnum ber að telja fram aðrar eignir s.s. hjólhýsi, tjaldevagna, báta, vélsleða, vélhjóla o.fl. Þá eru hestar og lausafé, málverk, seðlar, frímerki og mynt einnig framtalskyld. Landsmenn áttu 108 milljónum minna í öðrum eignum í árslok 2014 en 2013. Verðmæti þessara eigna var 25,3 milljarðar. Þróun annarra eigna hefur verið á sömu lund og þróun fasteigna. Þær jukust mikið í aðdraganda hrunsins en hafa síðan fallið í verði.

## Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis


Á móti fasteignum sem metnar voru á 3.028 milljónir stóðu eftirstöðvar skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði upp á 1.181,5 milljónir. Eigið fé í íbúðarhúsnæði var því 1.827,2 milljarðar. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis lækkuðu að raungildi um 2,1 milljarð á milli ára eða 0,2%.

Skuldir vegna íbúðarkaupa jukust mjög hratt í aðdraganda hrunsins og fram yfir

Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2014




Á árabílinu 1992 til 2002 voru um 36% af eignum einstaklinga í skuld. Í aðdraganda kreppunnar jukust skuldir landsmanna mikið. Þrátt fyrir að skuldir ykjust hraðar en eignir jukust eignir meira en skuldir. Árið 2007 voru um 40% eigna í skuld. Í kreppunni jukust skuldir mikið á sama tíma og eignir féllu í verði. Skuldir voru um 54% af eignum árið 2010 en síðan hefur virði eigna hækkað á sama tíma og skuldarnar hafa lækkað. Í árslok 2014 voru um 42% eigna einstaklinga í skuld.




Skuldir einstaklinga sem hlutfall af tekjum hafa hækkað nær stöðugt frá árinu 1992. Hér eru tekjur skilgreindar sem tekjuskattsstofn að viðbættum fjármagnstekjum, öðrum en söluhagnaði. Árið 1992 var þetta hlutfall 94%. Það þokaðist síðan upp á við á 10. áratugnum og um aldamótin voru skuldir um 15% en árstekjur. Fram til ársins 2007 jukust skuldir hraðar en tekjur og árið 2007 voru skuldir orðnar um 60% hærrí en tekjurnar. Í kreppunni hækkuðu verð- og gengistryggðar skuldir landsmanna á sama tíma og laun lækkuðu og atvinnu þvarr. Árið 2010 voru skuldarnar ríflega tvöfalt eða 110% hærrí en tekjurnar en síðan hafa tekjur aukist á sama tíma og skuldir hafa minnkað. Þær eru nú um 57% hærrí en tekjur eða svipaðar því sem var í árslok 2007.

## Vaxtagjöld/tekjur



Á árunum 1992 til 2002 vörðu einstaklingar um sex prósentum af tekjum til að greiða vexti af lánum. Hér er um að ræða tekjur án söluhagnaðar. Upp úr aldamótum tóku skuldir að aukast. Vaxtagreiðslur jukust ívið meira en skuldir. Árið 2004 var um 7,8% tekna einstaklinga varið til að greiða vexti af lánum. Þá voru vextir að jafnaði 5,8% af skuldum. Tekjur og skuldir jukust mjög hratt fram til ársins 2007. Vextir sem hlutfall tekna voru óbreyttir, 7,8%. Vextir sem hlutfall af skuldum lækkuðu hins vegar niður í 4,9%. Önnur vaxtagjöld en vextir af fasteignalánum hækkuðu mikið á þessum tíma. Fóru úr 20% af vöxtum í 35,8%. Árið 2010 fór um 11,6% tekna í að greiða vexti sem voru þá 5,4% af skuldum. Þá voru um 42,7% vaxtagreiðslna vextir af öðru en fasteignum. Síðan þá hafa tekjur aukist og skuldir lækkað. Um 8,5% tekna einstaklinga fór í að greiða vexti árið 2014 en vextir voru þá 5,4% af lánum.

## Önnur vaxtagjöld/vaxtagjöld



Þrátt fyrir að húsnæðisverð og skuldir af íbúðarhúsnæði hækkuðu mikið upp úr miðjum fyrsta áratugi aldarinnar jukust aðrar skuldir en skuldir vegna fasteignakaupa hraðar. Um aldamótin voru önnur vaxtagjöld um 20% vaxtagjalda einstaklinga. Þau voru orðin rúmur þriðjungur, eða 35,8% vaxtagjalda einstaklinga árið 2007. Árið 2009 voru vaxtagjöld af öðrum lánum en íbúðarlánum orðin tæpur helmingur eða 46,9% vaxtagjalda einstaklinga. Síðan hefur vaxtakostnaður annarra lána minnkað meira en vextir fasteignalána. Hann var um 31,4% árið 2014.

hrun. Frá árslokum 2003 fram að árslokum 2007 jukust skuldir einstaklinga vegna íbúðarkaupa um 430,6 milljarða sem var ríflega helmingi aukning eða 51,9%. Á þessum tíma hækkaði fasteignamat að raunvirði hins vegar um 1.410,6 milljarða eða 65,6% sem þýddi að eigið fé í íbúðarhúsnæði jókst um tæpa 980 milljarða eða 74,1%. Eigið fé í íbúðarhúsnæði brann upp þegar fasteignamat hrundi á sama tíma og skuldir héldu áfram að hækka. Fasteignamat lækkaði um 973,2 milljarða frá árslokum 2007 til loka árs 2010. Á sama tíma hækkuðu skuldir vegna fasteignakaupa um 66,7 milljarða. Þá áttu landsmenn tæpa 1.263 milljarða í skuldlausum fasteignum. Þá hafði eigið fé lækkað um 1.039,9 milljarða á þremur árum. Síðan þá hafa eignir hækkað í verði og skuldir lækkað svo eigið fé hefur orðið til í íbúðarhúsnæði. Í árslok árið 2014 áttu landsmenn 584,3 milljörðum meira í skuldlausu íbúðarhúsnæði en árið 2010.

Af þeim 94.724 fjölskyldum sem töldu fram fasteignir á skattframtali voru 69.184 fjölskyldur með íbúðarlán. Það mætti því ætla að 25.540 fjölskyldur hafi átt skuldlausu íbúðarhúsnæði sem eru ívið færri en fyrir ári.

Þessi tala hefur ekki breyst mikið á undanförunum árum. Það er mikilvægt að hafa í huga að jafnvel þótt að menn telji fram fasteignir á skattframtali þá er ekki alltaf um heila fasteign að ræða. Margir eiga hluta í íbúð, jarðarpart eða annað þess háttar á móti eða með öðrum. Það er því ekki ávallt um íbúðarhúsnæði að ræða til eigin nota. Hins vegar eru lán vegna fasteignakaupa ávallt vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Vaxtabætur eru reiknaðar af vöxtum af lánum sem hafa verið tekin vegna kaupa íbúðarhúsnæði. Landsmenn greiddu 64,5 milljarða árið 2014 í vexti af íbúðarlánum sem var tæpum 2,9 milljörðum meira en þeir greiddu í vexti árið 2013. Vaxtagreiðslur hafa aukist um 4,6% á sama tíma og skuldirnar lækkuðu um 0,2%. Hér er um að ræða heildargreiðslu af lánum vegna íbúðarkaupa að frádregnu því sem fór til að lækka höfuðstólinn. Lántökukostnaður og afföll af skuldabréfum sem hafa verið gefin út til að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði teljast einnig til vaxtakostnaðar. Vextir lækkuðu nokkuð á árunum fyrir fjármálakreppuna þegar lánastofnanir hófu að veita hagstæð lán til kaupa á íbúðarhúsnæði. Vaxtagreiðslur jukust, en þó ekki jafnmikið og skuldirnar. Þær jukust heldur ekki jafnmikið og tekjuskatts- og útsvarsstofn. Árið 2005 voru vextir af fast-



eignalánnum um 6,2% af tekjuskattsstofni en árið 2006 var þetta hlutfall 5,4%. Það var þá lítið eitt hærra en það hafði verið árið 2001. Hlutfall vaxta af íbúðalánnum hækkaði í 7,1% árin 2009 og 2010. Það var 5,8% árið 2011 en hefur síðan hækkað í 6,1%.


## Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Aðrar skuldir eru skuldir vegna lána sem hafa verið tekin til að kaupa aðrar eignir en fasteignir. Hér er því helst um að ræða lán sem hafa verið tekin til að fjármagna lífsstíl eða neyslu eða til kaupa á ýmsum lausamunum: húsbúnaði, bifreiðum, bátum, vélsleðum, vélhjólum og þess háttar sem og skyndilán, yfirdráttur og krítarkortaskuldir að ógleymdum lánnum sem hafa verið tekin til að kaupa verðbréf. Þá eru skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna einnig taldar til annarra skulda. Eins og gefur að skilja er matsverð eignanna sem standa að baki skuldunum oft ekki í neinu samræmi við lánin sem voru tekin til að kaupa eignirnar.

Aðrar skuldir einstaklinga voru 569,5 milljarðar í árslok 2014. Þær höfðu þá lækkað um tæpa 32,4 milljarða frá árinu áður. 146.793 hjón og einhleypingar skulduðu lán sem höfðu verið tekin fyrir einhverju öðru en íbúðarhúsnæði til eigin nota. Fyrir kreppuna jukust aðrar skuldir landsmanna 206,4 milljarðar. Árið 2004 voru þær orðnar 424,5 milljarðar og þær jukust svo aftur um 97,8% fram til ársloka 2009 og voru þá orðnar tæpir 839,9 milljarðar. Hér var ekki eingöngu um bílalan og yfirdrátt að ræða heldur átti hópur manna greiðan aðgang að lánnum fyrir hlutabréfum. Síðan þá hafa aðrar skuldir minnkað um 270,3 milljarða eða 32,2%. Á sama tíma lækkuðu skuldir vegna íbúðar-kaupa um 176,5 milljarða eða tæp 13%.

## Bætur

Bótum í skattkerfinu er, líkt og frádrætti, ívilnunum og skattaflætti, ætlað að létta skattbyrði þeirra sem hafa, vegna sérstakra aðstæðna, skert gjaldþol og eiga því erfiðara með að standa skil á sköttum en almennt gerist. Í stjórnmalunum er ýmist lagt upp úr almennum aðgerðum sem hafa almenn áhrif, almennum aðgerðum sem hafa sér-tæk áhrif eða sértækum aðgerðum sem hafa sértæk áhrif. Mörkin á milli þess almenna og sértæka geta þó verið óljós. Þetta á jafnt við í skattkerfinu sem annars staðar. Skattar eru lagðir á samkvæmt lögum og er þá jafnan gætt jafnræðis á meðal borgaranna. Bætur sem greiddar eru til að létta undir



með barnafólki eða þeim sem eru að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið eru almennar aðgerðir sem koma ákveðnum hópum til góða. Aðrir sem ekki uppfylla skilyrðin fyrir bótum fá ekki bætur. Vægi bóta í skattkerfinu minnkaði nokkuð á tíunda áratugnum en það jókst aftur með breyttum áherslum í kjölfar þess að ný ríkisstjórn tók við árið 2007. Þegar afsláttur og bætur eru annars vegar getur verið erfitt að segja til um það hvar skattkerfið endar og félagslega kerfið byrjar.

## Barnabætur

Barnabótum er ætlað að létta skattbyrði þeirra sem hafa fyrir börnum að sjá. Bætur voru nú greiddar með börnum sem voru fædd árið 1997 til 2014 og er þá miðað við fjölskyldustöðu eins og hún var um áramótin.


Barnabætur voru hækkaðar um 15,8% frá álagningu 2014. Hjón fengu nú greidda 194.081 kr. með einu barni og 231.019 kr. með öðrum börnum. Þessar

bætur voru 167.564 kr. og 199.455 kr. að nafngildi í fyrra. Einstæðir foreldrar fengu hins vegar 323.253 kr. ef þeir áttu eitt barn og 331.593 kr. með öðrum börnum. Þar að auki voru greiddar 115.825 kr. með börnum undir sjö ára aldri.

Tekjur skerða barnabætur. Ef hjón voru með meira en 4.800.000 kr. í tekjur og einhleypingur með meira en 2.400.000 kr. í tekjur voru bæturnar skertar. Ef um eitt barn var að ræða voru bætur skertar um 4% af tekjum. Ef um tvö börn var að ræða voru bæturnar skertar um 6% af tekjum og ef börnin voru fleiri voru bæturnar skertar um 8% af tekjum yfir mörkum. Barnabætur með börnum sem eru yngri en sjö ára voru skertar um 4% af tekjum. Skerðing bóta var nú einu prósentustigi meiri en við álagningu fyrir ári.

Barnabætur eru skattfrjálssar og greiddar út, ólíkt afslætti sem gengur upp í skattgreiðsluna. Bæturnar geta því verið ígildi mun hærri tekna en upphæð þeirra

## Vaxtabætur



Vaxtabætur eru greiddar fyrir vexti af íbúðarhúsnæði og skertar með hliðsjón af tekjum og eignum gjaldandans. Þær eru styrkur sem ríkið veitir þeim sem uppfylla ákveðin skilyrði um tekjur og eignir. Vægi vaxtabóta minnkaði nokkuð á tíunda áratuginum og í byrjun fyrsta áratugarins. Þær hækkuðu þó um miðjan fyrsta áratuginn og náðu hámarki í álagningu árin 2011 og 2012 en þá voru vaxtabætur hækkaðar umtalsvert á sama tíma og eignaskerðingin var aukin. Færri fengu greiddar bætur eftir þessa breytingu. Þá voru vextir einnig sérstaklega niðurgreiddir til að léttja undir með skuldugum heimilum í kjölfar hrunsins. Síðan hafa vaxtabætur verið að mestu óbreyttar og því lækkað að raunvirði. Eigið fé sem hefur myndast í íbúðarhúsnæði þegar fasteignamat hefur hækkað hefur jafnframt skert bæturnar. Nú voru vaxtabætur sjö milljarðar eða tæpum einum milljarði lægri en fyrir ári. 37.754 einstaklingar fengu greiddar vaxtabætur, 4.179 færri en fyrir ári.

segir til um þegar tekið er tillit til skatta. Rétt rúmir 10 milljarðar voru greiddir í barnabætur í álagningu 2015. Að raungildi voru bæturnar 408 milljónum hærri en fyrir ári. Alls fengu 48.416 manns greiddar barnabætur en það var 5.109 færri en fyrir ári.

## Vaxtabætur

Vaxtabætur eru greiddar þeim sem greiða vexti af fasteignalánnum. Engar breytingar voru gerðar á vaxtabótakerfinu í álagningu 2015. Vaxtabætur voru veittar fyrir vexti sem voru allt að 800.000 kr. þegar um einstaklinga var að ræða, 1.000.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki, svo fremi að vextirnir væru ekki meira en 7% af skuldum.

Þá voru bæturnar skertar um 8,5% af tekjuskattsstofni og síðan skertar hlutfallslega miðað við eignir ef einhleypingar áttu meira en 4.000.000 kr. í skuldlausum eignum og féllu niður þegar þeir áttu orðið meira en 6.400.000 kr. Hjá hjónum

og sambúðarfólki var miðað við 6.500.000 kr. sem skerðingarmörk og bæturnar féllu niður við 10.400.000 kr. Tiltölulega lítil hækking á fasteignamat getur þannig hæglega leitt til þess að vaxtabætur falla niður þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks sé að öðru leyti óbreytt.

Einhleypingar fengu 400.000 kr. í fullar vaxtabætur, einstæðir foreldrar fengu fjórðungi meira eða 500.000 kr. og hjón aftur um 20% meira en það, eða 600.000 kr. Eins og gefur að skilja eru þessar skattfrjálsu bætur ígildi mun hærri tekna ef þær væru skattlagðar eins og laun.

Ríkisskattstjóri reiknaði skuldugum landsmönnum tæpa sjö milljarða í vaxtabætur árið 2015, 1,1 milljarði minna eða 12,6% minna en í fyrra. Vaxtabætur voru um 10% af vaxtakostnaði vegna húsnæðisakaupa. Þetta er talsvert minna en undanfarin ár. Fasteignalán landsmanna voru hins vegar endurreiknuð og skuldarnar lækkaðar nú í vor. Höfuðstólslækkunin mun leiða til þess að vaxtabætur landsmanna lækkar til fram-

búðar. Það má ætla að vaxtabætur hafi að miklu leyti takmarkast við það sem var tæknilega mögulegt á þeim tíma sem þær voru teknar upp. Bæturnar eru greiddar út og í reynd engin vissa fyrir því að þær séu notaðar til að greiða vexti af fasteignalánnum. Höfuðstólslækkun var mun markvissari aðgerð sem hefur langtímaáhrif þar sem vaxtagreiðslur af lánnum lækka til frambúðar.

Þá fækkaði þeim sem fengu bætur um 4.179. Nú fengu 37.754 greiddar vaxtabætur. Árið 2010 fengu 69.582 greiddar vaxtabætur vegna vaxta sem voru greiddir árið 2009. Vaxtabætur hafa breyst nokkuð á undanförunum árum. Þær eru nú mun hærri en eignamörk skerðingarinnar eru hins vegar mun lægri og því fá færri greiddar bætur.

## Að lokum

Árið 2014 var landsframleiðsla hér á landi um 1.993,3 milljarðar. Ísland er þannig í 111. til 117. sæti yfir þau lönd sem eru með mesta landsframleiðslu og á svipuðu róli og lönd eins og Botsvana, Mósambík, Gabon og Papúa-Nýja Gínea. Landframleiðsla hér er talsvert minni en í Súdan, Angóla og Kenía. Fjöldi alþjóðlegra fyrirtækja eru með fleiri starfsmenn á launaskrá, meiri tekjur og stærra efnahag en Ísland. Þessi fyrirtæki teygja anga sína um allan heim. Í þessum samanburði er Ísland lítið og fátækt land á norðurhvara. Engu að síður hafa landsmenn af elju og með harðfyllgi náð að skapa sér og afkomendum sínum betri lífsskjör við erfiðari aðstæður en almennt þekkjast.

Nú eru liðin sjö ár síðan heimsbyggðin öll gekk í gegnum mikla bankakreppu og gervallur fjármálaheimurinn var við það að riða til falls. Ríkisstjórnir í mörgum löndum réru lífróður til að bjarga því sem bjargað varð. Þessar efnahagslegu hamfarir mátti að miklu leyti rekja til ákveðins kerfisgalla í alþjóðlegu fjármála- og viðskiptalífi. Sú hætta var raunveruleg að íslenska þjóðarbúið hefði sogast með bönkunum inn í brimrótið og við hefði blasað þjóðargjaldþrot. Á undanförunum árum hafa landsmálin einkennst af þessum örlagaríku atburðum. Undirstöður samfélagsins og efnahagslífsins reyndust hins vegar traustar og stóðust að mestu það gervingaveður sem reið yfir landið. Nú er landið aftur tekið að rísa. Þegar fram í sækir mun skýrast betur hvort að menn hafi lært af reynslu uppgangstímanna. ■

# Úrskurðir yfirskattanefndar

304/2014

## Eftirlaunagreiðslur frá Svíþjóð

K hafði eftirlaun frá Svíþjóð á árinu 2011 að fjárhæð 295.308 kr. og bar ótakmarkaða skattskyldu hér á landi gjaldárið 2012 samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í því felst að kæranda var skylt að greiða tekjuskatt og útsvar, sbr. 19. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra var aflað, þar með töldum umræddum eftirlaunum frá Svíþjóð.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar kom fram að Ísland er ásamt Svíþjóð aðili að samningi milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sem birtur var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 11/1997 í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt d-lið 3. mgr. 2. gr. samningsins tekur samningurinn að því er Ísland varðar til tekjuskatts og eignarskatts til ríkisins og útsvars til sveitarfélaga. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. samningsins skulu eftirlaun og lífeyrir, sem greidd eru frá samningsríki og greiðslur frá samningsríki samkvæmt almannatryggingalöggiöf þess til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki, einungis skattlögd í fyrrnefnda ríkinu. Í 25. gr. fyrrgreinds tvísköttunarsamnings er mælt fyrir um aðferð til að komast hjá tvísköttun hjá hverju samningslandanna fyrir sig. Er a. liður 4. málsg. greinarinnar, sem varðar Ísland sérstaklega, svohljóðandi:

„a) Hafri aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal eða má skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, lækka íslenska tekju- eða eignarskattinn með því að draga frá þann hluta tekju- eða eignarskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er eða eign sem er í hinu ríkinu.“

Fara ber eftir ákvæðum a-liðar um aðferð til að komast hjá tvísköttun vegna umræddra tekna kæranda frá Sví-

þjóð og skiptir ekki máli í því sambandi hvort umræddar tekjur hafi í raun verið skattlagðar í Svíþjóð eða ekki. Vegna athugasemda kæranda sem bera með sér að hann telji að hin kærða ákvörðun feli í sér skattlagningu tekna kæranda frá Svíþjóð skal tekið fram að sú er ekki raunin, heldur er tekið tillit til þeirra við álagningu opinberra gjalda á kæranda. Fer sú niðurstaða á engan hátt í bága við ákvæði tvísköttunarsamningsins, sbr. og úrskurði yfirskattanefndar nr. 33/1997 og 54/1998 sem báðir eru birtir á vef yfirskattanefndar (yskn.is) og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. febrúar 2007 í málinu nr. E-3994/2006: Ólafur Elías Oddsson gegn íslenska ríkinu. Kröfum kæranda var hafnað.

*Hjá aðila sem ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi skal Ísland taka tillit til erlendra lífeyristekna við útreikning opinberra gjalda hans.*

318/2014

## Arðgreiðslur frá erlendu félagi, málsmeðferð

Kærufni málsins varðaði hækkun framtalinna tekna kæranda af erlendu félagi á árunum 2006 til 2010. Byggði ríkisskattstjóri hækkun sína á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins. Ríkisskattstjóri boðaði gjaldanda hækkun tekna árið 2010 í samræmi við niðurstöðu skýrslunnar. Taldi hann að ekki yrði ráðið af fyrirliggjandi gögnum hvenær umræddar tekjur hefðu runnið til kæranda og hann hefði ekki upplýst um það. Boðaði ríkisskattstjóri því tekjufærslu á slitaári félagsins. Kærandi mótmælti boðuðum breytingum og taldi að miða ætti við raunverulega útgreiðslu, en ekki slit félagsins. Í úrskurði sínum féllst ríkisskattstjóri á athugasemd kæranda og tekjufærði úttektirnar á viðkomandi árum, en upplýst var að þær væru tilgreindar sem kröfur á kæranda í ársreikningum félagsins. Í úrskurði

yfirskattanefndar segir: „Fyrir liggur að lagafyrirmæla um boðun fyrirhugaðra breytinga í 4. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 var ekki gætt áður en ríkisskattstjóri hratt umræddum breytingum á skattframtölum kæranda árin 2006, 2007, 2008 og 2009 í framkvæmd með hinum kærða úrskurði. Þrátt fyrir að því sjónarmiði hafi verið lýst í bréfi umboðsmanns kæranda til ríkisskattstjóra, dags. 13. júní 2013, að réttara væri að miða fyrirhugaða tekjufærslu vegna [félagsins] við „raunverulega útgreiðslu en ekki endanleg slit félagsins“, eins og þar sagði, verður ekki talið að það hafi leyst ríkisskattstjóra undan skyldu til boðunar þeirra breytinga sem um ræðir samkvæmt 4. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, enda var endurákvörðuninni í heild sinni mótmælt í bréfi kæranda. Með vísan til þessa þykir bera að fella úr gildi hina kærðu endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum kæranda gjaldárin 2006, 2007, 2008 og 2009.“ Ríkisskattstjóri þótti ekki hafa sýnt fram á að tekjur af félaginu gjaldárið 2010 væru vantaldar og var breyting varðandi það ár einnig felld úr gildi.

*Boða ber gjaldendum fyrirhugaðar breytingar á viðeigandi gjaldári áður en úrskurður er kveðinn upp.*

18/2015

## Duldar arðgreiðslur, stjórnsýslulög

Ágreiningur í máli þessu snýst um þá ákvörðun ríkisskattstjóra að virða útgjöld vegna lögmansþjónustu, sem færð voru til gjalda í skattskilum X ehf. rekstrarárið 2005, sem persónulegan kostnað kæranda sem telja bæri til skattskyldra arðstekna af hlutareign kæranda í félaginu tekjuárið 2005, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Taldi ríkisskattstjóri jafnframt að um væri að ræða óheimila úthlutun af fjármunum X ehf. umrætt ár sem skattleggja bæri því sem gjöf í hendi kæranda

samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna, enda yrði ekki séð að kærandi hefði verið starfsmaður félagsins á greindum tíma. Af hálfu kæranda var þess aðallega krafist að ákvörðun ríkisskattstjóra yrði hnekkt í heild sinni, en til vara er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi að hluta.

Í niðurstöðu yfirsattanefndar kom fram að umboðsmaður kæranda hefði vísað til jafnræðisreglu 11. gr. og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Yfirsattanefnd tók fram að við túlkun jafnræðisreglunnar væri viðurkennt að hún veitti aðilum almennt ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmdist lögum. Misbrestur sem verða kunni á framkvæmd stjórnvalds á tiltekinni réttarreglu gagnvart einstökum aðilum leiði þannig ekki til þess að aðrir aðilar geti almennt krafist þess í skjóli jafnræðisreglu að stjórnvald haldi áfram meintu athafnaleysi og hagi sér svo gagnvart þeim. Var krafa kæranda ekki tekin til greina á þeim grundvelli að jafnræðisregla stjórnsluréttar hafi ekki verið virt í tilviki hans. Þá tók yfirsattanefnd fram, vegna sjónarmiða kæranda um að meðalhófsregla 12. gr. stjórnslulaga hafi verið virt að vettugi við meðferð málsins, að skattlagning umræddra arðstekna hjá kæranda leiði beint af lögum. Var því ekki talið að ákvæði 12. gr. stjórnslulaga ætti við, enda var einungis um að ræða úrlausn á grundvelli gildandi réttarreglna.

Um efnishlið málsins tók yfirsattanefnd fram að upphafsákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003 tæki til umræddrar greiðslu X ehf. þannig að telja yrði greiðsluna sem tekjur kæranda af hlutareign í félaginu (dulinn arð), sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. febrúar 1997 í máli nr. 88/1996 (H 1997:602). Ljóst væri að greiðslan gæti ekki talist lögmæt úthlutun af fjármunum X ehf., sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994. Ríkisskattstjóri hefði miðað við að umrædd úttekt teldist til tekna hjá kæranda sem skattskyld gjöf í skattframtali árið 2006, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Samkvæmt því sem fram kom var kærandi ekki í hópi skráðra fyrirsvarsmanna X ehf. á þeim tíma sem um ræðir og í kæru umboðsmanns kæranda til yfirsattanefndar er ekkert vikið að störfum kæranda hjá félaginu. Að þessu athuguðu og þar sem ekkert lá fyrir um vinnuframlag kæranda í þágu X ehf. á árinu 2005 var byggt á því að

kærandi hafi ekki verið starfsmaður félagsins á því ári. Samkvæmt því bæri að telja kæranda umrædda greiðslu til tekna sem skattskylda gjöf samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 11. gr. sömu laga, eins og ríkisskattstjóri hefur gert. Var kröfu kæranda því hafnað.

*Gjaldfærður persónulegur kostnaður gjaldanda skattlagður sem gjöf.*

**38/2015**

### **Virðisaukaskattur vegna sölu á þjónustu til erlends sendiráðs hér á landi**

Ágreiningur málsins varðaði það hvort sala kæranda á þjónustu við „housekeeping“ til erlends sendiráðs á Íslandi teldist til skattskyldrar veltu kæranda eða hvort um væri að ræða undanþegna veltu á grundvelli 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988 kemur fram sú meginregla að til skattskyldrar veltu skráðs aðila teljist öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Í 12. gr. og 12. gr. A sömu laga er tilgreind sala á vöru og þjónustu sem ekki telst til skattskyldrar veltu. Ljóst er að sú vinna og þjónusta kæranda sem um ræðir í máli þessu, sbr. framkomna sölureikninga kæranda og fyrirliggjandi samning kæranda við sendiráð fellur ekki undir neitt undanþágúákvæði 12. gr. og 12. gr. A laganna.

Eins og ríkisskattstjóri benti á í hinum kærða úrskurði kemur fram í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, sbr. 43. og 49. gr. laga nr. 50/1988, að erlendum sendiráðum og sendierindrekum beri að greiða álagðan virðisaukaskatt og aðra óbeina skatta á Íslandi við kaup á vörum eða þjónustu innanlands. Samkvæmt reglugerð þessari skal endurgreiða erlendum sendiráðum og sendierindrekum (diplomatic agents) virðisaukaskatt sem þessir aðilar hafa greitt, svo sem þar er nánar kveðið á um. Samkvæmt framansögðu var aðalkröfu kæranda hafnað.

*Sala á þjónustu til erlendra sendiráða er virðisaukaskattsskyld.*

**44/2015**

### **Sekt vegna vanskila ársreiknings**

Byggt var á því að kærandi hefði haft

með höndum atvinnurekstur, enda væru tilfærðar rekstrareignir í ársreikningi, þ.e. hljómplötur, og rekstrargjöld. Yfirsattanefnd taldi því að kærandi hefði stundað atvinnurekstur í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 3/2003, um ársreikninga, á árinu 2012. Samkvæmt því bar kæranda að senda ársreikningaskrá ársreikning félagsins fyrir árið 2012 til opinberrar birtingar eigi síðar en átta mánuðum eftir lok viðkomandi reikningsárs, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 3/2006. Vegna vanrækslu kæranda á að sinna þeirri skyldu sinni innan tilskilins frests voru lagaskilyrði til beitingar sektar samkvæmt 3. mgr. 126. gr. sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 160/2006. Sektarákvörðun nam kr. 100.000. Framkomnar viðbárur kæranda þóttu ekki geta leitt til niðurfellingar hinnar umdeildu sektarákvörðunar ársreikningaskrár.

*Kærandi var talinn stunda atvinnurekstur og bar því að afhenda ársreikningaskrá ársreikning félagsins.*

**49/2015**

### **Skattskylda dánarbús**

Við andlát X í mars 2011 lauk skattskylda hans, en jafnframt stofnaðist skattskylda dánarbús hans. Skattskylda dánarbús X lauk við skiptalok í september 2012. Búinu var skipt einkaskiptum og bar erfingjum að telja fram fyrir það, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera grein fyrir tekjum hins látna til andlátsdags og tekjum dánarbúsins frá þeim degi til skiptaloka ásamt eignum og skuldum við skiptalok. Kæruefni máls þessa varðar álagningu á skattframtal kæranda árið 2013, tekjuárið 2012, og varðar skattlagningu vaxtatekna af bankainnstæðum sem skattlagðar voru í 36% skattþrepi lögaðila, sbr. ákvæði 2. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003. Í kæru er farið fram á að umræddar tekjur verði skattlagðar sem fjármagnstekjur einstaklings í 20% skattþrepi.

Yfirsattanefnd tók fram að umræddar vaxtatekjur hefðu fallið til á árinu 2012, þ.e. eftir að skattskylda X heitins lauk. Því væri um að ræða tekjur dánarbús X á skattframtali 2013 og bæri að skattleggja þær að öllu leyti sem tekjur dánarbúsins samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., með 36% af tekjuskattsstofni.

*Fjármagnstekjuskattur er lagður á menn, en fjármagnstekjur sem falla til eftir andlát skattleggjast með öðrum tekjum búansins.*

**71/2015**

## **Hlutfélag að kaupverði 468 milljónir selt á 1 milljón til félags í eigu tengds aðila. Tap fært til frádráttar söluhagnaði af öðrum bréfum**

Málavextir eru þeir að í greinargerð um hlutabréfaeign, sem fylgdi skattframtali gjaldanda árið 2008, var gerð grein fyrir hagnaði af sölu hlutabréfa í fimm félögum samtals að fjárhæð 502.069.656 kr., en jafnframt tilgreint tap vegna sölu hlutabréfa í þremur félögum, m.a. Z ehf., samtals að fjárhæð 485.698.971 kr. Í greinargerðinni kom nánar fram að kærandi hefði selt hlutabréf í Z ehf. fyrir 1.000.000 kr. Stofnverð hlutabréfanna var tilgreint 468.000.000 kr. og tap af sölnunni því 467.000.000 kr. Við uppgjör söluhagnaðar dró kærandi heildartap frá heildarhagnaði af sölu hlutabréfa og var því framtalinn skattskyldur hagnaður af sölu hlutabréfa 16.370.685 kr.

Ríkisskattstjóri felldi niður tilfært tap af sölu hlutabréfa í Z ehf. og byggði ákvörðun sína á því að ekki hefðu legði neinar rekstrarlegar eða viðskiptalegar ástæður að baki sölu hlutabréfanna í Z ehf. heldur hefði kærandi ákveðið sölnuna og söluverð hlutabréfanna í ljósi frádráttarheimildar sölutaps eigna á móti söluhagnaði sambærilegra eigna. Tilgangur kæranda með sölu hlutabréfanna á þessum tíma fyrir 1.000.000 kr. til X ehf., félags í eigu föður kæranda, hefði því verið skattalegs eðlis. Væri um óvenjulegar ráðstafanir að ræða og væri ekki unnt að líta til hins framtalda taps af viðskiptunum í skattalegu tilliti. Vísaði ríkisskattstjóri m.a. til ákvæðis um óvenjuleg skipti í fjármálum í 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 til stuðnings breytingunni.

Í málinu kom fram að samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi Z ehf. fyrir árið 2006 var félagið stofnað í október 2006 og var tilgangur félagsins kaup og sala verðbréfa. Aðaleign félagsins var eignarhlutur í Q hf. Samkvæmt skattframtali Z ehf. árið 2008 var verðmæti eigna félagsins í árslok 2007 6.029.784.390 kr., en þar af nam verðmæti eignarhlutar félagsins í Q ehf. 5.242.354.443 kr. Skuldir félags-

ins námu 4.390.640.763 kr. og eigið fé samtals 1.639.143.627 kr. Fram kom að kærandi seldi X ehf. hlutabréf sín í Z ehf. 21. desember 2007 fyrir 1.000.000 kr. Við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra gaf kærandi þá skýringu á ákvörðun söluverðs hlutabréfanna í Z ehf. að ljóst hefði verið þegar sala hlutabréfanna fór fram að félagið hefði fallið verulega í verði. Kærandi hefði reynslu af verðbréfa- og hlutabréfaviðskiptum og hefði það verið mat hans að eignarhluti í Z ehf. væri ekki meira virði á söludegi. Hefði kærandi notað innsæi sitt við sölu eignarhlutans og yrði að telja mat á verði hlutanna eðlilegt á umræddum tíma því eigið fé Z ehf. hefði þurrkast upp á árinu 2008.

Í niðurstöðu yfirs kattaneftndar kom fram að það bæri undir kæranda að gera skilmerkilega grein fyrir ástæðum viðskiptanna og ákvörðun söluverðs hinna seldu hlutabréfa. Taldi yfirs kattaneftnd að í ljósi upplýsinga sem fyrir lágu um rekstur og efnahag Z ehf. samkvæmt skattframtali félagsins 2008 og upplýsinga um skráð gengi hlutabréfa í Q ehf. á árinu 2007 að hlutafjäreign kæranda í Z ehf. hafi ekki verið verðlaus á þeim tíma sem sala til X ehf. fór fram þann 21. desember 2007. Taldi yfirs kattaneftnd að ekki yrði annað séð en að verðlagning bréfanna hefði fyrst og fremst helgast af skattalegum hagsmunum kæranda tengdum mögulegum frádrætti sölutaps frá söluhagnaði annarra hlutabréfa. Tók yfirs kattaneftnd undir það með ríkisskattstjóra að hin umdeilda ráðstöfun bréfanna til tengds aðila hafi verið þess eðlis að ekki yrði byggt á henni í skattalegu tilliti. Voru því ekki uppfyllt skilyrði til frádráttar umræddrar fjárhæðar sem sölutaps á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003 í skattskilum kæranda gjaldárið 2008. Yfirs kattaneftnd féllst á niðurfellingu álags.

*Sala hlutabréfa til félags í eigu tengds aðila talin helgast af skattalegum hagsmunum. Sölutap fellt niður.*

**100/2015**

## **Lækkun fjármagnskostnaðar vegna yfirtekinna fjárskuldbindinga við samruna félaga**

Kærandi er einkahlutafélag. Byggði ríkisskattstjóri á því að fjármagnskostnaður af láni sem kærandi yfirtók frá S ehf. við samruna félaganna þann 1. janúar 2006 væri ekki frádráttarbær rekstrarkost-

aður í skattskilum kæranda samkvæmt 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. mgr. 49. gr. sömu laga. Ríkisskattstjóri bætti 25% við hækkun tekjuskattsstofns, sbr. heimild í 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003.

S ehf. var stofnað árið 2005 og var allt hlutfélag í eigu J, sem einnig átti stóran hlut í kæranda. S ehf. keypti 22% í kæranda og tók S ehf. lán fyrir þessum kaupum. Eftir þessi kaup var eignarhald á kæranda í eigu S ehf. og J. Ríkisskattstjóri taldi að við sameiningu félaganna undir nafni kæranda hefðu þeir hlutir sem S ehf. hefði keypt í kæranda færst í hendur eiganda S ehf., en skuldir sem S ehf. hefði stofnað til við kaupin hefðu færst í efnahagsreikning kæranda. Ríkisskattstjóri taldi því að þessar ráðstafanir hefðu falið í sér að kærandi legði fram fé með því að taka við umræddum lánum án þess að nokkur eign kæmi á móti, með það að markmiði að færa eignarhald á stórum hluta hlutabréfa í félaginu frá fyrri eigendum til hluthafa S ehf. Í 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag, fælist að hlutafélag gæti ekki fjármagnað yfirtöku á sjálfu sér, eins og raunverulega hefði gerst í þessu tilviki.

Í niðurstöðu yfirs kattaneftndar segir að atvik í máli þessu þyki í öllum grundvallaratriðum vera með sama hætti og um var dæmt í dómi Hæstaréttar Íslands frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 555/2012 (Toyota á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu). Jafnframt liggur fyrir um hliðstætt álitaefni dómur Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 529/2013 (Samherji hf. gegn íslenska ríkinu). Samkvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar frá 28. febrúar 2013 var talið að sá öfugi samruni, sem þar var um fjallað, hefði miðað gagngert að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið og eins og atvikum málsins væri háttað hefði skilyrði brostið til að kostnaður, sem þeim skuldum fylgdi, teldist frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá yfirtökufélaginu, enda væru þær óviðkomandi rekstri félagsins. Hliðstæð niðurstaða var í hinum síðarnefnda dómi Hæstaréttar. Fram kom að lán S ehf., sem um ræddi í málinu, voru tekin í þágu eiganda þess félags til þess að greiða þáverandi eigendum kæranda kaupverð hlutafjár í því félagi. Jafnframt verður að telja að markmið samruna í tilviki kæranda og S ehf. hafi í raun verið hið sama og í umræddum dómsmálum. Taldi yfirs kattaneftnd að með vísan til fyrrgreindra dóma Hæstaréttar, sem

hefðu fordæmisgildi í tilviki kæranda, væri ljóst að breytingum ríkisskattstjóra yrði ekki hnekk í heild sinni af efnislegum ástæðum.

Í varakröfu kæranda, um að felld verði niður tekjufærsla vegna gengishagnaðar af umræddu láni í skattframtali kæranda árið 2008, vísaði yfirskaðanefnd til áður nefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 529/2013, þar sem fram kom að samkvæmt 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. sömu laga, beri að telja til tekna gengismun, sem myndast gjaldanda í hag, án tillits til þess hvort gjöld, sem rakin verði til sömu rótar, geti talist frádráttarþær í rekstri hans. Samkvæmt því þótti ekki vera efnisgrundvöllur fyrir þessum hluta varakröfu kæranda. Kröfu kæranda um niðurfellingu álags var synjað.

*Öflugur samruni – ekki fallist á gjaldfærslu kostnaðar af lánnum vegna kaupa á hlutabréfum.*

**108/2015**

## **Sjómaður með tekjur vegna vinnu erlendis**

Kærandi krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi í heild sinni. Til vara var gerð krafa um að viðurkennd yrðu framlögð gögn, m.a. frá yfirvöldum í Mánitáníu og launagreiðendum kæranda, og úrskurði ríkisskattstjóra breytt á þann veg að beitt verði ákvæði 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og frádráttur frá skattskyldum tekjum heimilaður á þeim skattgreiðslum sem inntar hefðu verið af hendi til mánitánískra yfirvalda. Jafnframt yrði fullt tillit tekið til persónuafsláttar kæranda. Til þrautavara var þess krafist að fallið yrði frá beitingu 25% álags samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 öll gjaldárin.

Kærandi starfar við sjómennsku við Mánitáníu og hefur gert síðan í október 2006. Með tilkynningu til Þjóðskrár í nóvember 2007 tilkynnti hann formlega um brottflutning úr landi. Kærandi hefur unnið fyrir nokkur erlend félög frá upphafi dvalar sinnar í Mánitáníu, síðast hjá A Ltd. Hann taldi sig vera skattskyldan í Mánitáníu frá fyrsta degi í vinnu hjá erlendum launagreiðanda. Hann kvaðst hafa samið um fasta greiðslu til útborgunar fyrir unninn dag og að launagreiðandi sæi um greiðslu skatta af launum hans. Við meðferð málsins vísaði kærandi til úrskurðar

skattstjóra frá 25. október 2005, í máli annars aðila, þar sem komið hafi fram að ekki þyrfti að upplýsa um tekjur frá Mánitáníu í skattframtali þegar skattaðili væri búsettur erlendis.

Með úrskurði um skattalega heimilisfesti og skattskyldu, dags. 6. febrúar 2014, ákvarðaði ríkisskattstjóri að kærandi teldist heimilisfastur hér á landi og bæri fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003. Meðal annars kom fram í úrskurðinum að með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum og gögnum, sem nánar voru rakin, þætti sýnt að kærandi hefði ekki stofnað til heimilis erlendis. Úrskurði ríkisskattstjóra um heimilisfesti má skjóta til dómstóla og heyrir ágreiningur um heimilisfesti samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 því ekki undir valdsvið yfirskaðanefndar. Kröfum varðandi heimilisfesti var því vísað frá.

Endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum gjaldanda var byggð á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins. Rannsóknin beindist að tekjum sem kærandi hefði haft af sjómennsku við Mánitáníu. Skattrannsóknarstjóri leiddi fram tölulega vantaldar tekjur kæranda eftir innborgunum á tilgreinda bankareikninga hans og byggði ríkisskattstjóri á þeim niðurstöðum. Við meðferð málsins lagði kærandi fram gögn um búsetu og skattskyldu í Mánitáníu. Einnig vísaði hann til niðurstöðu skattstjóra í úrskurði frá árinu 2005. Yfirskaðanefnd tók fram að ekki yrði fjallað um þessi gögn og gildi þeirra að öðru leyti en því sem þau kynnu að skipta máli varðandi varakröfu kæranda. Kom fram að úrskurður skattstjóra frá árinu 2005 gæti ekki skipt máli þegar af þeirri ástæðu að ekki hafi legið fyrir í því máli úrskurðir um skattalega heimilisfesti, gagnstætt því sem raunin væri í máli kæranda.

Við úrlausn málsins byggði yfirskaðanefnd á því að kærandi hefði borið ótakmarkaða skattskyldu hér á landi öll þau tekjuár sem til meðferðar voru í málinu, samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 19. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Í því felst að kærandi var skylt að greiða tekjuskatt og útsvar af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra var aflagð, þar með töldum þeim tekjum, sem um er deilt í máli þessu og hann ber við að hafi verið skattlagðar í Mánitáníu. Samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 er ríkissjórninni heimilt að

gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á sköttum erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sama skattstofni bæði á Íslandi og erlendis. Fyrir liggur að engum tvísköttunarsamningi er til að dreifa milli Íslands og Mánitáníu.

Í 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 kemur fram að þegar svo standi á að ekki sé fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur samkvæmt 1. mgr. lagagreinarinnar og skattaðili, sem skattskyldur sé hér á landi samkvæmt 1. og 2. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum, sem skattskyldar séu hér á landi, þá sé ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila, að lækka tekjuskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans. Hliðstætt ákvæði er að finna í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 4/1995 varðandi útsvar. Umrætt ákvæði hefur ekki að geyma nein efnisleg viðmið um það hvernig tekjuskattur skuli lækkaður með hliðsjón af skattgreiðslum erlendis. Í skatt- og úrskurðaframkvæmd hefur verið gengið út frá því að lækkun samkvæmt 5. mgr. 119. gr. geti ekki leitt til hagstæðari niðurstöðu fyrir skattaðila en leiða myndi af aðferðum tvísköttunarsamninga. Varakrafa kæranda var orðuð þannig að krafist var að „viðurkennd verði framlögð gögn m.a. frá lögmætum yfirvöldum í Mánitáníu og launagreiðenda kæranda“ og úrskurði ríkisskattstjóra verði breytt á þann veg að beitt verði fyrrgreindu ákvæði 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 og heimilaður verði frádráttur frá skattskyldum tekjum af þeim skattgreiðslum sem inntar hafi verið af hendi til mánitánískra yfirvalda.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var tekið fram að til þess að lækkun samkvæmt greindu ákvæði væri heimil þyrfti að leggja fram vottorð frá viðkomandi landi um skattskyldu teknanna, ásamt upplýsingum um fjárhæð tekna og skattgreiðslna. Slík vottorð hefði kærandi ekki lagt fram. Við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra hefðu verið lögð fram tvö vottorð frá stjórnvöldum í Mánitáníu. Annað vottorðið hefði verið gefið út af svæðisstjóra skattamála um skattskyldu kæranda á tilgreindu tímabili, en hitt vottorðið frá 4. febrúar 2013 varði búsetu kæranda á tilgreindu tímabili. Engar tölulegar upplýsingar komi fram í vottorðum þessum um skattgreiðslur kæranda í Mánitáníu á

umræddum tíma. Þá liggur fyrir staðfesting A Ltd. um að kærandi hafi verið starfsmaður fyrirtækisins frá 1. nóvember 2009 og sé það enn og upplýsingar um tekjur hans. Í málinu lágu engin nákvæm gögn fyrir um skattgreiðslur kæranda í Mánítaníu og upplýsingar um fjárhæðir slíkra greiðslna lágu ekki fyrir frá bærum yfirvöldum þar í landi, heldur aðeins vottorð um búsetu og skattskyldu almennt, auk staðfestingar launagreiðanda, A Ltd., þess efnis m.a. að skattgreiðslur hafi verið dregnar frá launagreiðslum til kæranda.

Í niðurstöðu yfirkattaneftndar sagði: „Ljóst má vera að til lækunar tekjuskatts samkvæmt 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 og útsvars samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 4/1995 getur ekki komið nema fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar og sannanir fyrir skattgreiðslum erlendis og þá frá bærum yfirvöldum í viðkomandi landi. Leiðir þetta af eðli ákvæðisins sem heimildarákvæðis til þess að létta skattálagningu við þær aðstæður sem í ákvæðinu er lýst, þ.e. við tvísköttun sömu tekna þegar tvísköttunarsamningi er ekki fyrir að fara. Í máli þessu liggja engin gögn fyrir frá bærum yfirvöldum í Mánítaníu sem staðfesta með fullnægjandi hætti, þar á meðal tölulega, skattgreiðslur kæranda þar í landi á umræddum tíma. Fyrirgreind staðfesting [A] Ltd., dags. 15. janúar 2014, stafar frá félagi í einkarekstri með höfuðstöðvar í Belís í Mið-Ameríku svo sem greina má á staðfestingunni sjálfri og verður henni því ekki jafnað við vottorð frá opinberum stofnunum í viðkomandi landi. Í vottorðinu segir hvorki til um hvenær eða hvernig félagið stóð skil á umræddum fjárhæðum gagnvart yfirvöldum í Mánítaníu né um skattalega meðferð þar í landi vegna hinna umdeildu launa, enda verður að ætla að slíkar upplýsingar verði að berast frá þarlandum yfirvöldum svo marktækt megi teljast. Verða þær upplýsingar sem fram koma í staðfestingunni því hvorki taldar fullnægjandi efnislega né heldur stafa þær frá bærum yfirvöldum í Mánítaníu eins og gera verður kröfu um. Liggja samkvæmt þessu ekki fyrir fullnægjandi gögn eða sannanir af hálfu kæranda fyrir skattgreiðslum hans erlendis sem byggja megi á við útreikning frádráttar frá tekjuskatti, sbr. 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, og verður því að hafna varakröfu kæranda í máli þessu.“

Liggja þurfa fyrir staðfestar upplýsingar frá yfirvöldum greiðslulands svo hægt sé að beita heimildarákvæði og aflétta tvísköttun.

115/2015

### Séreignarsparnaður ber ekki erfðafjárskatt

Sýslumaður taldi að erfingjar samkvæmt erfðaskrá skyldu telja séreignarsparnað hins látna með skattstofni til erfðafjárskatts. Yfirkattaneftnd tók ekki undir þá skýringu sýslumanns á ákvæðum 4. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997 sem lá til grundvallar hinni kærðu ákvörðun. Áréttaði yfirkattaneftnd að í upphafsákvæði áður nefndrar málgreinar segi að umræddur lífeyrissparnaður falli til erfingja og að ekki sé gerður greinarmunur á hópum erfingja í því sambandi. Ekki verði heldur ráðið af orðan 4. mgr. 1. gr. laga nr. 14/2004 eða 2. másl. 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 að þessum ákvæðum sé ætlað að gilda um tiltekna erfingja og aðra ekki. Reglur þessar miði augljóslega að því að ekki komi til skattlagningar verðmæta sem þar um ræðir eftir báðum lögnum. Yfirkattaneftnd taldi því ekki grundvöll fyrir hinni kærðu skattlagningu séreignarsparnaðar hins látna.

Séreignarsparnaður sem gengur til bréferfingja ber ekki erfðafjárskatt.

127/2015

### Vantalin laun

Vantalin laun voru tekjufærð á grundvelli rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Kærandi krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi á grundvelli formgalla og/eða af efnisástæðum. Til vara krafðist hann niðurfellingar 25% álags.

Ríkisskattstjóri boðaði kæranda hækkun launa hans á grundvelli skýrslu skattrannsóknarstjóra og rakti þau gögn sem sú hækkun byggði á, þar á meðal um einstakar greiðslur sem talið var að runnið hefðu til kæranda. Kærandi hefði neitað því að hafa átt bankareikning í Lúxemborg og að hafa fengið umþrættar greiðslur tekjuárin 2006 og 2007. Ríkisskattstjóri taldi að sá framburður stangaðist alfarið á við fyrirliggjandi gögn í málinu þar sem fram kæmi með augljósum hætti að greiðslurnar hefðu farið af bankareikningi K Ltd. til banka í Lúxemborg með þeirri skýringu frá launagreiðanda kæranda að greiðslurnar væru vegna kæranda. Áformaði ríkisskattstjóri að færa kæranda umræddar greiðslur til tekna sem laun, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda yrði ekki annað séð en

að greiðslur þessar tengdust störfum kæranda fyrir H hf., sbr. og tengsl þess félags við K Ltd. Kærandi mótmælti framangreindri boðun ríkisskattstjóra og benti m.a. á að eins og fram hefði komið við skýrslutöku og í svarbréfum hefði kærandi séð um að „redda“ málum á starfsstað sínum erlendis hlupi snurða á þráðinn. Hefði það verið gert með peningum á þessum tíma og greitt undir borðið án kvittana. Engin leið væri fyrir kæranda að sanna greiðslur og tímasetningar í þessu sambandi. Þá hefði kærandi nokkrum sinnum flutt laun fyrir erlenda sjómenn milli landa er næmu háum fjárhæðum. Ítrekaði hann áskorun sína um að skattyfirvöld könnuðu hvort mútur tíðkuðust í því landi þar sem starfsstöð kæranda var. Með úrskurði um endurákvörðun hratt ríkisskattstjóri boðuðum breytingum í framkvæmd, ásamt álagi. Í rökstuðningi sínum tók ríkisskattstjóri m.a. fram að engin fyrirliggjandi gögn bentu til þess að um væri að ræða fjármuni til að „redda“ málum eða til greiðslu launa erlendra starfsmanna.

Í niðurstöðu fjallaði yfirkattaneftnd um kröfu kæranda þess efnis að úrskurður ríkisskattstjóra væri byggður á rangri og ósannaðri skýrslu skattrannsóknarstjóra án sjálfstæðrar rannsóknar af hálfu ríkisskattstjóra og tók fram „að grundvöllur endurákvörðunar ríkisskattstjóra í slíku tilviki, sem hér um ræðir, er rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 6. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003. Af því leiðir að þungamiðja slíks máls er skýrsla skattrannsóknarstjóra um viðkomandi rannsókn. Verður því almennt ekki að því fundið að við boðun endurákvörðunar og í endurákvörðuninni sé vísað til skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins, enda er markmið með skattrannsóknnum m.a. að leggja grunn að endurákvörðun opinberra gjalda, sbr. athugasemdir með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, og 12. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna. Hins vegar leysir þetta ríkisskattstjóra ekki undan því að rökstyðja á viðhlítandi hátt og í samræmi við fyrirgreindar lagareglur ákvarðanir sem hann tekur á grundvelli skattrannsóknar bæði í boðun og endurákvörðun. Hlýtur það að ráðast nokkuð af eðli máls hvaða kröfur verður að gera til rökstuðnings. Verður hvorki talið að boðunarbréfi ríkisskattstjóra, ..., né úrskurði embættisins um endurákvörðun, ..., sé það áfátt hvað varðar rökstuðning og sjálfstæða athugun að ómerkingu varði.“

Þá verður ekki séð að farið hafi verið á svig við andmælarétt kæranda, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og umboðsmaður kæranda heldur fram, enda gat kærandi komið að athugasemdum sínum við alla meðferð málsins bæði við rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. athugasemdir umboðsmanns kæranda, ..., og meðferð ríkisskattstjóra, sbr. andmælabréf, ..., við boðunarbréfi ríkisskattstjóra, ... Þá verður ekki talið að rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi verið neinum þeim annmörkum haldin að hún gæti ekki talist tækur grundvöllur undir endurákvörðun ríkisskattstjóra. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður krafa kæranda um niðurfellingu á hinum kærða úrskurði ríkisskattstjóra vegna formgalla, sem sett er fram sem aðalkrafa, ekki tekin til greina.“

Í niðurstöðu yfirsattanefndar kemur fram að í úrskurði ríkisskattstjóra hafi verið fjallað um fjölmörg atriði sem varða kæranda sérstaklega og einnig hafi verið fjallað um einstakar greiðslur sem taldar voru tilheyrja kæranda og reifuð gögn vegna þessara greiðslna og tengsl þeirra við kæranda. Í úrskurðinum gerði ríkisskattstjóri grein fyrir ástæðum sem lágu að baki ályktunum um að umræddar greiðslur tilheyrðu kæranda. Í niðurstöðu yfirsattanefndar varðandi efnishlið málsins segir m.a.:

„Eins og fyrr greinir lágu ýmis gögn til grundvallar hinum umdeildu tekjufærslum hjá kæranda. Af hálfu kæranda hefur tilgreiningu hans í gögnunum og tengslum við þau verið mótmælt, einkum á þeim grundvelli að hann sé ekki aðili að gögnunum, svo sem tölvupóstum, eða nafngreindur í öllum tilfellum, svo sem millifærslum. Hér að framan er því hafnað að þegar af þessum ástæðum séu gögnin þýðingarlaus. Þegar litið er til starfshlutverks kæranda á greindum árum, þ.e. á árunum 2006 og 2007, eins og hann hefur lýst því sjálfur, sbr. m.a. skýrslutöku, svo og að virtum tilgreiningum og tengingum kæranda við fyrirliggjandi gögn, verður að ætla að kærandi gæti skýrt umræddar greiðslur og gögnin betur en raun varð á og jafnframt gert mun gleggri grein fyrir umræddum greiðslum, sem þó hefur verið borið við í allri meðferð málsins að hafi a.m.k. að nokkru verið til ráðstöfunar fyrir kæranda til að greiða úr vandamálum og gera upp við sjómenn á starfsvettvangi kæranda. Hvorugu er til að dreifa í máli þessu og hefur kærandi kosið að neita því alfarið að hafa móttakið umræddar greiðslur, hvað þá að um hafi verið að ræða tekjur hans sem laun eða annað. Eins og málið liggur

fyrir samkvæmt framansögðu og eins og málatilbúnaði er háttað þykir ekki verða hjá því komist að vísa varakröfu kæranda frá sökum vanreifunar.“

Kröfu kæranda um niðurfellingu álags var hafnað.

Skýrslur skattrannsóknarstjóra ríkisins. Staðhæfing um endurgreiddan kostnað. Leggja þarf fram kostnaðargögn.

## 128/2015 Virðisaukaskattur

Ríkisskattstjóri taldi að tiltekin þjónusta sem kærandi keypti af erlendum aðilum á árunum 2007 til 2010 félli undir 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og hefði verið notuð að hluta eða öllu leyti hér á landi í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988. Um var að ræða kaup á þjónustu af erlendum lögmannsstofum og lögmönnum til þess að gæta hagsmuna dótturfélags kæranda vegna ágreinings sem risið hafði eftir kaup félagsins á hlut í erlendu útgerðarfélagi Z. Var aðkomu lögmanna lýst og lagðar fram vinnuskýrslur og samningar um þjónustukaup. Fólst þjónusta þessara aðila aðallega í rekstri dómsmála erlendis til þess að tryggja eignarhald að umræddu útgerðarfélagi. Framlagðir samningar voru gerðir í nafni kæranda og gjaldfærðir af honum. Í niðurstöðu sinni fjallaði yfirsattanefnd um notkunarstað þjónustunnar og taldi ríkisskattstjóra ekki hafa fært rök að því að notkunarstaður hinnar keyptu sérfræðiþjónustu hafi verið hér á landi að hluta eða að öllu leyti. Var hin kærða endurákvörðun felld niður.

Kaup á erlendra þjónustu – notkunarstaður.

## 144-145/2015 Skipting félags og meðferð söluhagnaðar

**Skipting félags – úrskurður nr. 144.** Með samningi 3. júlí 2007 var ákveðin sala á öllu hlutafé í nýju einkahlutafélagi sem skipt skyldi út úr félaginu V ehf. Fasteign félagsins skyldi skipt á milli nýstofnaða félagsins VE ehf. og V ehf., kæranda í málinu. Félagið VE ehf. var stofnað þann 7. nóvember 2007 og var skipting V ehf. samþykkt á hluthafafundum í V ehf. og VE ehf. þann 19.

febrúar 2008. Þann 11. mars 2008 var hlutafélagaskrá tilkynnt um umræddar ráðstafanir. Ríkisskattstjóri taldi að með framangreindum ráðstöfunum hefði kærandi komið sér hjá skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu atvinnurekstrareignar, þ.e. fasteignarinnar. Áður en skiptingu V ehf. hefði verið formlega lokið, hefði eigandi alls hlutafjár í félaginu selt allt hlutafé hins óstofnaða félags. Þar sem skiptingu kæranda hefði ekki verið lokið hefði gagnjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga, ekki verið uppfyllt. Taldi ríkisskattstjóri að skiptingin hefði verið gerð til málamynda. Í þessum ráðstöfunum hefði eingöngu falist yfirfærsla tiltekinna atvinnurekstrareigna til kaupanda hlutafjár í VE ehf. Því væri rétt að færa söluandvirði umræddrar fasteignar til tekna hjá kæranda sem söluhagnað atvinnurekstrareignar, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. tölul. C-liðar sömu greinar. Í niðurstöðu yfirsattanefndar kom fram að hluthafi kæranda (V ehf.) fékk ekki afhent hlutabréf í VE ehf. sem gagnjald fyrir hlutabréf sín í kæranda nema þá að nafninu til, enda hafði hluthafinn þá þegar afsalað rétti sínum til hlutafjár í VE ehf. Engu máli skipti að formleg afhending hlutafjárins hefði ekki farið fram, eðli málsins samkvæmt, þar sem hluthafinn hafði skuldbundið sig til að afhenda það að skiptum kæranda loknum. Því yrði ekki fallist á að gagnjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hafi verið uppfyllt. Var krafa kæranda því ekki tekin til greina.

## Meðferð söluandvirðis- úrskurður nr. 145.

Ríkisskattstjóri taldi að færa bæri eiganda hlutafjárins til tekna þá fjármuni sem hann hefði fengið í hendur við sölu hlutafjárins í VE ehf., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, en greiðsluna taldi hann nema 42,5 millj. kr. Í árslok 2006 hefði eigið fé V ehf. numið kr. 638.841 og hefði ekki verið heimilt að úthluta arði til hluthafa umfram þá fjárhæð á árinu 2007, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 138/1994. Óheimil úthlutun hefði því numið kr. 41.861.159 og þar sem kærandi hefði ekki verið starfsmaður VE ehf. á árinu 2007 bæri að skattleggja greinda fjárhæð hjá honum sem skattskylda gjöf samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 11. gr., en greiðslu að fjárhæð kr. 638.841 sem arðstekjur samkvæmt 4 tölul. C-liðar 7. gr. framangreindra laga.



Í niðurstöðu sinni fjallaði yfirskattanefnd um setningu 52. gr. laga nr. 90/2003 og rakti umfjöllun í nefndarátliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis við setningu ákvæðisins. Vísaði yfirskattanefnd til þeirrar umfjöllunar varðandi skattalega stöðu hluthafa í hlutafélagi sem skipt væri án þess að gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003 teldust uppfyllt og taldi að skattleggja bæri hagnað kæranda af þeim hlutabréfaviðskiptum sem um ræddi í málunum sem fjármagnstekjur hjá kæranda.

*Gagngjaldsskilyrði við skiptingu félags ekki uppfyllt. Söluhagnað ber að skattleggja sem fjármagnstekjur.*

**148/2015**

### Skattlagning lífeyrisgreiðslna

Kærandi er búsettur erlendis. Málið varðar skattlagningu séreignarlífeyris-sparnaðar sem hann fékk greiddan. Kærandi bar takmarkaða skattskyldu hér á landi á grundvelli 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, vegna umræddrar lífeyrisgreiðslu. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. framangreindra laga skal tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. laganna, reiknast af tekjuskattsstofni samkvæmt 1. – 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar samkvæmt A-lið 67. gr. laganna. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans ráðstafað til greiðslu útsvars af sömu tekjum. Fallist á kröfu kæranda um fullan persónuafslátt.

*Við skattlagningu lífeyrissparnaðar hér á landi skal dreginn frá persónuafsláttur.*

**182/2015**

### Virðisaukaskattur af þjónustukynningum

Ágreiningsefni í máli þessu varðar hvort starfsemi kæranda við vörुकynningu fyrir XYZ ehf. sé skattskyld til virðisaukaskatts, sbr. meginreglu 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eða undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 nær skattskylda samkvæmt lögunum til allrar vinnu og þjónustu,

hverju nafni sem nefnist. Í 3. mgr. sömu lagareinar er getið um undanþágur frá þessari meginreglu. Af hálfu kæranda var komið fram að hún hafi starfað sem kynningaraðili fyrir XYZ ehf. og hafi starfið verið fólgið í því að ferðast um landið og kynna vörur fyrirtækisins og viðskiptatækifæri. Hafi greiðslur til kæranda tekið mið af árangri af þeirri markaðskynningu. Af hálfu kæranda hefur ekki verið vísað til neinna undanþáguákvæða í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 til stuðnings kröfum hennar og verður ekki séð að neitt þeirra geti átt við um þá þjónustu sem um ræðir. Verður ekki annað séð en að þjónustusala kæranda falli undir hið almenna ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Með vísan til þess er kröfu kæranda hafnað.

*Leggja ber virðisaukaskatt á greiðslur vegna þjónustukynninga.*

**213/2015**

### Kaup félaga, gjaldfærsla fjármagnskostnaðar

Kærandi í málinu er G ehf. A ehf. sem var stofnað á árinu 2005, keypti á því ári allt hlutafé í B ehf. og nam kaupverð 447 millj. kr. Kaupin voru fjármögnuð með samtals 349 millj. kr. lántökum og einnig gaf kaupandi út 80 millj. kr. skuldabréf til seljanda. Samþykktur var samruni félaganna A og B miðað við 1. janúar 2007 og var B yfirtökufélagið. Með samrunanum tók B m.a. yfir skuldir A sem að framan greinir sem námu 493 millj. kr. Í skattskilum B gjaldárið 2008 var getið um ónotað rekstrartap A frá árinu 2007 að fjárhæð 33 millj. kr. B var skipt í samræmi við 107. gr. a laga nr. 138/1994, um einkahlutafélag, miðað við 1. janúar 2008 og var kærandi G viðtökufélag. Samkvæmt skiptingarfærslum tók G við meginhluta eigna og skulda B í árslok 2007, þar á meðal eftirstöðvum lána sem A hafði stofnað til við kaup á B að fjárhæð 474 millj. kr. Í skattskilum sínum gjaldárið 2009 færði G til frádráttar tekjum rekstrartap, upphaflega frá A, að fjárhæð 24 millj. kr. og einnig gjaldfærði G í skattskilum sínum gjaldárin 2009 og 2010 fjármagnskostnað vegna framangreindra lána. Á árinu 2008 keypti G allt hlutafé B.

Kærandi G byggði í málinu á því að um frest ríkisskattstjóra til endurákvörðunar færi eftir 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003. Yfirskattanefnd hafnaði þeirri kröfu m.a. með vísan til dóma Hæsta-

réttar Íslands í málum nr. 529/2013 og 555/2012.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar kom fram að atvik málsins þættu í öllum grundvallaratriðum vera með sama hætti og um var dæmt í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 555/2012 (Toyota á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu). Einnig liggur fyrir hliðstætt álitaefni í dómi Hæstaréttar nr. 529/2013 (Samherji hf. gegn íslenska ríkinu). Samkvæmt fyrrnefnda dómnum var talið að sá öfugi samruni, sem þar var um fjallað, hefði miðað gagngert að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið og að eins og atvikum málsins væri háttað hefði skilyrði brostið til að kostnaður, sem þeim skuldum fylgdi, teldist frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá yfirtökufélaginu, enda væru skuldirnar óviðkomandi rekstri félagsins.

Taldi yfirskattanefnd að eins og atvikum væri farið í þessu máli yrði að telja að markmið samruna í tilviki B og A hafi í raun verið hið sama og í umræddu dómsmáli. Eftir samrunann höfðu skuldir A engan rekstrarlegan tilgang í B og miðuðu ekki að því afla félaginu tekna. Brast því skilyrði til að sá kostnaður sem umræddum skuldum fylgdi teldist frádráttarbær rekstrarkostnaður þess félags. Telja yrði að hið sama ætti við í skattskilum G eftir yfirtöku á fyrrgreindum eignum og skuldum B, samkvæmt skiptingaráætlun frá 28. júní 2008. Er til þess að líta að við skiptingu félags í samræmi við 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra, svo sem segir í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003. Viðtökufélag samkvæmt ákvæðinu tekur samkvæmt framangreindu við skattalegum réttindum hins skipta félags eftir því sem við á, en getur ekki öðlast frekari skattaleg réttindi en skipta félagið bjó til. Er því ekki fallist á málsástæður kæranda G sem líta að því að rekstrarlegar ástæður hafi legið að baki skiptingu B og að eftir skiptinguna nýttist umræddar skuldir til öflunar tekna í rekstri kæranda. Samkvæmt því og með vísan til fyrrgreindra dóma Hæstaréttar taldi yfirskattanefnd að ekki væri heimild til gjaldfærslu umrædds fjármagnskostnaðar í skattskilum kæranda gjaldárin 2009 og 2010.

*Niðurstaða þessa máls er í samræmi við dómastofndæmi.*

# Bindandi álit

## Álit 02/15

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki í slitameðferð sem upplýsir að til greina komi að ljúka slitameðferð með því að óska eftir gjaldþrotaskiptum sbr. 4. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002.

Í álitsbeiðni kemur fram að óumdeilt sé að þrotabú séu tekjuskattsskyld skv. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga og að þeim beri að greiða 36% tekjuskatt af öllum tekjum sbr. 2. mgr. 71. gr. sömu laga. Þá hélt álitsbeiðandi því fram að skattskylda þrotabús fjármálafyrirtækis myndi hefjast við uppkvaðningu héraðsdómara um slit en ekki þegar gjaldþrotáurskurður væri kveðinn upp.

Í tengslum við möguleg gjaldþrotaskipti óskaði álitsbeiðandi eftir því að ríkisskattstjóri staðfesti:

- að álitsbeiðanda sé heimilt að líta svo á að skuldir umfram eignir sem ekki fást greiddar við uppgjör á búi hans við gjaldþrotaskipti skuli ekki teljast til skattskyldra tekna sem eftirgjöf skulda.

Ef ekki væri unnt að staðfesta ofangreint var óskað eftir að ríkisskattstjóri staðfesti:

- að álitsbeiðanda sé heimilt að líta svo á að yfirfæranlegt uppsafnað tap sem var fyrir hendi í rekstri álitsbeiðanda muni koma til frádráttar skattskyldum tekjum vegna eftirgjafar skulda á grundvelli 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga verði álitsbeiðandi tekinn til gjaldþrotaskipta.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að skattskylda þrotabúa sé óumdeild sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga og að skattskyldan hefjist við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku bús til gjaldþrotaskipta. Skattskyldunni lýkur svo við skiptalok sem geta verið

með fleiri en einum hætti sbr. XXII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Við skiptalokin líði sá lögaðili sem tekinn var til gjaldþrotaskipta undir lok og sé þá ekki lengur fyrir hendi skattaðili samkvæmt tekjuskattslögunum.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að engar sérreglur gilda um eftirgjöf skulda hjá þrotabúum. Ríkisskattstjóri vísaði til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 391/2011 þar sem fram kemur að tekjuhugtak tekjuskattslaga sé mjög víðtækt og taki til hvers konar verðmæta sem metin verða til fjár, í hvaða formi sem slíkur tekjuauki fellur skattskyldum aðila í skaut. Undantekningar frá skattskyldu beri að túlka þröngt.

Samkvæmt þessu leikur enginn vafi á um hvort um skattskyldar tekjur sé að ræða í þeim tilvikum þegar eftirgjafnar kröfur eiga í hlut. Álitamál er á hinn bóg-

eða öllu leyti samkvæmt kröfulýsingu hans. Samkvæmt frumvarpi skiptastjóra til úthlutunar er almennt á því stigi um að ræða ófullnægðar kröfur eins eða fleiri kröfuhafa þegar eignir þrotabús nægja ekki til greiðslu. Þær kröfur sem standa eftir við þessar aðstæður teljast þannig ekki eftirgjafnar skuldir og þar með ekki tekjur í skilningi skattaréttar. Til viðbótar framangreindu verður að hafa í huga að ekki liggur ljóst fyrir fyrir en við lokaúthlutun skiptastjóra að hve miklu leyti kröfuhafar fá fullnustu krafna sinna. Tímamarki skattskyldu þrotabúsins lýkur þannig á sama tíma og endanlega liggur fyrir hvað greiðist og hvað greiðist ekki sbr. úthlutunargerð skiptastjóra samkvæmt 2. mgr. 160. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Niðurstaðan var því sú að ekki er um skattskyldar tekjur að ræða þegar skuldir

”

Niðurstaðan var því sú að ekki er um skattskyldar tekjur að ræða þegar skuldir fást ekki greiddar við gjaldþrot þegar svo háttar til að eignir búsins hafa ekki hrokkið til greiðslu á lýstum kröfum

inn hvort tekjuhugtakið taki til þess þegar kröfuhafar fá ekki kröfur sínar efndar að fullu við gjaldþrotaskipti vegna þess að eignir nægja ekki til að greiða lýstar kröfur.

Þá vísaði ríkisskattstjóri til þess að kröfuhafi sem fær ekki fullnustu kröfu sinnar við gjaldþrotaskipti þrátt fyrir að hafa lýst henni í búið hefur almennt gert allt sem í hans valdi stendur til að fá kröfuna greidda. Ytri aðstæður valda því að krafa hans fæst ekki greidd að hluta

fást ekki greiddar við gjaldþrot þegar svo háttar til að eignir búsins hafa ekki hrokkið til greiðslu á lýstum kröfum.

Eins og álitafni voru sett fram í álitsbeiðni var eingöngu óskað eftir að ríkisskattstjóri myndi fjalla um síðara álitafnið væri komist að öndverðri niðurstöðu en álitsbeiðandi hvað varðar fyrra álitafnið. Af þeim sökum fjallaði ríkisskattstjóri ekki um síðara álitafnið sem sett var fram.

## Álit 05/15

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki í slitameðferð og upplýsir að til greina komi að ljúka slitameðferð með því að gera nauðasamninga við kröfuhafa þar sem kröfuhafar gefi eftir umtalsverðan hluta af kröfum sínum sem álitsbeiðanda beri þá að færa til tekna í skattskilum sínum. Sú tekjufærsla muni að öllum líkindum nema hærrí fjárhæð en viðmiðunarfrjárhæð sérstaks fjársýsluskatts sbr. 3. másl. 3. mgr. 72. gr. tekjuskattslaga.

”

## Álitsbeiðandi er þeirrar skoðunar að hann verði ekki skyldur til að standa skil á sérstökum fjársýsluskatti þar sem hann sé ekki skattskyldur

Álitsbeiðandi er þeirrar skoðunar að hann verði ekki skyldur til að standa skil á sérstökum fjársýsluskatti þar sem hann sé ekki skattskyldur til fjársýsluskatts. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð séu ekki sérstaklega talin upp í ákvæði 2. gr. laga um fjársýsluskatt og ekki sé því nægilega skýrt að ákvæðið taki til hans. Eiginleg starfsemi hans hafi fallið niður á árinu 2009 og að starfsemin síðan þá hafi ein-skorðast við úrlausn ágreiningsefna um kröfuskrá félagsins, kröfuhafafundi og samskipti við kröfuhafa. Álitsbeiðandi stundi ekki lengur atvinnustarfsemi í skattalegu tilliti og ekki leyfisskylda starfsemi sem lánastofnun.

Álitsbeiðandi óskar eftir að ríkisskattstjóri staðfesti að honum beri ekki að standa skil á sérstökum fjársýsluskatti fari tekjuskattsstofn hans yfir kr. 1.000.000.000 á því ári sem sérstakri slitameðferð kunni að ljúka með gerð nauðasamnings.

Í bindandi álit ríkisskattstjóra kemur fram að orðalag 2. tölul. 2. gr. laga um fjársýsluskatt gefi ekki til kynna að gerð sé krafa um að fjármálafyrirtæki hafi gilt starfsleyfi svo það falli undir ákvæðið. Upptalning 2. tölul. 2. gr. afmarki þannig ekki skattskylduna með jafn þröngum hætti og álitsbeiðandi vill halda fram.

Þá kemur fram í álitinu að ljóst sé að sú starfsemi sem fram fari hjá fjármálafyrirtæki í slitameðferð sé í framhaldi af fyrri starfsemi og sé sama eðlis og áður var stunduð. Sú ráðstöfun að afhenda

fjármálafyrirtæki bráðabirgðastjórn leiði ekki í sjálfu sér til þess að fyrirtækið teljist ekki lengur fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 eða þess að þjónustan sé svo breytt að hún njóti ekki lengur undanþágu frá virðisaukaskatti skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

Ennfremur vísar ríkisskattstjóri til þess að í bindandi álit 12/13 komi fram að á meðan rekstur fjármálafyrirtækis í slitameðferð helgist af uppgjöri og slitum

félagsins í kjölfar bankahruns sé heimilt að nýta yfirfæranlegt rekstrartap á móti rekstrartekjum með þeim fyrirvara þó að ekki hafi orðið sú breyting á starfsemi fyrirtækisins að reksturinn gæti ekki lengur talist vera samhangandi uppgjörferli eða ekki um eðlilegan rekstrartilgang að ræða.

Ríkisskattstjóri vísaði ennfremur til þess að meta þyrfti hvort ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt ætti við um álitsbeiðanda enda er fjársýsluskattur lagður á þá aðila sem falla undir þá undanþágu. Í álitinu kemur fram að kröfur á álitsbeiðanda séu tilkomnar vegna eiginlegrar starfsemi hans sem fjármálafyrirtækis og umsýsla þeirra sé þannig órjúfanlegur þáttur í undanþeginni starfsemi skv. tilvitnuðu ákvæði laga um virðisaukaskatt. Ekki ráði úrslitum að starfsleyfi álitsbeiðanda hafi verið afturkallað þar sem starfsemi slitabúa felist í því að ljúka ákveðnum þáttum sem klárlega eru hluti af undanþeginni starfsemi. Starfsemi álitsbeiðanda sé þannig eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem áður var háð starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Ekki var fallist á að slík eðlisbreyting hafi orðið á eiginlegri starfsemi þannig að hún falli ekki lengur undir undanþágu-ákvæði 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

Niðurstaðan var því sú að álitsbeiðanda væri skylt að standa skil á sérstökum fjársýsluskatti enda fari stofn hans yfir þau fjárhæðarmörk sem lög kveða á um.

## Álit 12/15

Álitsbeiðendur sem voru þrjú talsins óskuðu eftir bindandi álit ríkisskattstjóra á aðgerðum sem miða að því að „vinda ofan af þeirri röngu og ólögmaðu ráðgjöf sem félaginu var veitt á árunum 2005-2006, sem átti að miða að aukinni hagræðingu ... en leiddi þvert á móti til verulegrar óhagræðingar“ eins og segir í álitsbeiðni.

Nánar tiltekið eru málavextir þeir að á árinu 2005 lögðu fjárfestar á ráðin um að kaupa allt hlutfélag í A hf. Stofnað var nýtt einkahlutafélag B ehf. sem hafði það eina markmið að kaupa allt hlutfélag í A hf. og taka til þess lán. Félagin A hf. og B ehf. voru svo sameinuð þannig að A hf. var yfirtökufélag og tók félagið við öllum réttindum og skyldum B ehf. við samrunann.

Þær skuldir sem B ehf. hafði tekið til hlutafjárkaupanna runnu þannig til A hf. við samrunann og í rekstri sínum færði A hf. vaxtakostnað af lánunum til frádráttar frá rekstrartekjum. Á árinu 2011 og 2012 kvað ríkisskattstjóri upp tvo úrskurði og felldi niður gjaldfærðan vaxtakostnað vegna umræddra lána á þeirri forsendu að umrædd gjöld gætu ekki talist til rekstrarkostnaðar í rekstri A hf.

Í álitsbeiðni kemur fram að nú sé fyrirhugað að skipta A hf. upp í tvö félög og að við það verði til nýtt einkahlutafélag sem taki við hluta af eignum og skuldum A hf. Ráðgert sé að færa yfir til hins nýja félags þau lán sem upphaflega voru tekin af B ehf. Eftir skiptinguna komi svo til greina að sameina nýja félagið og móðurfélag A hf., C ehf., þannig að C ehf. verði yfirtökufélag. Við þann samruna muni C ehf. taka við öllum réttindum og skyldum hins nýja félags þ.m.t. lánunum sem tekin voru til hlutafjárkaupanna af B ehf. Eftir samruna nýja félagsins og C ehf. yrði óskað eftir samsköttun á C ehf. og A hf.

Eftir framangreindar aðgerðir telja álitsbeiðendur ljóst að eini tilgangur C ehf. sé eignarhald á hlutabréfum í A hf. og lánin sem upphaflega voru tekin af B ehf. séu þannig rekstrarkostnaður hjá C ehf. og frádráttarbær í rekstri þess félags.

Í tengslum við framangreindar aðgerðir óskuðu álitsbeiðendur eftir því að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um:

- hvort skipting A hf. uppfylli skilyrði 52. gr. laga um tekjuskatt
- hvort samsköttun væri heimil.

Í bindandi álit ríkisskattstjóra kemur fram að ekki yrði annað séð en að ákvæði 52. gr. tekjuskattslaga væri uppfyllt við skiptingu

á A hf. enda fengi eigandi félagsins C ehf. eingöngu hlutabréf í hinu nýja félagi sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í A hf.

Hvað síðara álitaefnið varðar vísaði ríkisskattstjóri til þess að ekki væri upplýst um annað í álitsbeiðni en að skilyrði til samsköttunar væru uppfyllt og benti á að umsókn um samsköttun yrði að beina til ríkisskattstjóra eigi síðar en 30 dögum fyrir lok framtalsfrests þess tekjuárs sem samsköttunar er óskað fyrir.

Vegna beggja álitaefnanna benti ríkisskattstjóri á að samkvæmt úrskurði yfirsattaneftndar nr. 213/2015 þá taki viðtökufélag við skattalegum réttindum hins skipta félags eftir því sem við á en geti ekki öðlast frekari rétt en skipta félagið bjó að. Viðtökufélag öðlast þannig ekki rétt til að draga vaxtagjöld frá rekstrar-tekjum sínum hafi hið skipta félag ekki haft heimild til að draga vaxtagjöldin frá sínum tekjum.

”

Álitsbeiðendur sem voru tveir talsins, A hf. og móðurfélag A hf. C slhf., óskuðu eftir bindandi álitum ríkisskattstjóra á aðgerðum sem miða að því að „vinda ofan af þeirri röngu og ólögmætu ráðgjöf ... sem félaginu var veitt á árunum 2005-2006, sem átti að miða að aukinni hagræðingu ... en leiddi þvert á móti til verulegrar óhagræðingar“ eins og segir í álitsbeiðni

### Álit 13/15

Álitsbeiðendur sem voru tveir talsins, A hf. og móðurfélag A hf. C slhf., óskuðu eftir bindandi álitum ríkisskattstjóra á aðgerðum sem miða að því að „vinda ofan af þeirri röngu og ólögmætu ráðgjöf ... sem félaginu var veitt á árunum 2005-2006, sem átti að miða að aukinni hagræðingu ... en leiddi þvert á móti til verulegrar óhagræðingar“ eins og segir í álitsbeiðni.

Nánar tiltekið eru málavextir þeir að á árinu 2004 lögðu fjárfestar á ráðin um að kaupa allt hlutafé í A hf. Stofnað var nýtt einkahlutafélag B ehf. sem hafði það

eina markmið að kaupa allt hlutafé í A hf. og taka til þess lán. Félögin A hf. og B ehf. voru svo sameinuð þannig að A hf. var yfirtökufélag og tók félagið við öllum réttindum og skyldum B ehf. við samrunann.

Þær skuldir sem B ehf. hafði tekið til hlutafjárkaupanna runnu þannig til A hf. við samrunann og í rekstri sínum færði A hf. vaxtakostnað af lánunum til frádráttar frá rekstrartekjum. Á árinu 2013 kvæð ríkisskattstjóri upp tvo úrskurði og felldi niður gjaldfærðan vaxtakostnað vegna umræddra lána á þeirri forsendu að umrædd gjöld gætu ekki talist til rekstrarkostnaðar í rekstri A hf.

Í álitsbeiðni kemur fram að nú sé fyrirhugað að skipta A hf. upp í tvö félög og við það verði til nýtt hlutafélag eða einkahlutafélag sem taki við hluta af eignum og skuldum A hf. Ráðgert sé að færa yfir til hins nýja félags þau lán

hjá C slhf. og frádráttarbær í rekstri þess félags.

Í tengslum við framangreindar aðgerðir óskuðu álitsbeiðendur eftir því að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um:

- hvort skipting A hf. uppfylli skilyrði 52. gr. laga um tekjuskatt
- hvort samruni C slhf. og nýja félagsins hafi áhrif á það hvort skilyrði 52. gr. tekjuskattslaga séu uppfyllt
- hvort fjármagnskostnaður af lánunum sem upphaflega voru tekin af B ehf. til fjármögnunar á kaupum í hlutabréfum í A hf. væri tengdur atvinnustarfsemi C slhf. og þannig frádráttarbær í rekstri síðastnefnda félagsins.


Í bindandi álitum ríkisskattstjóra kemur fram að ekki yrði annað séð en að ákvæði 52. gr. tekjuskattslaga væri uppfyllt við skiptingu á A hf. enda fengi eigandi félagsins C slhf. eingöngu hlutabréf í hinu nýja félagi sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í A hf.

Hvað varðar samruna C slhf. og hins nýja félags benti ríkisskattstjóri á að C slhf. væri samkvæmt samþykktum félagsins ekki sjálfstæður skattaðili og af þeim sökum gæti samruni þess félags og hins nýja félags sem stofnað yrði til við skiptingu á A hf. ekki verið samruni í skilningi tekjuskattslaga.

Vegna beggja álitaefnanna benti ríkisskattstjóri á að samkvæmt úrskurði yfirsattaneftndar nr. 213/2015 þá tekur viðtökufélag við skattalegum réttindum hins skipta félags eftir því sem við á en geti ekki öðlast frekari rétt en skipta félagið bjó að. Viðtökufélag öðlast þannig ekki rétt til að draga vaxtagjöld frá rekstrar-tekjum sínum hafi hið skipta félag ekki haft heimild til að draga vaxtagjöldin frá sínum tekjum.

Ríkisskattstjóri vísaði til framangreinds álits um að samruni C slhf. og hins nýja félags væri ekki samruni í skattalegu tilliti og því gætu umræddar skuldir ekki færst yfir til C slhf. á forsendum skattalegs samruna. Að auki vísaði ríkisskattstjóri til úrskurðar yfirsattaneftndar nr. 213/2015 þar sem fram kemur að viðtökufélag taki við skattalegum réttindum hins skipta félags eftir því sem við á en geti ekki öðlast frekari rétt en skipta félagið bjó að. Viðtökufélag öðlast þannig ekki rétt til að draga vaxtagjöld frá rekstrar-tekjum sínum hafi hið skipta félag ekki haft heimild til að draga vaxtagjöldin frá sínum tekjum.

Bjarni Benediktsson  
og Robert C. Barber  
undirrituðu samninginn.



## Undirritun FATCA samnings við Bandaríkin

Ísland og Bandaríkin undirrituðu 26. maí sl. samning um regluleg upplýsingaskipti vegna fjármálastofnana í samræmi við svonefnd FATCA lög, sem samþykkt voru í Bandaríkjunum árið 2010.

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Robert C. Barber sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi undirrituðu samninginn.

FATCA er stytting á enska heitinu Foreign Accounts Tax Compliance Act og varðar bandarísk lög um upplýsingaskyldu erlendra fjármálastofnana vegna reikninga í eigu bandarískra aðila.

Samkvæmt lögnum ber öllum erlendum fjármálastofnunum að senda árlega upplýsingar um tekjur og eignir bandarískra skattgreiðenda beint til bandarískra skattfirvalda. Fallist þau ekki á að senda slíkar upplýsingar eiga þau á hættu að lagður verði 30% afdráttarskattur á tilteknar greiðslur til þeirra sem upprunnar eru í Bandaríkjunum.

Í samningnum felst að upplýsingaskiptin fari fram á milli skattfirvalda í Bandaríkjunum og á Íslandi

og að bæði ríkin senda nauðsynlegar upplýsingar um skattgreiðendur, bæði einstaklinga og fyrirtæki. „Það er ánægjulegt að samningurinn sé í höfn, en tilkoma hans léttir byrði af fjármálastofnunum með því að samskipti vegna þessara mála fari í gegnum skattfirvöld. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að auka regluleg upplýsingaskipti í skattamálum á alþjóðavísu og þessi samningur er skref í þá átt,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra við undirritun samningsins.

„Bandaríkin fagna skuldbindingu Íslands um að efla tvíhliða samstarf okkar til að bæta alþjóðleg skattaskil. Undirritunin í dag markar mikilvægt skref fram á við í sameiginlegu átaki í baráttunni gegn skattaskjólum sem gagnast báðum löndum. FATCA (e. Foreign Accounts Tax Compliance Act) er eitt dæmi um þau djúpu og traustu bönd sem tengja á jákvæðan hátt hagkerfi Íslands og Bandaríkjanna,“ sagði Robert Barber sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

*Af vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 26.5.2015*



Birgitta Arngrímsdóttir

Virðisaukaskattssvið

## Að námi loknu

Þegar þetta er skrifað hef ég nýlokið við að verja meistararitgerð mína við lagadeild Háskóla Íslands og kom það engum á óvart að ritgerðarefnið sem ég valdi fellur undir svið skattaréttar. Á lokaspretti skrifanna spurði góð vinkona mín hvort þetta réttarsvið hefði orðið fyrir valinu ef ekki hefði verið fyrir vinnu mína hjá ríkisskattstjóra. Það er erfitt að svara spurningunni með fullri vissu en í fljótu bragði hugsa ég að svarið sé líklega nei. Í kjölfarið fór ég að velta fyrir mér hvað varð til þess að ég valdi þetta svið.

Ég man mjög vel eftir fyrstu samskiptum mínum við embætti ríkisskattstjóra. Það var um mitt sumar árið 2005 þegar ég fékk launaseðil júlímánaðar í hendurnar og sá mér til mikillar skelfingar að í fyrsta sinn á ævinni þurfti ég að borga skatt af laununum mínum því persónuafslátturinn var á þrotum. Mér fannst þetta auðvitað algjört óréttlæti og eftir að hafa þrætt mig í gegnum heimasíðu RSK komst ég að þeirri niðurstöðu að ég skyldi óska eftir samsköttun með móður minni sem var þá í námi og því ekki að nýta sinn persónuafslátt. Ég hafði nú reyndar rekið augun í þau skilyrði sem giltu en hugsaði mér að það hlyti að vera hægt að gera undanþágu, ég var nú bara sautján ára. Þegar ég hringdi í embættið til þess að ganga frá málinu svaraði mér vingjarnleg kona. Hún svaraði spurningum mínum af mikilli yfirvegum og þótt hún hafi ekki gefið mér þau svör sem ég vildi heyra skildum við sáttar og ég örlítið fróðari um skattskyldu og tilgang skattheimtu.

Það var svo nokkrum árum síðar þegar ég var að ljúka stúdentsprófi að ég þurfti að finna mér vinnu á meðan ég hugsaði málið um framhaldið, lét mig dreyma um heimsreiðu og hryllti við tilhugsuninni um frekara nám. Fljótlega rak ég augun í auglýsingu frá ríkisskattstjóra sem var þá að setja á laggirnar þjónustuver. Starfið sjálft og vinnutíminn hentaði mjög vel en ég var nokkuð efins um starfssviðið. Hvað vissi ég svo sem um skatt? Annað en að óheimilt er að samskatta sig með móður sinni, það var jú brennt í minni mitt. Eftir smá umhugsun sótti ég um starfið og fór svo að ég var ráðin. 19 ára gömul hóf ég störf í þjónustuverinu og vissi satt best að segja ekki alveg við hverju ég mátti búast. Ég hafði heyrt þessar klassísku sögur af hinum úrilla ríkisstarfsmanni sem gerir alls ekki meira en ætlast er til af honum og hefur ekki vott af þjónustulund í sér. Hugsanlega var vingjarnlega konan sem ég hafði talað við nokkrum árum áður bara undantekning frá þessu. Það kom mér því ánægjulega á óvart þegar ég hóf störf hjá embættinu að á móti mér tók einvalalið, brosmilt og boðið og búið til að hjálpa okkur nýliðunum í þjónustuverinu að ná fótfestu í nýju starfi. Það skipti ekki máli hversu litlar eða stórar spurningarnar voru, þeim var svarað og mín upplifun var sú að starfsmenn hefðu ánægju af því að miðla þekkingu sinni og reynslu. Mikill metnaður var lagður í starfsþjálfun okkar á hinum ýmsu sviðum embættisins og sátum við fjölda námskeiða, bæði innanhúss og utan. Leiddi þetta til þess að við



Samstarfskonurnar Birgitta Arngrímsdóttir og Tina Paic við kynningu á möguleikum sjálfsþjónustu hjá RSK.

nýliðarnir, sem hófum störf sem óskrifað blað á þessu sviði, gátum á mjög skömmum tíma svarað fyrir og veitt grunnupplýsingar um flesta þætti skattframtækna.

Tími minn hjá þjónustuveri ríkisskattstjóra var, líkt og framangreint gefur til kynna, afar lærdómsríkur og ánægjulegur. Ég stoppaði þó stutt við enda er það víst svo með fólk sem á eftir að mennta sig að á einhverjum tímamarki heldur það áfram leið sinni. Eftir veru mína í þjónustuverinu, þá nýútskrifuð úr menntaskóla og óviss um framtíðina, gekk ég út með nokkuð fastmótaða mynd af því hvaða menntun ég vildi sækja mér. Í starfi mínu hjá þjónustuverinu hafði kviknað áhugi á stjórn-sýslurétti og skattframtækna og setti ég því stefnuna á lagadeild Háskóla Íslands með það fyrir augum að sérhæfa mig á sviði skattaréttar.

Eftir þrjú afar krefjandi og skemmtileg ár við lagadeildina lauk ég bachelorgráðu og sneri aftur til starfa hjá ríkisskattstjóra, í þetta skiptið án nokkurra efasemda, og hef verið hér samfleytt í tvö ár meðfram meistaranáminu. Það hefur verið gaman að upplifa samspil starfsins hjá embættinu og laganámsins. Starfið og reynslan frá ríkisskattstjóra hefur nýst mér gífurlega í náminu og námið sömuleiðis í starfinu, eins og gefur að skilja. Þegar það kom svo að því að velja efnið fyrir hina umræddu meistaranámsgerð leitaði ég fanga innan

vinnustaðarins og mætti mér aftur þetta sérstaka viðmót sem ég upplifði þegar ég hóf störf í þjónustuverinu á sínum tíma. Einlægur áhugi, hjálpssemi og velvilji þeirra samstarfsmanna sem ég leitaði til og nú ekki í beinum tengslum við vinnuna heldur nám mitt. Hefur þetta verið gulls ígildi og gerði rannsóknarvinnuna og skrifin bæði betri og ánægjulegri. Ég vil því nýta tækifærið hér til þess að færa þeim sérstakar þakkir. Þakkar fyrir að vekja áhuga minn, dýpka skilning og hvetja mig áfram.

Nú þegar meistaranáminu er lokið og maður fylgist með samnemendum sínum hverfa til hinna ýmsu starfa tengdum náminu hlýtur maður að spyrja sig hvort maður hafi náð settum markmiðum og sé á þeim stað sem maður stefndi að við upphaf náms. Fyrir mitt leyti get ég sagt að ég er ánægð með val mitt enda hefur áhugi minn á réttarsviðinu bara farið stigvaxandi. Ekki skemmir það heldur fyrir að vinnustaðurinn sjálfur er frábær, enda hampaði hann titlinum Stofnun ársins 2015, sem endurspeglar meðal annars ánægju og stolt starfsmanna, starfsanda og ímynd vinnustaðarins. Þá eru mér líka minnisstæð orð eins samstarfsfélaga míns á mínum fyrsta vinnudegi eftir að ég lauk bachelor-náminu. Hann hafði orð á því að það væri ansi klókt að sérhæfa sig á þessu réttarsviði enda væri einungis tvennt öruggt í þessu lífi, það er skatturinn og dauðinn. ■

# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2015

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 309.140 kr. .... 37,30%
- Af næstu 527.264 kr. .... 39,74%
- Af fjárhæð umfram 836.404 kr. .... 46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.902 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 71.145\* kr. .... 37,30%
- Af næstu 121.342 kr. .... 39,74%
- Af launum umfram 192.487\*\* kr. .... 46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $3.709.680/365 \times 7 = 71.145$  \*\*  $10.036.847/365 \times 7 = 192.487$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2015 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2015 ..... 1.637.601 kr.

## Persónuafsláttur 2015

- Einn mánuður..... 50.902 kr.
- Hálfur mánuður ..... 25.451 kr.
- 14 dagar..... 23.429 kr.
- Ein vika ..... 11.714 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,49%
- Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Frádráttur vegna almenns aksturs

- 1.000 km, pr. km: ..... 116 kr.
- 1.001 - 2.000 km: ..... 114 kr.
- 2.001 - 3.000 km: ..... 112 kr.
- 3.001 - 4.000 km: ..... 98 kr.
- 4.001 - 5.000 km: ..... 96 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 24%
- Sérstakt skattþrep ..... 11%

## Barnabætur 2015

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 194.081 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 231.019 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 115.825 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 323.253 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 331.593 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 115.825 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

## Vaxtabætur 2015

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánnum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2015

Gildir frá 1. 6. 2015

- Gisting og fæði í einn sólarhring ..... 33.100 kr.
- Gisting í einn sólarhring ..... 22.200 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 10.900 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.450 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54